


**JÓLALEGT HÚS**

*Jólahús á Selfossi í anda Mississippi*

Hús Fasteignir

Í MIÐJU BLAÐSINS

**KRISTÍN RÓS HÁKONARDÓTTIR**

*Leitar að nýju áhugamáli*

Leggur sundbolinn á hilluna

TÍMAMÓT 30








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. desember 2006 — 339. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000



## MÁNUDAGUR

### Svartir blettir í sögunni



Páll Baldvin Baldvinsson gagnrýnir bók Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings, Óvinir ríkisins.

MENNING 37

### Dagur ávísun á gæði



Dagur Kári Pétursson fékk 37 milljóna króna styrk frá Evrópuráðinu til að gera mynd sína The Good Heart með Tom Waits í aðalhlutverki. Nafn Dags þykir gæðastimpill.

FÓLK 50

### Sameinuð stjórnarandstaða

„Lykilráðherra fjármála laskaðist illa þegar hann var hrakinn úr jarlsdæmi sínu í Hafnarfirði og náði varla táfestu í nýju kjördæmi," segir Össur Skarphéðinsson.

Í DAG 26

### West Ham vann United



Alan Curbishley fékk óskabyrjun hjá West Ham er hann stýrði sínum mönnum til sigurs gegn toppliði Manchester United.

ÍÞRÓTTIR 47

## VEÐRIÐ Í DAG




**HLÝINDI TAKA LAND** - Í dag verður vaxandi sunnanátt á vesturhluta landsins, allhvöss allra vestast annars hægari. Rigning sunnan til og vestan en úrkomulítið lengst af á Norður- og Austurlandi. Hlánar um meginhluta landsins í dag.

VEÐUR 4




# Milljónir safngripa geymdar við óviðunandi skilyrði

**Tvær og hálf milljón safngripa Náttúrufræðistofnunar er geymd við óviðunandi skilyrði. Hætta á stórslysi er mikil. Umhverfisráðherra segir málefni stofnunarinnar þjóðinni til vansa.**

**SAFNAMÁL** Tvær og hálf milljón safngripa, sem teljast til vísindasafna Náttúrufræðistofnunar Íslands, eru geymdar undir óhentugum skilyrðum. Geymslurnar eru misstórar og eru tvær í Reykjavík, tvær á Akureyri auk þess sem í Sandgerði er geymt töluvert magn gripa. Engin af þessum fimm geymslum hentar til geymslu viðkvæmra náttúrugripa og hita- og rakaskynjarar eru ekki í neinni þeirra. Þrjú alvarleg tilvik hafa komið upp í geymslum og sýningarrými NÍ á stuttum tíma.

Jón Gunnar Ottósson, forstjóri NÍ, segir að ekkert af því húsnæði sem NÍ hefur yfir að ráða sé fullnægjandi. „Sumt af því er þannig úr garði gert að það er varla forsvaranlegt að geyma þar viðkvæma safngripi."

Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra hefur rætt við forstjóra NÍ um málefni stofnunarinnar og Náttúrugripasafns Íslands og frekari fundir þeirra á milli eru á dagskrá í dag. „Ég hef bent á að húsnæðismál stofnunarinnar og Náttúrugripasafnsins eru ófullnægjandi og okkur öllum til vansa. Markmiðið er að koma safninu og starfseminni í glæsilegt framtíðarhúsnæði og safnmunum í örugga geymslu. Þetta er afar brýnt mál og ég mun ganga í það af fullum slagkrafti að koma þessu máli áfram. Ég hef mikinn metnað til að leggja þessu máli lið og ljúka þessari sögu á farsælan hátt og ég er að skoða ýmsa möguleika í því sambandi." Jónína segir það alvarlegt mál að með því að gera þessu máli ekki hærra undir höfði með fjármagni og framkvæmdum, hafi nám og vísindastörf sem tengjast náttúruvísindum beðið hnekki.

Álfheiður Ingadóttir, varaþingmaður vinstri grænna og útgáfustjóri NÍ, sagði í umræðum á Alþingi í nóvember síðastliðnum, um nýtt lagafrumvarp um Náttúruminjasafn Íslands, að tvær til tvær og hálf milljón safngripa, sem teljast til vísindasafna NÍ, séu í geymslu „tvist og bast um bæinn og enginn safngripur við eðlileg og rétt geymsluskilyrði". Álfheiður gagnrýndi það einnig að engar áætlanir, hugmyndir eða fjármagn fylgja hinu nýja lagafrumvarpi.

Sveitarfélagið Borgarbyggð hefur boðið NÍ allt að 100 milljóna króna stuðning til að hjálpa til við að leysa húsnæðisvanda stofnunarinnar og Náttúrugripasafnsins. Skilyrði fylgir að stofnunin verði flutt að Hvanneyri.

- shá



**AÐVENTUSTEMNING** Fjölmargir lögðu leið sína niður á Laugaveg í gærkvöldi í fallegu og kyrru vetrarveðri. Mikil hátíðarstemning ríkti á meðal vegfarenda sem nutu þess að kíkja í búðarglugga og kaupa gjafir og annað sem bíta skal og brenna yfir hátíðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Kínverskt sjúkrahús:

## Kynskiptaaðgerð kærð

**KÍNA, AP** Kínversk hjón hafa kært sjúkrahús í Suður-Kína fyrir að hafa gert kynskiptaaðgerð á eina syni þeirra, því þar með varð úti um vonir þeirra um að eignast afkomendur í beinan karllegg. Fara hjónin fram á skaðabætur og að læknar sjúkrahússins geri uppkomið barn þeirra aftur að karlmanni.

Samkvæmt frétt í Yancheng-dagblaðinu munu foreldrarnir og sonurinn hafa misst allt samband sín í millum þar til foreldrarnir sáu dóttur sína í sjónvarpsþætti í september. Í kjölfarið gerðu foreldrarnir og ættingjar uppsteit á sjúkrahúsinu og tóku yfir eina deildina í ellefu daga.

- smk




Landspítalinn, háskólar og rannsóknastofnanir án sambands við umheiminn:

# Fjarskiptasamband rofnaði

**FJARSKIPTI** Öll fjarskiptaumferð um Cantat-3 sæstrenginn rofnaði á laugardagskvöldið og lá enn niðri þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Landspítalinn, allir háskólar landsins nema Hólaskóli, og fjöldi rannsóknastofnana varð sambandslaus, en mörg fyrirtæki og stofnanir hafa einungis notað Cantat-3 fyrir netumferð sína. Unnið var að viðgerð en þar sem bilunin er á 3.000 metra dýpi á milli Íslands og Kanada er talið að tvær til þrjár vikur taki að gera við sæstrenginn þó að samband komist á til bráðabirgða. Á meðan sæstrengurinn er bilaður hefur landið aðeins eina nettengingu í gegnum Farice-1 strenginn.

Jón Ingi Einarsson, framkvæmdastjóri RHnets, Rannsókna- og háskólanets Íslands, segir að neyðarástand geti myndast í landinu. „Það eru aðeins tvær tengingar til landsins og mönnum getur ekki liðið vel með það að öll netumferð til landsins geti rofnað við þessar aðstæður. Það er algjört lágmark að hafa þrjár aðskildar tengileiðir til landsins."

Guðmundur Kr. Unnsteinsson, framkvæmdastjóri Hringiðunnar og formaður INTER á Íslandi, segir að fjöldi minni netnotenda muni lenda í miklum vandræðum ef bráðabirgðaviðgerð tekst ekki, því minni netþjónustufyrirtæki séu ekki tengd Farice-1 eins og Síminn, Vodafone og Hive.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur bilunin ekki áhrif á flugumferðarstjórn eða starfsemi Kauphallar Íslands. - shá



**KOMINN Á LAND** Farice-1 sæstrengurinn tekinn í land árið 2004 í Skotlandi.

## SPURNING DAGSINS



*Geir Jón, var Askasleikir nokkuð handtekinn í fyrrinótt?*

Nei, ég held að aldrei þessu vant hafi hann sloppið í þetta sinnið.

Geir Jón Þórisson er yfirlögregluþjónn í lögreglunni í Reykjavík. Fangageymslur lögreglunnar voru fullar í gærmorgun eftir erilsama nótt í miðbæ Reykjavíkur. Mikil ölvun var í miðbænum og margir voru augsýnilega ekki enn komnir í jólaskapið þrátt fyrir að vika sé til jóla og Askasleikir hafi komið til byggða í gær.

Enn harðna innbyrðis átök ólíkra fylkinga Palestínumanna:

# Skotárás gerð á utanríkisráðherrann

**GAZA, AP** Skotárás var í gær gerð á bílalest utanríkisráðherra palestínsku heimastjórnarinnar í Gazaborg, en hann er liðsmaður Hamassamtakanna herskáu. Árásin er merki um sívaxandi erjur milli ólíkra fylkinga Palestínumanna í kjölfar þess að Mahmoud Abbas, forseti Palestínumanna, boðaði þing- og forsetakosningar til að binda enda á skammæja valdatíð Hamas, en samtökin unnu hreinan meirihluta á palestínska löggjafarþinginu fyrir níu mánuðum.

Nítján ára gömul kona og palestínskur lögreglumaður létu lífið í ólöldinni í Gaza-borg. Minnst þrettán manns hlutu skotsár. Táknræn árás var gerð á mannlausan embættisbústað Abbas forseta í borginni. Einnig var sprengjum varpað að skrifstofum embættisins þar hjá.



**VOPNASKAK** Stuðningsmenn Al-Aqsa-píslarvottanna, herskás arms Fatah-hreyfingarinnar, skekja vopn sín á æsingafundi í Jenin á Vesturbakkanum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hamas-maðurinn Ismail Haniyeh, forsætisráðherra heimastjórnarinnar, lýsti því yfir að Hamas-samtökin myndu sniðganga hinar boðuðu kosningar og sakaði Abbas um að hella vísvitandi olíu á eld innbyrðis átaka Palestínumanna.

Utanríkisráðherrann, Mahmoud Zahar, slapp ómeiddur frá skotárásinni. En Hamas-liðar sökuðu herskáa fylgismenn Fatah-hreyfingar Abbas um að hafa staðið að henni. Fyrr um daginn gerðu tugir grímuklæddra manna með alvæpni árás á þjálfunarbúðir Forsetavarðar Abbas í grennd við embættisbústað hans. Að minnsta kosti einn meðlimur hins sérþjálfaða gæsluliðs forsetans féll í árásinni. - aa

# Borgaryfirvöld hætta með yfirborganir

**Yfirborganir hjá Reykjavíkurborg falla niður frá 1. mars á næsta ári. Varaformaður Félags leikskólakennara segir yfirborganir hafa verið notaðar til að rétta hlut starfsmanna borgarinnar gagnvart öðrum sveitarfélögum.**

**LAUNAMÁL** Þeir starfsmenn Reykjavíkurborgar sem fengið hafa yfirborganir hafa fengið bréf þess efnis að þær verði felldar niður frá og með 1. mars 2007 og í stað þeirra verði teknir upp fastlaunasamningar.

Þröstur Brynjarsson varaformaður Félags leikskólakennara segir að yfirborganirnar hafi í og með verið notaðar til að rétta hlut starfsmanna Reykjavíkurborgar gangvart starfsmönnum annarra sveitarfélaga. Sem dæmi um launamun nefnir Þröstur mun á launum sérkennsluráðgjafa sem starfar á skólaskrifstofu í sveitarfélagi utan Reykjavíkurborgar annars vegar og hjá borginni hins vegar. „Utan Reykjavíkur er sérkennsluráðgjafi með 3 ára háskólanám, eitt ár í framhaldsnám og níu ára starfsreynslu með 405.429 krónur í mánaðarlaun. Starfsmaður með sömu menntun og reynslu fær hins vegar 324.000 krónur í mánaðarlaun hjá Reykjavíkurborg."

Til að rétta hlut þessa starfsmanns Reykjavíkurborgar þarf að hækka laun hans um rúmar 80 þúsund krónur á mánuði.



**GARÐAR HILMARSSON**

Garðar Hilmarsson, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, segist hafa fengið um tíu formlegar fyrirspurnir frá launþegum vegna breytinganna á kerfinu og að fólk sé óöruggt vegna þeirra. „Fólk veit að það missir yfirborganir sínar en það veit ekki hvað það fær í staðinn því ekki er komið í ljós hvernig fyrirhugaðir fastlaunasamingar koma til með að líta út." Garðar segir reynsluna af fastlaunasamningum í þjóðfélaginu vera þá að fólk sé að vinna meira en samningurinn geri ráð fyrir og séu þá í raun að vinna undir kjarasamningi.



**BIRGIR BJÖRN SIGURJÓNSSON** „Nýtt launakerfi felur í sér aukið launaréttlæti og gagnsæi og í kjölfar þess eiga skúffugreiðslur ekki lengur rétt á sér."

Birgir Björn Sigurjónsson, skrifstofustjóri starfmannaskrifstofu Reykjavíkurborgar, segir það hafa verið stefnu borgarinnar um langan tíma að hætta með ómálefnalegar yfirborganir til starfsmanna hjá borginni.

Birgir Björn segir að nýtt launakerfi Reykjavíkurborgar byggi á starfsmati þar sem öll störf séu metin með sama hætti og laun greidd í samræmi við það. „Nýtt launakerfi felur í sér aukið launaréttlæti og gagnsæi og í kjölfar þess eiga skúffugreiðslur ekki lengur rétt á sér."

Birgir Björn segir að reikna megi með að einhverjir missi spón úr aski sínum vegna breytinganna en kerfið gerir ráð fyrir að greidd verði sömu laun fyrir jafn verðmæt störf. hugrun@frettabladid.is



**LE PEN** Hefur stuðning fjórða hvers Frakka í stefnunni gegn innflytjendum. NORDICPHOTOS/AFP

Könnun í Frakklandi:

## Fjórðungur kjósenda samsinnir Le Pen

**FRAKKLAND, AP** Um fjórðungur franskra kjósenda segist í grundvallaratriðum vera sammála stefnu Jean-Marie Le Pens, yfirlýsingaglaða þjóðernissinnans yst á jaðri franskra stjórnmála. Þetta kemur fram í niðurstöðum viðhorfskönnunar TNS-Sofres, fimm mánuðum áður en Frakkar ganga að kjörborðinu í forsetakosningum.

Samkvæmt könnuninni, sem birt var í dagblaðinu Le Monde, eru 26 prósent Frakka sammála Le Pen. Sjötíu prósent sögðust ósammála honum.

Le Pen hefur heitið því að taka tafarlaust upp „núll aðflutnings"-stefnu, næði hann kjöri til forseta. Hann fékk næstflest atkvæði í fyrri umferð síðustu forsetakosninga árið 2002, 17 prósent. - aa



**GEIMGANGA** Geimfararnir Robert Curbeam og Christer Fuglesang sjást hér að störfum við alþjóðlegu geimstöðina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP/NASA

Geimferjan Discovery:

## Viðgerðir seinka lendingu

**HOUSTON, AP** Ákveðið hefur verið að lengja dvöl geimferjunnar Discovery í geimnum fram á föstudag til að gjörnýta ferðina til viðgerða á alþjóðlegu geimstöðinni, sem er í smíðum. NASA ákvað að senda sinn reyndasta geimfara, Robert Curbeam, í fjórðu geimgöngu leiðangursins til að gera við bilaðan sólarorkubúnað stöðvarinnar.

Geimstöðina á að opna samkvæmt áætlun árið 2010, en verkefnið er nú þegar á eftir áætlun og þess vegna gripið til þeirra ráða að senda Curbeam í eina geimgönguna enn, ásamt sænska geimfaranum Christer Fuglesang. - rh/aa

**KÓREA**

### Til viðræðna á ný

Kommúnistastjórnin í Norður-Kóreu hyggst í dag senda fulltrúa til að taka þátt í fjölþjóðlegum miðlunarviðræðum um kjarnorkuáætlun hennar, tveimur mánuðum eftir að hún sprengdi fyrstu tilraunakjarnorkusprengju sína og ári eftir að hún hóf að sniðganga miðlunarviðræðurnar.

**ÍTALÍA**

### Berlusconi undir hnífinn

Umberto Bossi, leiðtogi hægriflokksins Norðurbandalagsins á Ítalíu, greindi frá því í gær að Silvio Berlusconi, fyrrverandi forsætisráðherra, hafi ákveðið að gangast undir skurðaðgerð í Bandaríkjunum. Samkvæmt óstaðfestum heimildum verður gangráður græddur í hann.


BÍLL DAGSINS
SUBARU LEGACY LUX
Nýskr. 07.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 25 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Kompás fjallar um kynlífsathafnir Guðmundar í Byrginu með skjólstæðingum:

# Segir Guð lækna í gegnum sig

**SAMFÉLAGSMÁL** Guðmundur Jónsson, forstöðumaður meðferðarheimilisins Byrgið, hefur ítrekað tælt skjólstæðinga sína til kynlífsathafna. Um þetta var fjallað í fréttaskýringaþættinum Kompási í gærkvöldi. Einnig var sagt frá málinu í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi. Kompás hefur undir höndum gögn sem sanna að Guðmundur tók ítrekað þátt í kynlífsathöfnum með ungum konum, skjólstæðingum sínum í meðferðarstarfinu.

Byrgið hefur um árabil rekið meðferðarheimili fyrir langt leidda fíkla og alkóhólista en starfið er allt unnið á kristilegum grunni. Í þættinum í gærkvöldi vitnuðu konur um hvernig hann tældi þær til kynlífsathafna. Þar er um svokallað BDSM kynlíf að ræða þar sem valdbeiting og drottnun er grunnþema. Viðmælandi Kompáss segir Guðmund halda því fram að guð lækni í gegnum hann. Hann geti fyrirgefið syndir fyrir hönd guðs og að sæði hans lækni. Þrátt fyrir að Kompás hafi vitnisburð fjögurra kvenna um eigin reynslu og annarra á þessu sviði þvertekur Guðmundur fyrir að þessar ásakanir séu sannar. Gögn Kompáss sýna þó að Guðmundur hefur meðal annars sent konum myndir af getnaðarlim sínum.

Kompás hefur einnig rannsakað fjármál Byrgisins. Í skýrslu sem varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins lét gera árið 2001, og Kompás hefur undir höndum, kemur fram að fjármálastjórn Byrgisins sé í molum.

Ekki náðist í Guðmund Jónsson í gærkvöldi. - shá



**GUÐMUNDUR JÓNSSON** Kompás hefur sannanir fyrir því að Guðmundur tæli skjólstæðinga til kynlífsathafna. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

# Jólagleði



## L'ORÉAL – REVITALIFT
Revitalift krem sem gefa frábæra næringu, draga úr fínum línum og hrukkum, hafa styrkjandi áhrif á húðina. Henta mjög vel fyrir 40-50 ára.

**20% afsláttur**



**frá 1.269 kr.**

## NAOMI CAMPELL – WINTER KISS
Jólalínan í ár.



**4.969 kr.**

## CLARINS – GJAFAKASSI
Clarins Body Care líkamssnyrtivörur sem hreinsa og mýkja yfirborð húðarinnar.



**frá 909 kr.**

## HAWAIIAN TROPIC
Flott um jólin. Coconut self tan spray. Lúxus kókoskrem. Body shimmer moisturiser.



**3.290 kr.**

## JURTAPÚÐI
100% náttúruleg ilmjurtameðferð. Púði til að hita eða kæla. Inniheldur hörfræ og 12 ilmjurtategundir.



## GOSH – SNYRTIVÖRUR
Alltaf fyrstir með nýju litina, mikið litaúrval. Ef verslað er fyrir 2000 kr. eða meira fylgir snyrtibudda með í kaupbæti.*

* á meðan birgðir endast.



**Tilboð!**

microlife

## MICROLIFE – FÓTAVERMIR
Fyrir kalda fætur. Tilvalið fyrir framan sjónvarpið og í sumarbústaðinn.

**3.990 kr.**

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 35133 11/06



**1.590 kr.**

## HUGUR, LÍKAMI OG SÁL!
Hugleiðslu-, jóga-, reiki- og spatónlist í miklu úrvali.

Einnig úrval geisladiska frá SENU.

## GJAFAPOKI FYLGIR GJAFAVÖRUM
Komdu til okkar og skoðaðu frábært úrval af gjafasettum handa henni eða honum.



Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

## GENGIÐ 15.12.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,62 | 68,94 |
| Sterlingspund | 134,31 | 134,97 |
| Evra | 89,93 | 90,43 |
| Dönsk króna | 12,062 | 12,132 |
| Norsk króna | 11,002 | 11,066 |
| Sænsk króna | 9,927 | 9,985 |
| Japanskt jen | 0,5803 | 0,5837 |
| SDR | 103,00 | 103,62 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
123,4369

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íslenskur karlmaður sem lét ófriðlega í flugvél skilinn eftir í Halifax í Kanada:

# Flugdólgur barði konu sína

**SAMGÖNGUR** Karlmaður á miðjum aldri, sem látið hafði dólgslega í flugvél sem var á leiðinni til Íslands frá Kúbu á vegum ferðaskrifstofunnar Heimsferða, var skilinn eftir í Halifax í Kanada ásamt eiginkonu sinni aðfaranótt sunnudagsins. Flugvélin, sem er í eigu flugfélagsins JetX sem flýgur fyrir Heimsferðir, millilenti í Halifax til að taka eldsneyti og skipta um áhöfn.

Hjónin voru vel birg af áfengi sem þau höfðu tekið með sér inn í vélina og voru mjög drukkin. Þegar vel var liðið á flugið byrjaði maðurinn að áreita flugfreyjur og aðra farþega vélarinnar. Að sögn Tómasar Björnssonar, framkvæmdastjóra Heimsferða, höfðu farþegar sem sátu í námunda við manninn fengið sig fullsadda af hegðun mannsins og vildu fá að skipta um sæti til að forðast hann. Þegar stutt var eftir af fluginu til Halifax reyndi eiginkona mannsins að róa hann niður og tók hann þá upp á því að berja hana.

Í Halifax ákvað flugstjóri vélarinnar að skilja hann þar eftir því ekki væri forsvaranlegt að hafa manninn áfram um borð í vélinni. Flugvélin hélt áfram ferð sinni án hjónanna og lenti á Keflavíkurflugvelli í gærmorgun.

Eftir hádegi í gær voru hjónin ennþá í Halifax en verið var að vinna í því að koma þeim í flugvél áleiðis til Íslands, að sögn Tómasar. **- ifv**



**VÉL Í EIGU JETX** Flugfélagið JetX flýgur fyrir Heimsferðir til Kúbu.

Guantanamo-fangabúðirnar:

## Átján fangar sendir heim

**BANDARÍKIN, AP Bandaríkjaher sendi átján fanga úr Guantanamobúðunum á Kúbu um helgina til heimalanda sinna, að því er talsmaður varnarmálaráðuneytisins í Washington greindi frá í gær.**

**Flogið var með fangana til Afganistans, Jemens, Kasakstans, Líbýu og Bangladess. Allir voru seldir í hendur viðkomandi landsyfirvalda, nema fanginn frá Jemen sem var látinn laus.**

**Um 380 manns hafa verið í haldi í Guantanamo árum saman án ákæru, sakaðir af bandarískum yfirvöldum um að vera „fjandsamlegir bardagamenn“ sem réttindi stríðsfanga nái ekki til. - aa**



**MAHMOUD AHMADINEJAD** Heldur fast við kjarnorkuáætlun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mahmoud Ahmadinejad:

## Nágrannar fái kjarnorkutækni

**ÍRAN, AP Íranar munu halda kjarnorkuáætlun sinni til streitu, jafnvel þótt Sameinuðu þjóðirnar ákveði refsiaðgerðir. Þessu lýstu bæði utanríkisráðuneytið í Teheran og Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti yfir í gær.**

**Ahmadinejad sagði einnig að land hans væri tilbúið til að aðstoða nágrannaríki sín við að byggja upp kjarnorkutækni þeirra. Fyrir viku tilkynntu arabaríki um áætlanir sínar um sameiginlega kjarnorkuáætlun.**

**„Íran er tilbúið að afhenda ríkjum á okkar svæði niðurstöðurnar af afrakstur og reynslu í friðsamlegri notkun kjarnorkutækni, sem hreins orkugjafa og arftaka olíu,“ sagði Ahmadinejad. Stjórnvöld í Bandaríkjunum og víðar á Vesturlöndum gruna Írana aftur á móti um að stefna að því að koma sér upp kjarnorkuvopnum. - sgj/aa**

LÖGREGLUMÁL

### Stúlkur stálu bíl

Tvær 16 og 17 ára gamlar stúlkur, gistu fangageymslur lögreglunnar í Keflavík á sunnudag. Þær voru grunaðar um að hafa tekið bifreið ófrjálsri hendi og ekið henni á steinhleðsluvegg við skemmtistaðinn Festi í Grindavík.



**ÞRÓIN SEM BRANN** Mikill eldur logaði um tíma í þrónni. Um fimm tonn af edikssýru voru geymd í húsinu og hætta var á eiturefnaslysi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR FRIÐRIKSSON



**LIFRARSAMLAGIÐ** Ítrekað hefur verið kveikt í húsnæðinu, síðast fyrir nokkrum dögum.



**FISKIÐJAN Í VESTMANNAEYJUM** Kveikt var í rusli þar á laugardagskvöldið. Húsið er um 100 metra frá fiskimjölsverksmiðjunni.

# Brennuvargur talinn ganga laus í Vestmannaeyjum

**Talið er að kveikt hafi verið í þró við fiskimjölsverksmiðju í Vestmannaeyjum og húsnæði Fiskiðjunnar á laugardagskvöld. Fimm tonn af edikssýru voru geymd í þrónni og hætta var á eiturefnaslysi.**

**ELDUR** Talið er að kveikt hafi verið í þró við fiskimjölsverksmiðju Ísfélagsins í Vestmannaeyjum um klukkan átta á laugardagskvöld. Mikill eldur braust út og mildi að ekki kviknaði í verksmiðjuhúsinu sjálfu. Átta eiturefnakafarar frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins voru sendir með búnað í þyrlu Landhelgisgæslunnar til Vestmannaeyja vegna um fimm tonna af edikssýru sem í þrónni voru. Dældu þeir sýrunni á milli kerja til að koma í veg fyrir eiturefnaslys. Miðbæ Vestmannaeyja var lokað um tíma en talin var hætta á að eiturgufur gætu myndast og borist um bæinn. Ekki kom þó til þess að hús væru rýmd. Allt tiltækt slökkvilið og björgunarsveitir í Vestmannaeyjum börðust við eldinn og náðu tökum á honum á rúmum tveimur klukkustundum.

Tryggvi Kr. Ólafsson, rannsóknarlögreglumaður í Vestmannaeyjum, segir að líklegt sé að íkveikja hafi orsakað eldsupptökin en sérfræðingar frá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík koma til Vestmannaeyja í dag. Aðspurður segir Tryggvi að eldurinn í fiskimjölsverksmiðjunni sé ekki að svo stöddu rannsakaður í tengslum við íkveikjur í Vestmannaeyjum að undanförnu. En kveikt var í kaffistofu Lifrarsamlags Vestmannaeyja og á gólfi Fiskiðjunnar var kveikt í rusli sama kvöld og eldurinn kom upp í þrónni. Tryggvi útilokar ekki að brennivargur sé á ferðinni í bænum og það sé hluti af rannsókn lögreglunnar að komast að því hvort svo sé.

Mikil mildi þykir að eldurinn komst ekki í aðrar álmur verksmiðjunnar en hagstæð veðurskilyrði voru í Eyjum. Talið er að ef vindur hefði staðið á verksmiðjuhúsið hefði það orðið eldinum að bráð, og hefði þá verið um stórbruna að ræða eins og þegar kveikt var í vinnsluhúsi Ísfélags Vestmannaeyja í desember árið 2000. Þá varð gífurlegt tjón.

Fulltrúar frá tryggingafélagi Ísfélagsins skoðuðu skemmdirnar í gær en erfitt var að athafna sig vegna þess að hætta var talin á að þakið hryndi. Ekki hefur reynst mögulegt að meta tjónið að svo stöddu.

Guðjón Grétar Engilbertsson, verksmiðjustjóri, segir að þeir sem unnu að því að slökkva eldinn hafi unnið þrekvirki, enda menn í Eyjum reynslunni ríkari eftir Ísfélagsbrunann árið 2000. „Það er skelfilegt að hafa það yfir sér að brennuvargur gangi hér laus og kveiki í.“ **svavar@frettabladid.is**






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HLÝTT FRAMUNDAN

Jæja, þá eru að verða umskipti í veðrinu. Alvöru hlýindi taka land í dag með rigningartíð sunnan og vestan til en úrkomuminna á Norður- og Austurlandi. Þetta eru nokkuð myndarleg úrkomusvæði sem eru að ganga yfir landið og því ekki að treysta á brakandi þurrk norðaustan til. Gangi jákvæðustu spár eftir gæti hitinn slegið í tveggja stafa tölur hér og hvar á morgun.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG

Vaxandi sunnan átt. 8-10 m/s í dag. Fer að rigna er dregur nær hádegi. Hiti 2-6 stig í dag.

um hádegi »



» á morgun



8-15 m/s með ströndum sunnan og vestan til.

» miðvikudagur



Allhvöss suðvestanátt suðaustan - og austan til.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C heiðskírt | London | 10°C alskýjað | Alicante | 15°C heiðskírt |
| Þórshöfn | 7°C skúrir | París | 8°C alskýjað | Mallorca | 13°C rigning |
| Osló | 0°C hálfskýjað | Frankfurt | 7°C skúrir | Algarve | 17°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 2°C hálfskýjað | Friedrichshafen | -1°C snjóél | Krít | 20°C alskýjað |
| Gautaborg | 5°C hálfskýjað | Berlín | 6°C hálfskýjað | Las Palmas | 22°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


Opið til kl. 22:00 öll kvöld til jóla!
Keel Toys
20% afsláttur af keel loðdýrum 18.-20. desember
Gildir 18.-20. desember á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú farið til læknis á árinu?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 84,2% |
| NEI | 15,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Veldur jólahátíðin þér hugarangri?*

Segðu skoðun þína á vísir.is vísir

Rannsóknin á vændiskvennamorðunum í Ipswich heldur áfram:

# Hundruð manna yfirheyrð

**IPSWICH, AP** Fimm hundruð manna sérsveit bresku lögreglunnar vinnur nú að því að rekja hvert spor í leitinni að morðingja fimm vændiskvenna í enska bænum Ipswich. Yfir 400 vegfarendur, sem leið áttu um rauðljósahverfi bæjarins um helgina, voru stöðvaðir og yfirheyrðir í von um að þannig fengjust betri upplýsingar um síðustu stundir hinna myrtu.

Einkum og sér í lagi voru hinir yfirheyrðu spurðir hvort þeir hefðu séð hina 24 ára gömlu Paulu Clennell, en nakið lík hennar fannst úti á fjölfarinni götu í bænum á þriðjudaginn var. Frá þessu greindi Stewart Gull, talsmaður rannsóknarlögreglunnar.

Áður hafði lögreglan upplýst að hún einbeitti sér nú að 50-100 manns sem hún vildi fá til yfirheyrslu. Á laugardag var birt myndband af einu fórnarlambanna, Anneli Alderton, úr öryggismyndavél í lestarvagni þar sem síðast sást til hennar.

„Við höfum tengt saman morðin fimm,“ sagði Gull. „Líklega leitum við bara eins manns, en fleiri gætu verið viðriðnir þetta og við megum ekki útiloka neitt.“

Morðingjanum hefur verið líkt við Kobba kviðristu, sem vakti ógn og skelfingu í London í lok 19. aldar.



**EIN HINNA MYRTU** Þessa mynd úr öryggismyndavél af Anneli Alderton birti lögregla um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sádi-arabísk flugvél:

## Óðagot vegna músaflótta

**SÁDI-ARABÍA Yfir hundrað farþegar í sádiarabískri flugvél urðu felmtri slegnir þegar fjöldi músa hljóp skyndilega um flugvélina. Mýsnar höfðu sloppið úr poka eins farþegans og farið á flakk um farþegarýmið, að því er greint var frá á fréttavef BBC.**

**Flugvélin var í tæplega þrjátíu þúsund feta hæð þegar mýsnar létu til skarar skríða. Sumar féllu á höfuð farþeganna og var ferðalöngunum að vonum brugðið. Eigandi pokans var handtekinn við lendingu, en ekki er vitað hvernig honum tókst að koma pokanum um borð eða hvers vegna hann ferðaðist með fylgdarlið af þessu tagi. -sgj**




Motorlift

bílskúrshurðaopnarar

Keðjudrifnu Chamberlain Motorlift bílskúrshurðaopnararnir eru öflugir og sterkbyggðir og fást fyrir allar stærðir og gerðir bílskúrshurða. Motorlift er með kröftugum en hljóðlátum mótor og þægilegri fjarstýringu sem auðveldar umgengni um bílskúrinn eða geymsluhúsnæðið í hvaða veðri sem er.

**Motorlift fæst í byggingavöruverslunum um land allt.**

CHAMBERLAIN™

**MEÐ ÍSLENSKUM LEIÐBEININGUM.**




**FJÖLDAHANDTÖKUR** Kaupmannahafnarlögreglan fékk liðsauka meðal annars frá Óðinsvéum til að kljást við mótmælendurna. Á þriðja hundrað voru handteknir. Hér sjást nokkrir hinna handteknu færðir um borð í lögreglurútu í fyrrinótt. LJÓSMYND/HARI

# Hafnarlögreglan sleppir ungmennum

**Lögreglan í Kaupmannahöfn lét í gær laus 186 af þeim hátt í 300 ungmennum sem handtekin voru í götuóeirðum á Nørrebro í fyrrinótt. Mótmæli gegn áformuðu niðurrifi Æskulýðshússins snerust upp í skemmdarverk og slag við lögreglu.**

**KAUPMANNAHÖFN** Lögregluyfirvöld í Kaupmannahöfn sögðust í gær hafa látið aftur lausa 186 mótmælendur, sem handteknir voru aðfaranótt sunnudagsins í götuóeirðum á Nørrebro, sem bárust síðan víðar um borgina.

„Þetta eru allt danskir ríkisborgarar,“ sagði talsmaður lögreglunnar í Kaupmannahöfn, Flemming Steen Munch. Þar að auki eru í haldi 84 útlendingar, þar á meðal 27 Svíar, 26 Norðmenn, 20 Þjóðverjar, fimm Hollendingar, tveir Finnar, tveir Írar, einn Rússi og einn Bandaríkjamaður. Munch sagði þá myndu verða látna lausa í dag eða á morgun, þriðjudag.

Til átaka kom á laugardagskvöld er mótmælaganga ungmenna gegn því að svonefnt Æskulýðshús við Jagtvej á Nørrebro yrði rifið snerust upp í heiftarleg átök við lögreglu. Ekki hafði verið veitt leyfi fyrir göngunni og mótmælendur létu götusteinum, málningu og heimatilbúnum sprengjum rigna yfir lögregluna, sem svaraði með táragasi, kylfum og þrýstivatni.

Eitt ungmennið missti fjóra fingur er heimatilbúin sprengja sprakk í hendi þess. Einn lögreglumaður er alvarlega slasaður, með höfuðáverka eftir grjótkast. Rúður voru brotnar í verslunum og fleiri spellvirki unnin, þar á meðal á McDonalds, útibúi Danske Bank og hverfislögreglustöð Nørrebro, að sögn fréttavefs Nyhedsavisen.

Borgaryfirvöld heimiluðu ungu hústökufólki afnot af byggingunni árið 1982, en árið 2001 var hún seld til kristins félags sem síðan hefur reynt að fá unga fólkið borið út. Síðastliðinn fimmtudag var haldin friðsamleg kröfuganga þar sem borgarstjórinn var hvött til að grípa inn í og ógilda úrskurðinn um útburð. Áfrýjun hústökumanna á úrskurðinum var hafnað í Eystri landsrétti í lok ágústmánaðar síðastliðins.

„Við gefumst aldrei upp,“ hrópaði hústökufólkið lambhúshettuklætt út um glugga á byggingunni á skyndilega boðuðum blaðamannafundi í gær, að sögn fréttavefs Politiken.

audunn@frettabladid.is


BOÐEIND.IS

í 19 ár - Þar sem verð og gæði fara saman

Alvöru fartölva á jólagjafaverði

ASUS A6VM-A



Almennt verð kr. 101.679,-

Staðgreiðsluverð

Kr. 94.900,-

Aðeins kr. 3.577,-

meðalgreiðsla í 36 mánuði hjá TM

Staðgreiðslulán fáanleg frá 3 til allt að 36 mánaða.

**Fartölvutaska & USB mús fylgir frítt** með ásamt hugbúnaðarpakka.

Allar fartölvur frá Boðeind koma með Microsoft XP Professional stýrikerfi

Allar fartölvur frá Boðeind eru Microsoft Vista tilbúnar.

**Skjár:** 15.4" WXGA (Glare type) **háskerpuskjár**
**Örgjörvi:** Intel Mobile Pentium 1.7GHz - 2MB cache
**Skjákort: Nvidia Geforce Go 7300 256MB**
**Vinnsluminni: 1 GB DDR2** / Mest 2GB
**Harður diskur: 100GB**
**Netkort:** LAN 10/100/1000
**Þráðlaust netkort:** 802.11a/b/g
**Geisladrif:** 8x Dual layer DVD/CD brennari
**Vefmyndavél: 1.3Mega Pixla m.hljóðnema**
**Stýrikerfi:** Windows XP **Professional**
**Rafhlaða:** 8 Cells - Allt að 3,5 klst. ending
**Ábyrgð:** 2ja ára alþjóðleg ábyrgð

**Þú færð jólagjöfina á www.bodeind.is**

Boðeind ehf. - Mörkin 6 - 108 RVK - S: 588 2061

Opið alla virka daga frá kl. 10:00 - 18:00 - sala@bodeind.is

Boðeind býður upp á viðurkennda verkstæðisþjónustu - thjonusta@bodeind.is


Stjórnmálasamtök eldri borgara héldu fund á Hótel Borg í gær:

# Heldri borgarar skipa nefnd til að skipuleggja framboð til Alþingis

**STJÓRNMÁL** Stjórnmálasamtök eldri borgara sem kallast Heldri borgarar ætla mögulega að bjóða fram í alþingiskosningunum í vor.

Um 130 manns mættu á fund á Hótel Borg í gær, þar sem kosin var þriggja manna undirbúningsnefnd sem á að vinna að frekari skipulagningu framboðsins. Nefndin á meðals annars að ákveða hverjir muni verða á framboðslista samtakanna. Í nefndinni sitja Sveinn Guðmundsson, Kristján Guðmundsson og Arndís Björnsdóttir. Aðalfundur samtakanna verður haldinn í lok janúar þar sem nefndin mun leggja fram tillögur um framboðslistann. Markmið samtakanna er að vinna að því að bæta hag eldri borgara í landinu. Í máli flestra þeirra sem tóku til máls á fundinum kom fram hörð gagnrýni á ríkisstjórnina fyrir að gæta hagsmuna aldraðra ekki nægilega vel.



**SVEINN GUÐMUNDSSON** Segir að tilgangur stjórnmálasamtakanna sé að bæta hag eldri borgara í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sveinn Guðmundsson, sem er aðalhvatamaðurinn að stofnun samtakanna, segir niðurstöðu fundarins viðunandi en samkvæmt tillögu hans átti að stofna samtökin formlega á fundinum í gær og kjósa fjóra menn í stjórn þeirra. Fundargestir töldu hins vegar að undirbúa ætti stofnun þeirra betur og þess vegna var kosið í nefndina. Sveinn segir að engar ákvarðanir hafi verið teknar um hverjir verði á framboðslistanum. - ifv

www.toyota.is

# ÞEGAR VIÐ SEGJUM ÚRVALSBÍLAR ÞÁ MEINUM VIÐ ÞAÐ



**Toyota Previa** sjsk.
Á götuna: 09.03 Ekinn: 85.000 km
Verð: 2.490.000 kr. Skr.nr. PA626



**Toyota Rav4** sjsk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 35.000 km
Verð: 2.470.000 kr. Skr.nr. PX335



**Toyota Corolla Verso** 5 gíra MM
Á götuna: 03.06 Ekinn: 9.000 km
Verð: 2.490.000 kr. Skr.nr. SI706



**Land Cruiser 120 GX** sjsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 6.000 km
Verð: 5.090.000 kr. Skr.nr. PR363



**Toyota Yaris** 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 66.000 km
Verð: 1.100.000 kr. Skr.nr. UZ342



**Toyota Land Cruiser 120 GX** sjsk.
Á götuna: 11.03 Ekinn: 69.000 km
Verð: 4.090.000 kr. Skr.nr. YG660



**Toyota Avensis S/D Sol** 5 gíra MM
Á götuna: 11.04 Ekinn: 63.000 km
Verð: 1.950.000 kr. Skr.nr. DP737



**Toyota Prius Hybrid** sjsk.
Á götuna: 08.04 Ekinn: 33.000 km
Verð: 2.250.000 kr. Skr.nr. JK441



**Toyota Corolla S/D Terra** 5 gíra
Á götuna: 09.05 Ekinn: 10.000 km
Verð: 1.620.000 kr. Skr.nr. YP126



**Toyota Yaris 5 dyra Terra** 5 gíra
Á götuna: 05.05 Ekinn: 63.000 km
Verð: 1.190.000 kr. Skr.nr. RD833



**Toyota Corolla W/G Sol** sjsk.
Á götuna: 08.05 Ekinn: 33.000 km
Verð: 1.870.000 kr. Skr.nr. VT236



**Toyota Rav4 VX** sjsk.
Á götuna: 07.06 Ekinn: 3.000 km
Verð: 3.590.000 kr. Skr.nr. RT050

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Núna bjóðum 12 Úrvalsbíla á sannkölluðum úrvalskjörum.**

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 35448 12/06




Bandaríkin ná samningi um sölu á kjarnorkutækni til Kína:

# Kínverjar fá fjóra kjarnakljúfa

**KÍNA, AP** Fulltrúar Kína og Bandaríkjanna skrifuðu á laugardag undir samning sem greiðir leið Westinghouse Electric Co. til að byggja fjóra kjarnakljúfa í Kína. Bandarísk fyrirtæki skutu með þessu frönskum og rússneskum samkeppnisaðilum ref fyrir rass og hljóðar verkefnið upp á marga milljarða bandaríkjadala.

„Þetta er spennandi dagur fyrir bandarískan kjarnorkuiðnað,“ sagði Samuel Bodman, orkumálaráðherra Bandaríkjanna. „Þetta fordæmi sýnir að ef við vinnum saman þá getum við bætt viðskiptasamband okkar og sameiginleg markmið um öryggi í orkumálum.“

Samningurinn mun skapa um fimm þúsund störf í Bandaríkjunum, að sögn Bodman. Franska fyrirtækið AREVA var annar valkostur kínverska yfirvalda, en þau höfðu hafnað boði rússneska fyrirtækisins AtomStroyExport.

Bandaríkin hafa barist gegn byggingu kjarnakljúfa í Íran, en lögðu mikið undir til að fá að semja við kommúnistastjórnina í Kína.

Bygging átján kjarnakljúfa er í bígerð í Asíu, en það eru um sjötíu prósent allra kjarnakljúfa sem nú eru í byggingu í heiminum. **- sgj**



**SKRIFAÐ UNDIR** Samuel Bodman og Ma Kai, yfirmaður Þróunar- og endurbótanefndar Kína, fagna samningnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hryðjuverkahætta í Evrópu:

# Írak auðveldar nýliðun öfgaafla

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP Öfgamenn notfæra sér ástandið í Írak sem áróðurstæki til þess að vinna menn á sitt band og fá þá til að fremja hryðjuverk í Evrópu. Þetta segir Gijs de Vries, sem fer með hryðjuverkamál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.**

**„Hættan á hryðjuverkum í Evrópu er enn mikil og ég býst við að hún verði það árum saman,“ sagði Vries á fimmtudaginn. „Þetta er ekkert skammtímafyrirbæri.“ Bæði í Bretlandi og Þýskalandi var komið í veg fyrir stórar árásir á þessu ári og að sögn de Vries er Europol að rannsaka 20 hryðjuverkamál. - gb**




Íslensk ferðaþjónusta sækir í sig veðrið:

# Aldrei fleiri ferðamenn komið til landsins

**FERÐAÞJÓNUSTA** Talsvert fleiri erlendir ferðamenn hafa heimsótt Ísland í ár en í fyrra. Fjölgunin nemur um 32.606 ferðamönnum, sé miðað við talningu í Leifsstöð fyrstu ellefu mánuði ársins. Ferðamennirnir voru í ár 378.856 talsins og fjölgunin er því um 9,4 prósent.

Athygli vekur mikill fjöldi ferðamanna yfir vetrartímann, en það getur skipt sköpum í ferðaþjónustu. Í nóvember mældust 36,4 prósent fleiri ferðamenn í Leifsstöð en í fyrra, þrátt fyrir mótmæli gegn hvalveiðum og neikvæða umræðu um viðskiptalífið. Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs Ferðamálastofu, segir umfjöllunina síst hafa haft neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna. „Það virðist frekar að þetta veki athygli á landinu og fólk ákveði að ferðast hingað,“ segir Ársæll.

Sætaframboð erlendra flugfélaga hefur aukist mikið og má nefna British Airways og SAS til sögunnar, þau flytji hingað ferðalanga sem annars hefðu ekki komið, segir Ársæll, og bætir við að einnig megi telja til viðskiptavini útrásarfyrirtækjanna.



**EKKERT SKJÓL Á SKÓLAVÖRÐUHOLTI** Þessir ferðalangar láta ekki landlægt rokið angra sig, enda eflaust lygnt veður allajafna í heimalandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Síðast en ekki síst mun markviss markaðssetning um árabil vera að skila sér. Ferðamennirnir séu veraldarvanari og setji ekki veðráttu eða kulda fyrir sig. **- kóp**












**AL SHARPTON** Mótmælir drápi á óvopnuðum manni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannréttindafrömuðir:

# Mótmæla drápi í lögregluskothríð

**BANDARÍKIN, AP** Séra Al Sharpton og aðrir mannréttindaleiðtogar í Bandaríkjunum stóðu í fyrradag fyrir þögulli fjöldagöngu á fjölfarinni verslunargötu á Manhattan í New York. Þeir vilja mótmæla drápi lögreglunnar á Sean Bell, óvopnuðum blökkumanni á brúðkaupsdegi hans í nóvember. Bell lenti ásamt tveimur félögum sínum í kúlnahríð lögreglu í aðgerð gegn vændi fyrir utan nektardansstað, þar sem Bell hélt steggjapartí. Lögreglan sagðist hafa talið þá vopnaða, en engin vopn fundust.

„Margir eru hér til að kaupa glingur og leikföng,“ sagði Al Sharpton. „Við viljum kaupa réttlæti.“ **- sgj**

Flóttamenn:

# Finnar uppfylla ekki kvótann

**FINNLAND Finnar hafa nánast aldrei uppfyllt þann kvóta af flóttamönnum sem þeir hafa ákveðið að taka á móti síðustu árin.**

**Þeir hafa skuldbundið sig til að taka á móti 750 flóttamönnum á ári en fimmtíu til hundrað einstaklinga vantar upp á fyrir árin 2001, 2002, 2004 og 2005. Hin árin ná þeir heldur ekki að nota allan kvótann, að sögn finnska dagblaðsins Helsingin Sanomat. - ghs**




1916

*Framsóknarflokkurinn var stofnaður á Alþingi 16. desember 1916 og hefur frá upphafi verið framfarasinnaður umbótaflokkur.*





# Framsókn Íslendinga í 90 ár

Í upphafi síðustu aldar voru Íslendingar meðal fátækustu þjóða Evrópu. Í dag er Ísland í hópi ríkustu þjóða heims. Kringumstæðurnar voru ekki alltaf hagstæðar en stórar hugmyndir urðu að veruleika og kjarkur og baráttuþrek landsmanna ásamt rótgrónum og áköfum vilja til framfara áttu þar stærstan hlut.

Framsóknarflokkurinn, sem fagnar nú 90 ára afmæli sínu, hefur lengst allra flokka setið í ríkisstjórn og hefur stöðugt unnið að umbótum á samfélaginu, með áherslu á velferðar-, mennta- og atvinnumál. Framsóknarflokkurinn hefur ávallt sett fólk og velferð þess í öndvegi.

**Framsókn**







2006

*Framsóknarflokkurinn er þess albúinn að takast á við ný verkefni og tækifæri á nýrri öld, með skynsemi og framsækni að leiðarljósi.*




Nýja hægristjórnin í Svíþjóð tekur til hendinni:

# Einkavæðingaráform kynnt

**SVÍÞJÓÐ** Sænska ríkisstjórnin, undir forystu hægrimannsins Frederiks Reinfeldts, tilkynnti fyrir helgina að hún hygðist selja hlut ríkisins í sex fyrirtækjum. Þar á meðal eru fjarskiptafyrirtækið TeliaSonera, Nordea-bankinn og kauphallarfyrirtækið OMX, sem Kauphöll Íslands gekk nýlega til liðs við.

„Stjórnin hefur ekki ákveðið hvenær, hvernig eða í hvaða röð þessi fyrirtæki verða seld,“ sagði Maud Olofsson, orkumálaráðherra og formaður Miðflokksins, á blaðamannafundi í Stokkhólmi.

Sænska ríkið á að öllu leyti eða hlut í einum sextíu fyrirtækjum. Verðmætastur er 20 prósenta hlutur þess í Nordea-bankasamsteypunni.

Að svo komnu máli hyggst stjórnin hins vegar ekki bjóða til sölu hlut sinn í flugfélaginu SAS. Þar sem félagið er sameign þriggja ríkisstjórna, Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur, þarf fyrst að ná pólitísku samkomulagi milli ríkisstjórnanna þriggja um einkavæðingu félagsins. Að ná slíku samkomulagi gæti verið hægara sagt en gert. - aa



**MARKAÐSHYGGJUSTJÓRN** Leiðtogar stjórnarflokkanna. Maud Olofsson er önnur frá vinstri. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Aftaka misfórst í Flórída:

# Ríkisstjórinn frestar aftökum

**FLÓRÍDA** Ríkisstjóri Flórída, Jeb Bush, hefur frestað öllum aftökum í ríkinu eftir að illa gekk að framfylgja líflátsdómi Angel Diaz, sem dæmdur var fyrir morð árið 1979.

Aftakan fór fram með banvænni sprautu en hún á að draga fólk til dauða á innan við fimmtán mínútum. Í tilfelli Diaz tók ferlið 34 mínútur og gefa þurfti henni tvo skammta. Samkvæmt lögum Flórída mega refsingar ekki vera „grimmar og óvenjulegar“. Jeb Bush sagði að þar til hægt yrði að tryggja að banvæn sprauta væri ekki grimm og óvenjuleg refsing yrði öllum aftökum frestað. - tg






**LESIÐ UM LEIÐTOGANN** Fréttaþyrstir Havanabúar lesa dagblaðafréttir af Kastró. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lífsmark frá Fídel Kastró:

# Tvö símtöl á ellefu dögum

**HAVANA, AP** Fídel Kastró hringdi á föstudag til kúbverskra stjórnmálamanna og forseta Venesúela, Hugo Chavez, að því er flokksblaðið Granma greindi frá um helgina. Símtölin voru fyrsta lífsmarkið frá Kastró í 11 daga.

Tilefni símtalanna voru annars vegar komandi þingfundur Kúbuþings, og hins vegar sigur Chavez í forsetakosningum í Venesúela. Talið er að símtölin hafi verið leið til að þagga niður í þrálátum orðrómi um að Kastró eigi skammt eftir ólifað.

Þrátt fyrir símtölin dylst engum að Kastró er helsjúkur, en síðast er hann kom fram opinberlega var hann bæði horaður og veiklulegur. - tg



**FÍDEL KASTRÓ** Þrátt fyrir símtölin er ljóst að Kastró er mjög veikur.







FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

Ný útvarpsstöð
Kaninn Fm 89,0
Íslensk músík alltaf!






**Askja með**
Anti drying body lotion 200 ml, sem rakafyllir húðina og gerir hana silkimjúka og slétta. Og Aquasource NON STOP rakakremi 15 ml.
**Verð: 2.250 kr.** - verðmæti: 3.250 kr.



**Askja með**
Eau D´Energie orkugefandi ilmi 100 ml, body lotion 75 ml og sturtusápu 75 ml.
**Verð: 3.700 kr.** – verðmæti: 5.200 kr.



**Askja með**
Biomains handáburði 200 ml, sem er rakagefandi og styrkir húð og neglur og með Biosenses sturtusápu 40 ml.
**Verð: 1.930 kr.** – verðmæti: 2.100 kr.



**Askja með**
Source Thérapie Superactiv töfrakreminu, sem í er hátt hlutfall af Thermal Plankton, steinefnum og snefilefnum, hreinsigeli 20 ml, andlitsvatni 30 ml og Aquasource NON STOP rakakremi 15 ml. Kremið örvar endurnýjun frumnanna og styrkir varnir þeirra.
**Verð: 5.000 kr.** – verðmæti: 6.590 kr.



**Jólataska með**
Aquasource NON STOP rakakremi 50 ml, hreinsigeli 50 ml, andlitsvatni 125 ml og lyklakippu. Kremið fæst fyrir þurra húð og fyrir normal húð. Það gerir húðina strax mjúka, hrausta og rakafyllir hana klukkustundum saman.
**Verð: 3.800 kr.** – verðmæti: 6.500



**Taska með**
Biosenses Body krem krukku 200 ml, sturtusápu 200 ml og skrúbbi 20 ml. Þetta vinsæla body krem er einstaklega nærandi og rakagefandi.
**Verð: 3.960 kr.** – verðmæti: 5.600

Öll verð eru viðmiðunarverð. Ath. að Biotherm útsölustaðir geta boðið önnur verð.

**Útsölustaðir Biotherm:** Útsölustaðir: Andorra, Strandgötu 32, Hafnarfirði - Bjarg, Stillholti 14, Akranesi - Debenhams, Smáralind - GK snyrtistofa, Kjarnanum, Mosfellsbæ - Snyrtivöruverslunin Glæsibæ – Hagkaup, Kringlunni - Jara, Hafnarstræti 104, Akureyri - Konur & Menn, Hafnarstræti 9-13, Ísafirði - Lyf & heilsa, Austurveri - Lyf & heilsa Kringunni - Lyf & heilsa, Mjódd - Lyf & heilsa, Hringbraut, JL húsinu - Lyf & heilsa, Kjarnanum, Selfossi - Lyf & heilsa, Suðurgötu 2, Keflavík

# Gefðu LAND ROVER í jólagjöf!

Eigum gott úrval af LAND ROVER smávörum í jólapakkana



Discovery 1/18 kr. 9.800



Leður hattur kr. 10.900



Safari Björn kr. 4.950



Explore bolur kr. 2.200



Lyklakippa kr. 550



Experience kanna kr. 1.450

Verslun & Varahlutir

Grjóthálsi 1 · Sími: 575-1240 · www.bl.is

LAND-ROVER

GO BEYOND™


Starfsmönnum Rauða hálfmánans rænt í Bagdad er Blair birtist óvænt í Írak:

# Hófsöm öfl fái stuðning

**ÍRAK, AP** Byssumenn í einkennisbúningum íraksa stjórnarhersins réðust inn á skrifstofur Rauða hálfmánans, systurstofnunar Rauða krossins, í Bagdad í gær og námu þaðan á brott hátt á þriðja tug manna í gærmorgun. Mannránið er til vitnis um síversnandi óöldina í landinu.

„Við vitum ekki hverjir þetta voru og höfum ekki hugmynd um hver ástæðan fyrir mannráninu er,“ sagði Antonella Notari, talsmaður Alþjóða Rauða krossins í Genf.

Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sem kom í gær í óvænta heimsókn til Íraks, skoraði á þjóðir heims að veita hinni umsetnu ríkisstjórn landsins stuðning. Að hans sögn væru blóðsúthellingarnar í landinu á ábyrgð „þeirra afla úti um allan heim sem eru að reyna að hindra að hófsöm öfl hafi betur.“



**HITTI AL-MALIKI** Blair ásamt írökskum starfsbróður sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Blair og írakskur starfsbróðir hans, Nouri al-Maliki, ræddu meðal annars áform um að írakskar öryggissveitir taki við gæslu á hernámssvæði Breta í Basra, stærstu borginni í suðurhluta landsins. Bretar áforma að kalla þúsundir hermanna heim frá Írak á næsta ári.

Síðdegis hélt Blair til fundar við bresku hermennina í Basra, en þetta var sjötta heimsókn Blairs til Íraks síðan innrásin var gerð vorið 2003. **- aa**

# Klofningur í Bólivíu vegna stjórnarskrár

**Auðugir afkomendur evrópskra landnema og fátækir indíánar takast nú á í Bólivíu þar sem Evo Morales forseti vill að réttindi indíána verði tryggð í nýrri stjórnarskrá. Aðskilnaðarhreyfing hótar að kljúfa landið í tvö ríki gefi Morales ekki eftir.**

**BÓLIVÍA, AP** Hundruð þúsunda Bólivíumanna tóku á föstudagskvöld þátt í mótmælum í Bólivíu gegn Evo Morales forseta og fyrirhuguðum stjórnarskrárbreytingum sem hann vill gera.

Morales forseti nýtur stuðnings rúmlega helmings þingmanna á stjórnlagaþingi landsins og vill að einfaldur meirihluti nægi til þess að semja drög að nýrri stjórnarskrá, þótt hann fallist á að aukinn meirihluta, 2/3 hluta þingmanna, þurfi til að samþykkja lokadrögin þegar þau liggja fyrir.

Andstæðingar hans vilja hins vegar að aukinn meirihluti þurfi að samþykkja hvert ákvæði nýju stjórnarskrárinnar áður en lokadrögin verða lögð fram til atkvæðagreiðslu.

Íbúar Bólivíu eru annars vegar indíánar, sem eru í meirihluta og búa flestir við fátækt í fjallahéruðum í landinu vestanverðu, og svo afkomendur Spánverja og annarra evrópskra landnema sem búa við töluvert meiri velsæld á láglendinu austan til.

Morales er fyrsti forseti landsins sem kemur úr röðum indíána. Eftir að hann náði kjöri í sumar hófst hann fljótlega handa við að styrkja stöðu indíána, eins og hann hafði lofað í kosningabaráttunni.

Meðal annars kallaði hann saman sérstakt stjórnlagaþing, sem hefur það hlutverk að semja nýja stjórnarskrá fyrir landið þar sem réttindi indíána verði betur tryggð.



**MÓTMÆLA MÓTMÆLUNUM** Stuðningsmenn Morales forseta hrópa vígorð gegn mótmælafundi sem haldinn var í borginni Santa Cruz de la Sierra í Bólivíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Andstæðingar Morales í austurhéruðum landsins, þar sem mest er um auðlindir í jörðu, ganga svo langt að hóta því að kljúfa landið með því að lýsa yfir sjálfstæði austurhlutans fallist hann ekki á þessa meginkröfu um 2/3 meirihluta.

„Annar helmingur þjóðarinnar segir: Ég hef verið í þessari stöðu í 500 ár og Evo er frelsari minn,“ sagði Eduardo Gamarra, bólivískur stjórnmálafræðingur við háskóla í Flórída í Bandaríkjunum. „Hinn helmingurinn segir: Ef þeir fá sínu framgengt þá get ég alveg eins flutt til Miami.“

Sjálfur segist Morales ekkert hafa við það að athuga að andstæðingar hans efni til mótmæla, en hann segist staðráðinn í að beita hervaldi til að koma í veg fyrir aðskilnað austurhlutans.

„Við erum byrjaðir að ná Bólivíu aftur á okkar vald,“ sagði hann og beinir hörðum orðum að auðugu kaupsýslumönnunum sem eru í fararbroddi aðskilnaðarmanna: „Nú þegar þeir geta ekki selt Bólivíu þá vilja þeir skipta Bólivíu í tvennt, það er aðalmálið. En það verður engin skipting landsins.“ **gudsteinn@frettabladid.is**


# SKRÁNING SKULDABRÉFA

Tryggingamiðstöðin hf., kt. 660269-2079, hefur birt lýsingu vegna skráningar skuldabréfa félagsins í Kauphöll Íslands og gert aðgengilega almenningi frá og með 18. desember 2006. Eftirfarandi skuldabréfaflokkur hefur verið gefinn út:

Skuldabréfaflokkur að fjárhæð kr. 8.500.000.000 að nafnverði var gefinn út þann 21. ágúst 2006 og er auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands TM 06 1 og verða bréfin skráð í Kauphöll Íslands þann 18. desember 2006. Skuldabréfin eru víkjandi og innkallanleg á vaxtagjalddögum. Skuldabréfin eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs og er grunngildið frá því í ágúst 2006, eða 263,1. Skuldabréfin bera 5,75% nafnvexti í 5 ár eða til 21. ágúst 2011. Frá þeim tíma og fram að lokagjalddaga bera skuldabréfin 6,25% nafnvexti. Vaxtagjalddagar eru einu sinni á ári, fyrst 21. ágúst 2007. Höfuðstóll skuldabréfanna greiðist allur í einu lagi þann 21. ágúst 2016.

Umsjónaraðili skráningarinnar í Kauphöll Íslands hf. er Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf.

Lýsingu er hægt að nálgast hjá útgefanda Tryggingamiðstöðinni hf., Aðalstræti 6-8, 101 Reykjavík, á vefsetri Kauphallar Íslands hf. http://news.icex.is og á vefsetri útgefanda Tryggingamiðstöðvarinnar hf., www.tryggingamidstodin.is.

18. desember 2006

Straumur-Burðarás FJÁRFESTINGABANKI

TM TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN






Glæsilegt úrval úra og skartgripa

Franch Michelsen

ÚRSMÍÐAMEISTARI

LAUGAVEGI 15 • Sími 511 1900


Nýbygging rís við Rofaborg:

# Rofaborg fær stærra húsnæði

**NÝBYGGING** Fyrsta skóflustungan að viðbygginu við leikskólann Rofaborg í Árbæ var tekin fyrir helgi. Viðbyggingin verður 320 fermetrar og mun leysa af hólmi 75 ára gamalt hús sem upphaflega var reist sem sumarbústaður og hýsir nú eina leikskóladeild. Í viðbyggingunni verða tvær leikskóladeildir og sameiginlegt rými sem nýtist meðal annars til listsköpunar. Eftir stækkunina mun Rofabær geta tekið við 110 börnum en þar dvelja nú 80 börn. Það var Þórunn G. Björnsdóttir leikskólastjóri sem tók fyrstu skóflustunguna og naut hún dyggrar aðstoðar barnanna á leikskólanum. **- hs**



**FYSTA SKÓFLUSTUNGAN** Þórunn G. Björnsdóttir leikskólastjóri Rofaborgar tók fyrstu skóflustunguna af 320 fermetra viðbyggingu.

# BT

## AMILO PI CORE 2




15,4"

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

LKN:DAN-159900-025
FSC AMILO PI CORE2
Intel Core 2 Duo T5500
15.4" WXGA Crystal View
ATI Mobility Radeon x1400 128MB
- up to 512MB Hypermemory
1024MB DDR533 Vinnsluminni
100GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Kortalesari 4 - 1
IEEE 1394 - DV Ready
7.1 Hljóð í gegnum SPDIF
Express Card rauf
DVI, 3xUSB2, S-Video tengi

VAXTALAUST
1.GREIÐSLA 1.MARS

5.862**

Intel Core 2 Duo — Intel Core fartölvuörgjörvinn er 30% hraðvirkari og notar 30% minna rafmagn

Allra nýjasta tæknin frá Intel komin í BT

Prentar-skannar-ljósritar



FYLGIR
14.999

PIXMA160
CANON PIXMA MP160
4800 x 1200 upplausn
22 bls á mín svart
17 bls á mín litur
Prentar jaðarlaust á 10x15
600 x 1200 dpi Skanni
PictBridge
Einfaldur í notkun

| | | |
|---|---|---|
| 5.862 | 12.999 | 155.988 |
| **Tölvu- og tækjalán 36 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

- Core 2 Duo – Enn meiri hraði
- ATI X1400 skjákort – Fyrir leikina
- DV READY – Fyrir tökuvélina
- 100GB harður diskur – Fyrir gögnin
- 1GB minni – Fyrir vinnsluna
- Kortalesari – Til þæginda

## FLAKKARI

–Taktu afrit

250 GB



LACIE

14.999

300728EK
250GB LaCie USB 2.0 7200 8MB

## TÖLVUSKJÁR

Uppfærsluverð með tölvum aðeins 1.216 (visa vaxtalaust)

NÝTT

20"




FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

S26361-K1129-V170
20" FSC WIDESCREEN L20-1W
1680 x 1050 upplausn

| | |
|---|---|
| 2.999 | 35.988 |
| Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

## HEYRNARTÓL

USB tengd

Trust



3.999

12576-TRU
TRUST HEADSET MULTI 410 BASS
Stereo heyrnatól með hljóðnema

## MEDION DUAL CORE V10

### með 19" skjá

19"

24.000 verðlækkun




MEDION

6250IS
MEDION V10 DUAL CORE
( með 19" Medion skjá)
AMD Athlon64 3800+
nVidia GeForce 7500LE - 512 MB TC
- TV out - D-SUB
250 GB 7200 rpm SATA 8 MB Cache
1024 MB DDR2-RAM PC4300
(533MHz)
16X Sony DVD Skrifari
LAN 10/100 Mbit
IEEE1394/Firewire - DV Ready
Medion Media Bay
Lyklaborð og Mús

Designed for Windows® XP
Windows Vista™ Capable

Ókeypis uppfærsla af Windows Vista stýrikerfinu fylgir!
- Væntanlegt í Febrúar

VAXTALAUST
1.GREIÐSLA 1.MARS

4.534**

Prentar-skannar-ljósritar



FYLGIR
14.999

- AMD 64 – Fyrir kraftinn
- GeForce 7500 – Fyrir leikina
- kortalesari – Til þæginda
- 250GB harður diskur – Fyrir gögnin
- 1GB minni – Fyrir vinnsluna
- DV Ready – Fyrir tökuvélina

| | | |
|---|---|---|
| 4.534 | 9.999 | 119.988 |
| **Tölvu- og tækjalán 36 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |



**11.900**

Vnr. 74781399

## Föndursett

DREMEL föndurfræsari ásamt fylgihlutum.



**5.990**

~~11.772~~

Vnr. 68546550

## Verkfærasett

LUX verkfærasett 54 stk.



**3.870**

~~4.990~~

Vnr. 74864001-2

## Skrúfvél

BOSCH

BOSCH IXO II hleðsluskrúfjárn með ljósi, lithium rafhlaða, 3,6V.

**9.99**

SKIL

Vnr. 74092414

## Hleðsluborvél

SKIL hleðsluborvél 14,4V, 2 gírar, 2 rafhlöður, 1 klst. hleðslutæki í tösku með 200 fylgihlutum, skrúfbitum, borum o.fl.



**39.900**

Vnr. 65602057

## Hrærivél

KITCHEN AID 150 hrærivél, hvít. Grænmetisrifjárn og KITCHEN AID matreiðslubók fylgir með.



**2.990**

~~3.990~~

BOSCH

Vnr. 65746002

## Kaffikanna

Kaffikanna, 1100W, 10/15 bolla.



**2.990**

Vnr. 41348354-6

## Matar- og kaffistell

Matar- og kaffistell, 20 stk., 4 manna, kremað, svart eða brúnt. Fæst í BYKO Breidd, Akureyri og Selfossi.



**1.590**

GALZONE DENMARK

Vnr. 43820008

## Kökudiskur

HEROLD kökudiskur á 3 hæðum, 22, 19, 15,5 cm, 37 cm á hæð.

## Jólaleikur BYKO

**150 þúsund króna inneign í Nóatúni**

NÓATÚN



# GLÆSI






7.990
~~11.390~~



BOSCH
Vnr. 65742313
**Ryksuga**
BOSCH ryksuga, 1500W.



4.990
~~7.399~~

Vnr. 41383235
**Hitafat**
Framreiðslufat 30 cm. Glæsilegt fat með loki og undirhita. Tilvalið fyrir heita rétti á hlaðborði.




19.990

Vnr. 65001615
**Ferðasjónvarp**
COBY ferðasjónvarp með innbyggðum DVD spilara, með sjónvarpsloftneti, 7" skjá, 12V fyrir bílinn.



4.990
~~5.990~~

BOSCH
Vnr. 65743000
**Vöfflujárn**
BOSCH vöfflujárn, 1000W.



2.990
~~3.990~~

BOSCH
Vnr. 65744610
**Brauðrist**
BOSCH brauðrist, TAT4610, 950W.

**www.byko.is**
verslaðu á netinu

# LEGAR
*gjafavörur*

BYKO
GÆÐI Á LÆGRA VERÐI



**RÁNDÝR KAKA** Þessa japönsku súkkulaðiköku skreyta eitt hundrað demantar, Hún kostar 100 milljón jen. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmælaganga í Moskvu gegn meintum alræðistilburðum Rússlandsstjórnar:

# Hundruð lýðræðissinna handteknir

**RÚSSLAND, AP** Yfir tvö þúsund manns tóku þátt í sjaldséðum mótmælum gegn ríkisstjórninni í Moskvu í fyrradag. Mótmælendur sökuðu Kremlarstjórnina um valdstjórnartilburði og mótmæltu breytingum á kosningalöggjöf.

Yfirvöld handtóku um 80 mótmælendur og hindruðu um 320 manns í að vera viðstaddir mótmælin með því að handtaka fólk í lestum og strætisvögnum, að sögn skipuleggjenda, en þeir hvöttu stjórnvöld til að snúa við því sem þeir kalla andlýðræðislega þróun.

Mótmæli héldu áfram á sunnudag. Mótmælendur héldu á spjöldum í minningu Önnu Politkovskaju og fleiri rússneskra blaðamanna sem hafa verið myrtir, og hrópuðu „niður með lögreglurríkið“.

„Á næsta ári ættu allir að taka ákvörðun um hvað við gerum úr landi okkar,“ sagði fyrrverandi forsætisráðherra, Mikhaíl Kasjanov, sem er sagður hyggja á forsetaframboð árið 2008. „Viljum við leyfa þessum mönnum að halda áfram með lögleysuna eða munum við gera það að markmiði okkar að byggja upp lýðræði?“ spurði Kasjanov.

„Þessi mótmæli þýða að yfirvöld eru ekki eins einráð og öflug og áður,“ sagði skákmeistarinn Garrí Kasparov, en hann var einn af skipuleggjendum mótmælanna. „Yfirvöld eru hrædd um að einn góðan veðurdag munum við segja að nú sé komið nóg,“ sagði hann.

Mótmælendur hrópuðu „Frelsi!“ og héldu á borðum með slagorðunum „Ekkert lögregluríki“ og „Rússland án Pútíns“.



**HANDTÖKUR** Óeirðalögregla fjarlægði um 400 mótmælendur í Moskvu á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Guðjón Helgi Ólafsson á fyrstu fjölnota skógarhöggsvélina á Íslandi:

# Græni drekinn heggur skóga og sáir

**LANDBÚNAÐARMÁL** Fyrsta skógarhöggsvélin sem flutt hefur verið til Íslands er byrjuð að láta til sína taka í skógum landsins. Vélin er kölluð Græni drekinn eftir samnefndu fyrirtæki á Selfossi og er í eigu Guðjóns Helga Ólafssonar.

Guðjón segir að þörfin fyrir vélina sé mikil. „Það eru mörg ár síðan það hætti að duga að fá mannafla með keðjusagir til að höggva skóga landsins,“ segir Guðjón en skógarvörðurinn á Suðurlandi, Hreinn Óskarsson, kom að máli við hann fyrir þremur árum og spurði hvort hann vildi ekki taka það upp hjá sér að kaupa slíka vél.

Græni drekinn er fjölnota vél sem getur höggvið tré, sáð fyrir nýjum skógum og borið áburð á. Bæði er hægt að festa skógarhöggsvél framan á arm hennar sem og sáningarvél.

Vélin verður notuð um allt land að sögn Guðjóns og hefur þegar verið notuð í Haukadal og á Þingvöllum en Guðjón var að grisja Norðmannalund á Þingvöllum á fimmtudag.

Heildarkostnaðurinn við kaupin á Græna drekanum er 32 milljónir og stendur Guðjón sjálfur að kaupunum að mestu leyti, með dyggri aðstoð Glitnis frænda að sögn eigandans. Guðjón mun selja Skógrækt ríkisins þjónustu vélarinnar og ferðast á milli landshluta með drekann á pallinum á flutningabílnum sínum. - ifv



**GRÆNI DREKINN** Fyrsta fjölnota skógarhöggsvélin á Íslandi er ellefu tonna tryllitæki sem er ætlað að grisja skóga á öllu landinu og planta nýjum.



„ORÐRÉTT“

*Bankastjóratískan er dýr*

**„Afleiðing útrásarinnar hefur verið sú að mönnum finnst eðlilegt að breyta nöfnum í samræmi við tískustrauma erlendis.“**

GUÐMUNDUR ODDUR PRÓFESSOR Í LISTAHÁSKÓLANUM RÆÐIR NAFNABREYTINGU KB BANKA AFTUR YFIR Í KAUPÞING, SEM GÆTI KOSTAÐ UM 200 MILLJÓNIR KRÓNA.

Blaðið, 15. desember

*Engar kennslubækur til um konur*

**„Konur eru flóknar fyrir karlmenn og þegar þeir reyna að búa þær til í bókum eða bíómyndum þá verða þær svo klisjukenndar.“**

JÓN GNARR RÆÐIR UM SKEGGMINNA KYNIÐ

Birta, 15. desember

*nær og fjær*
**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** EYVINDUR KARLSSON, ÚTVARPSMAÐUR OG SÖNGVARI

# *Hleypir skáldsögum í hólka*



„Það er bara að frétta að ég er á kafi með útvarpsþáttinn Tímaflakk á Rás 2. Svo er ég líka að klára plötu með hljómsveitinni Misery Loves Company sem kemur út einhvern tíma eftir áramót.“ Hljómsveitin hóf feril sinn á því að spila lög eftir Tom Waits, en á plötunni verða eingöngu frumsamin lög. Hljómsveitin hefur spilað mikið á Rósenberg undanfarið, þá gjarnan í samfloti með trúbadornum Svavari Knútssyni. „Maður er alltaf að dóla sér við að spila. Uppistandið slæðist reyndar líka inn, en annars er nóg að gera hér á útvarpinu.“

En hvað gerir Eyvindur annað en að vinna?

„Það er fátt sem ég geri sem einhvers konar vinna. Ég er með tvær skáldsögur í skúffunni og vonast til að hleypa þeim í hólk eftir áramót. Svo er ég byrjaður að leggja drög að þeirri þriðju.“ Eyvindur hefur litlar áhyggjur af jólunum. „Ég verð fyrir norðan með tengdaforeldrum og svo hjá móður minni, aðfangadagur á Akureyri og jóladagur á Laugum. Ég þarf ekki að undirbúa neitt, þarf ekki einu sinni að rista brauð um jólin.“

## JÓLASVEINNINN Í KANADA
### FÆR VERND FRÁ FLUGHERNUM



■ Jólasveinninn í Kanada fær yfir milljón bréf á ári frá börnum í Norður-Ameríku. Kanadíski flugherinn fylgir honum inn í lofthelgina. Í Bandaríkjunum fylgist loftvarnarkerfið Norad einnig með ferðum hans. Er komin löng hefð á það til að koma fólki í jólaskap, og ekki eru dæmi þess að hann hafi verið skotinn niður, þrátt fyrir rauð föt.

## SJÓNARHÓLL
LAGABREYTING Í FÆREYJUM



**HRAFNKELL TJÖRVI STEFÁNSSON**
Framkvæmdastjóri Samtakanna ´78.

### *Mikilvægt skref*

„Þessi breyting á lögum um vernd minnihlutahópa í Færeyjum er gríðarlega mikilvægt skref í rétta átt. Slík verndarákvæði í hegningarlögum vernda ekki aðeins rétt minnihlutahóps sem stendur veikt í samfélaginu heldur eru þau um leið yfirlýsing löggjafans um tilverurétt samkynhneigðra í landinu, en hingað til hafa færeyskar lesbíur og hommar flúið heimaland sitt í hópum vegna þeirra neikvæðu viðhorfa sem enn eru ríkjandi,“ segir Hrafkell Stefánsson, framkvæmdastjóri Samtakanna ´78. Færeyska þingið hefur samþykkt að breyta lögum þar í landi svo óheimilt verði að ráðast á samkynhneigða vegna kynhneigðar þeirra. Færeyjar eru síðasta norræna landið til að innleiða slík lög.

„Ástand mála í Færeyjum er í rauninni ekki ósvipað og á Íslandi fyrir 20-30 árum. Þessi breyting nú hefði ekki orðið að veruleika nema vegna þess þrýstings sem samtök samkynhneigðra á Norðurlöndum og ýmsir norrænir stjórnmálamenn beittu,“ segir Hrafnkell Tjörvi.

# Jólasveinninn býr á Grænlandi

**Á fertugasta árþingi jólasveina sem haldið var í Kaupmannahöfn sumarið 2003 var það staðfest að heimkynni jólasveinsins væru í Grænlandi með þeim rökum að þar væri svo mikið af hreindýrum. Miklar deilur hafa staðið við finnska jólasveininn síðan, en hann leggur það fram á hverju ársþingi að hann verði samþykktur sem hinn eini sanni jólasveinn. Nú getur farið svo að Grænland missi sveinka frá sér.**

Finnski jólasveinninn heitir Joulupukki, eða jólageitin, og er sagt að hann hafi eitt sinn gengið um klæddur hreindýraskinni og heimtað jólagjafir af fólki en hann hefur nú, líkt og íslenskir frændur sínir, snúið til betri vegar.

Máli sínu til stuðnings um að vera hinn eini sanni jólasveinn má benda á Jólasveinalandið sem hann rekur rétt hjá bænum Rovaniemi uppi við heimskautsbaug. Um hálf milljón manna heimsækir Jólasveinalandið árlega, og pósthús jólasveinsins fær hundruð þúsunda bréfa á ári hverju frá um 150 löndum. Finnski jólasveinninn er mikill heimsmaður, og svarar bréfum á ensku, ítölsku, pólsku, frönsku, þýsku, japönsku og spænsku jafnt sem finnsku. En aðeins einu af hverjum tíu bréfum er svarað, fylgi heimilisfang með og ekki bara gjafalisti.

Yngvi Ragnar Kristjánsson sem sér um póst íslensku jólasveinanna segist þó ekki óttast samkeppni frá finnska jólasveininum. „Finnar eiga bara einn jólasvein en við eigum þrettán. Þeir skiptast hér á vöktum allan desember.“

Jólasveinninn á Grænlandi reynir að svara öllum bréfum sem til hans eru send, og fær hann um 50.000 bréf á ári. Undanfarin ár hefur hin ríkisrekna ferðaþjónusta Nuuk hjálpað til við starfið, en í ár voru fjárlög til hennar skorin niður. Treysti grænlenski jólasveinninn sér því ekki til að svara bréfum í ár, og lá við að aðdáendur hans yrðu fyrir sárum vonbrigðum. En með aðstoð sjálfboðaliða, sem sumir hafa komið alla leið frá Árósum í Danmörku, hefur þó tekist að vinna á magninu og nú þegar hefur 8000 bréfum verið svarað.

Atassut-stjórnmálaflokkurinn á Grænlandi hefur miklar áhyggjur af gengi jólasveinsins, þar sem slæmur fjárhagur hefur leitt til þess að ýmsar eigur Jólasveinastofnunarinnar hafa verið seldar.



**JÓLASVEINARÁÐSTEFNAN 2006** Tekin var ákvörðun um að jólatré mættu vera litskúðugri, en samþykktinni um heimkynni jólasveins var ekki hnikað



**JÓLASVEINAR OG NORÐURLJÓS** Það eru allir sammála um að jólasveinninn búi á norðurhjara, en hversu norðarlega greinir menn á um. LJÓSMYND: RAGNAR TH.



**FINNSKI JÓLASVEINNINN** Undirbýr gögn fyrir ráðstefnuna 2007. Mun hans tími koma?

Það er því spurning hvort titillinn „hinn eini sanni jólasveinn“ lendi í Rovaniemi á 44. ársþinginu næsta sumar. Eða jafnvel í Mývatnssveit.

valurg@frettabladid.is


Opið til 22:00
fram að jólum



1.590,-
GLÄNSA
ljósakrans Ø40 cm

IKEA
www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2006


# Danir liggja í því um jólin

Ásta Sóley Sigurðardóttir vann á Hard Rock Café í Kaupmannahöfn í þrjú ár en flutti heim í haust. Hún segir ákavíti vinsælt í Danmörku, en Danir eiga sér þó annan jóladrykk.

„Það eru aðallega tvö ákavíti sem eru drukkin í Danmörku, Álaborgar, sem er líka til hér heima, og Linje, sem er frá Noregi. Linje er léttara og minna kryddað og er mjög vinsælt í Danmörku. Þeir eru líka margir furðulegir Norðmenn sem blanda það með Red Bull og Sprite og heitir sá drykkur Fjeldbak.“ Ásta segir fólk ekki drekka áberandi meira af ákavíti í kringum jólin.

„Þetta er heilsársdrykkur og er mikið drukkinn með mat, eitt skot fyrir og kannski sex á eftir ef menn eru þannig stemmdir.“

Og hvað drekka Danir þá um hátíðirnar?

„Þeir drekka koníak út í kakó, sem er í boði á öllum kaffihúsum hér. Fólki finnst sérstaklega gott að fá sér eitthvað að borða með sem er eins og djúpsteikt deig með sykri, og er hægt að kaupa hérna í Tívolí um jólin. Menn hella yfirleitt ekki gæðakoníaki út í, enda fær koníakið ekki beint að njóta sín.“ Ásta flytur hefðina með sér heim. „Koníak í kakó eru jólin hjá mér, en þetta kostar örugglega meira hér.“

Ef af verður að dýrasta vínið lækki er þó um að gera að finna eitthvað til að blanda því út í. -vg



**DANSKT ÁKAVÍTI** Vinsælt árið um kring, en Danir eiga sér annan jóladrykk sem minna fer fyrir hérlendis.




# 799 kr/kg.

## Hornafjarðarhumar 1 kg.

**allt í matinn á einum stað**

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 18. desember til 19. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

# Frábært úrval a

Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind. Takmarkað úrval í öðrum verslunum.



**DeLonghi espresso kaffivél**
- Fullkomin 1,8l Espresso kaffivél með kaffikvörn
- Malar kaffibaunir og býr til kaffið
- Tekur líka malað kaffi
- Hægt að stilla hve fín mölunin er
- Býr til gufu bæði til að flóa mjólk og fyrir heita drykki eins og te
- Cappucino System - Blandar saman gufu, lofti og mjólk fyrir frábært Cappucino

TILBOÐ
**49.990kr**
Verð áður 59.990,-



**Philips senseo kaffivél**
- 1450w Senseo kaffivél
- Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu
- Hver bolli er ferskur og með lag af froðu
- Tekur aðeins 30 sekúndur að laga auðvelt að hreinsa

GOTT VERÐ
**9.990kr**



**Melissa örbylgjuofn**
- 800w digital örbylgjuofn
- 1000w grill
- Elektrónískar stillingar
- 20 lítra
- Stærð í cm (bxhxd): 45,8x29,5x39,8

GOTT VERÐ
**12.990kr**



GOTT VERÐ
**4.990kr**

**Melissa multimixer**
- Undratæki sem gerir nánast allt! Hakkar, blandar, hrærir, sker, mylur og svo margt fleira
- Kemur í staðinn fyrir matvinnsluvélina, blandarann, safapressuna og kaffikvörnina.
- Með í pakkanum fylgja 4 glös, 2 skálar sem mega fara í örbylgjuofn, 4 lok og uppskriftabæklingur.
- Möguleikarnir eru óteljandi með Melissa Multi Mixer!

**Ideline súkkulaðipottur**
- Súkkulaðipottur til að bræða súkkulaði
- Hentar vel til að búa til heimatilbúið konfekt, húða ávexti með súkkulaði eða sem súkkulaði fondú
- Bræðir súkkulaði án þess að brenna það
- Hentar fyrir allar tegundir af súkkulaði
- Margir fylgihlutir og uppskriftabæklingur fylgja



GOTT VERÐ
**3.990kr**

GOTT VERÐ
**3.990kr**



**Ideline raklette panna**
- 1200W
- 8 manna

**Lenco ferðatæki**
- Lítið og nett ferðatæki með útvarpi og geislaspilara

GOTT VERÐ
**3.990kr**



**Dantax útvarp**
- Fallegt gamaldags FM útvarp
- Aux inngangur
- Heyrnartólstengi

GOTT VERÐ
**6.990kr**



Gildir til 24. desember eða á meðan birgðir endast.

# f raftækjum

**OPIÐ**
til kl. 22
öll kvöld til jóla

Vaxtalausar greiðslur í boði fyrir raftæki að andvirði 60.000 eða meira*

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.



### Olympus myndavél
- 7.1 MegaPixel
- 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom
- Linsa: 6.5 - 19.5mm (35mm samb.: 37 - 111mm)
- 2,5" LCD skjár (115.000 pixlar)
- Auto Flass og Red Eye Reduction
- Tímarofi
- USB tenging við tölvu
- 19,1mb innbyggt minni
- Tekur xD kort
- Hugbúnaður fylgir

GOTT VERÐ **24.990**kr



### Olympus myndavél
- 6 MegaPixel
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
- 2,5" LCD skjár
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
- USB tenging við tölvu
- Tekur xD kort
- 22MB innra minni, USB snúra og hleðslurafhlöður fylgja
- Hugbúnaður fylgir

GOTT VERÐ **19.990**kr



GOTT VERÐ **7.990**kr

### Dantax míkrósamstæða
- Míkró samstæða með útvarpi, stöðvaminnum, geislaspilara, kasettutæki og fjarstýringu



GOTT VERÐ **14.990**kr

### Casio hljómborð
- 49 nótur • 100 hljóð • 12 nótna pólifónía • 100 prógröm
- 50 innbyggð lög • Stærð: 87.5x30x10cm • Þyngd: 3,2 kg
- Notar 6 AA rafhlöður eða straumbreyti



### Apple iPod nano
- 2GB iPod Nano MP3 spilari • 2 kynslóð • 1.5" LCD litaskjár (176x132 pixlar) • Spilar MP3, Audible (2/3/4), Apple Lossless, AIFF, WAV og AAC • Sýnir ljósmyndir • Geymir allt að 500 lög eða 25.000 ljósmyndir • Uppfæranlegur
- Endist í allt að 24 tíma á einni hleðslu • Tekur aðeins 3 tíma að hlaða (1.5 tíma upp í 80%) • iTunes hugbúnaður fylgir (MAC/PC) • Tónjafnari • Vekjari og svefnrofi
- USB kapall og heyrnartól fylgja • Þyngd aðeins 43gr.

TILBOÐ **16.990**kr
Verð áður 20.990,-



### Philips gjafasett
- 8 í einu - Allt fyrir hárið!
- Glæsilegt gjafasett með 8 hausum, m.a. krullujárn, krullubursti, sléttu/vöfflujárn og slöngulokkum

GOTT VERÐ **3.990**kr



GOTT VERÐ **24.990**kr

### Dantax sambyggt sjónvarp og DVD
- 21" Black Matrix myndlampi
- Stereó hljóðkerfi
- Textavarp, allar aðgerðir á skjá og 2x Scart tengi
- Fjarstýring
- Fjölkerfa DVD spilari
- Spilar DVD/CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/JPEG/MP3
- Mál (bxhxd): 52x49x49 cm



### Philips rakvél
- Reflex action hnífar
- Super Lift & Cut
- Bartskeri

GOTT VERÐ **4.990**kr



### Philips hárblásari
- 2000w öflugur hárblásari
- ION tækni sem afrafmagnar hárið
- 3 hita og hraðastillingar
- Blæs köldu lofti
- Viðbótarhaus f. viðkvæmt hár
- 2m snúra

GOTT VERÐ **4.490**kr

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Svona erum við

> Meðalúrkoma á nokkrum stöðum á landinu í desember 2005.




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** JÓLAVERSLUNIN Í ÁR

# *Heimilistæki og gjafakort vinsæl*

Jólaverslunin í ár hefur gengið mjög vel. Talið er að um það bil níu prósenta magnaukning verði milli ára 2005 og 2006. Jólaverslunin byrjaði hins vegar ekki mjög snemma í ár en verður þá væntanlega kröftugri síðustu daga fyrir jól. Samgöngur hafa almennt verið þokkalegar nema kannski nyrst á Vestfjörðum þannig að fólk kemst milli staða og það hjálpar til upp á jólaverslunina.

**Hvað einkennir jólasöluna í ár?**

Mikil sala hefur verið á heimilistækjum eins og ísskápum, flatskjám og uppþvottavélum. Ávaxta- og grænmetispressan hefur verið vinsæl undanfarin tvö ár og heldur sínu enda nýlega kosin jólagjöf ársins hjá Rannsóknarsetri verslunarinnar. Sala á gjafakortum hefur aukist jafnt og þétt og eru Kringlan og Smáralind farin að selja rafræn gjafakort. Rafræn gjafakort eru einnig væntanleg hjá Miðborgarsamtökunum innan tíðar. Rafrænu kortin virka eins og debetkort nema þau eru handhafakort og því ekki skráð á nafn og ekki með mynd og undirskrift korthafa.

**Hvað með þjófnað í verslunum?**

Töluvert mikið er um búðahnupl fyrir jólin. Gífurlegir fjármunir gufa upp sem



leiðir til þess að vöruverð hækkar. Verslanir á Íslandi tapa yfir 3.000 milljónum á ári vegna þjófnaða starfsmanna og viðskiptavina. Áhrif þjófnaða á neysluvísitölu hækkar vísitölutryggð lán um 150 milljónir á ári. Þá hefur kostnaður við öryggiseftirlit vaxið óhemjumikið á undanförnum árum og svo mönnun. Vegna þjófnaða þurfa verslunareigendur að hækka vöruverð til að mæta kostnaði sem hlýst af þeim. Það er því ekki aðeins verslunin sem tapar á þjófnuðum, heldur þjóðfélagið allt.

**SPURT & SVARAÐ**
SJÚKRALIÐANÁM

## *Gefandi og fjölbreytt*



ÁGÚSTA JÓHANNSDÓTTIR
Kennari og hjúkrunarfræðingur

Fjölga þarf sjúkraliðum um 50 á ári til að fullnægja þörfinni. Þetta er meðal þess sem fram kemur í skýrslu um spá um þörf fyrir vinnuafl í heilbrigðiskerfinu sem Hagstofa Háksóla Íslands vann.

**Hversu margir eru í sjúkraliðanámi?**

„Hér á sjúkraliðabraut Fjölbrautarskólans í Breiðholti eru 249 nemendur og nú á miðvikudaginn verða 39 sjúkraliðar útskrifaðir. Okkur vantar tilfinnanlega karlmenn í fagið en þeir eru aðeins fjórir af öllum sem stunda nám.“

**Hversu langt er námið?**

„Námið er 120 einingar sem jafngildir þremur árum fyrir þá sem ekki eru með stúdentspróf. Eftir réttindanámið þurfa nemendur aðeins að bæta við sig nokkrum einingum til að ljúka stúdentsprófi. Þeir sem eru með stúdentspróf geta náð sér í sjúkraliðaréttindi á tveimur árum.“

**Hvað tekur við að námi loknu?**

„Sá hópur sem er í náminu er mjög fjölbreyttur og sumir halda áfram í stúdentspróf, hjúkrunarfærði eða kennaranám. Þá fáum við einnig inn fólk sem hefur verið í atvinnulífinu í langan tíma og langar til að breyta til. Námið er mjög fjölbreytt og mikil eftirspurn eftir sjúkraliðum svo þeir eiga auðvelt með að velja úr störfum eftir útskrift. Ég myndi segja að starf sjúkraliða væri gefandi, skemmtilegt og fjölbreytt.“

BBC WORLD SERVICE

# Bandamenn kýta um þotukaup

**Stjórnvöld í Noregi og Danmörku þurfa nú fyrir áramót að taka ákvörðun um það hvort þau hyggist taka þátt í næsta þróunaráfanga bandarísk-fjölþjóðlegu orrustuþotunnar F-35 og greiða sinn skerf af kostnaði við hann.**

En varnarmálaráðherrar beggja landa segja að jafnvel þótt það verði gert felist ekki í því skuldbinding til að taka bandarísku þotuna, sem einnig er þekkt undir nafninu Joint Strike Fighter (JSF), fram yfir hina valkostina tvo, sem bæði norski og danski flugherinn eru að skoða sem mögulega arftaka F-16 orrustuþotuflota síns. Hinir valkostirnir eru hin sænska JAS-39 Gripen og hin evrópska Eurofighter Typhoon.

**Risafjárfesting**

Norski flugherinn á 58 F-16-þotur og danski flugherinn 68. Gert er ráð fyrir að byrjað verði að úrelda þessar vélar frá miðjum næsta áratug, og því stendur til að stjórnvöld beggja landa ákveði fyrir lok þessa áratugar hvaða vélar eigi að taka við af þeim og þjóna flugherjum landanna fram yfir árið 2050. Þetta er spurning um einhverja stærstu innkaupasamninga í sögu beggja landa, enda munu þeir hljóða upp á andviðri nærri 500 milljarða íslenskra króna fyrir hvorn flugher, samkvæmt bráðabirgðaáætlun. Það er fyrir 48 þotur og tæknilegar uppfærslur þeirra á samningstímanum.

Að þetta verð geti staðizt hefur hins vegar verið dregið í efa. Samkvæmt útreikningum Hollendinga munu þær 85 vélar sem þeir hafa sýnt áhuga á að kaupa kosta 14,6 milljarða evra, andvirði um 1.330 milljarða íslenskra króna. Miðað við sama stykkjaverð myndu þar með 48 þotur kosta um 750 milljarða króna.

Espen Barth Eide, aðstoðarvarnarmálaráðherra Noregs, var í Washington fyrir helgi til viðræðna um málið og Jacob Winther, talsmaður danska varnarmálaráðuneytisins, tjáði fréttavef Aftenposten að „síðustu pólitísku ráðfærslurnar færu fram í þessari viku“ um þátttöku í síðasta forframleiðsluáfanga JSF.

Þegar hafa fimm af upprunalegu JSF-samstarfslöndunum átta (Ástralía, Kanada, Holland, Bretland og Tyrkland) ákveðið að taka þátt í þessum þriðja áfanga, en þróun JSF hefur nú staðið yfir í tíu ár. Bandarísk yfirvöld hafa lagt ofuráherzlu á að samningar um áframhaldandi þátttöku allra samstarfslandanna yrðu í höfn fyrir lok þessa árs. Evrópsku samstarfsþjóðirnar voru tregar til að verða við þessum óskum Bandaríkjamanna, einkum vegna óánægju með hve tregir þeir hafa verið til að deila tækninýjungum, ekki sízt þróaðasta hugbúnaðinum fyrir vopnabúnað þotunnar, með bandamönnunum austanhafs.

**Bretar ósáttir**

Svo rammt kvað að þessari óánægju í Bretlandi, að sú nefnd brezka þingsins sem hefur með hergagnakaup að gera mælti með því í skýrslu í byrjun desember að Bretar íhuguðu alvarlega að segja skilið við JSF-samstarfið, ef Bandaríkjamenn bættu ekki ráð sitt.

Svo fór þó ekki í bili að Bretar, nánustu bandamenn Bandaríkjamanna, heltust úr lestinni; brezki hergagnaráðherrann Drayson lávarður undirritaði á þriðjudaginn var samninga um þátttöku Breta í næsta þróunaráfanga. Það gerði hann eftir að hafa fengið skilaboð um það frá Washington að þannig yrði búið um hnúta að Bretar myndu fá í hendur allt það sem þarf til að flugher þeirra verði ekki háður sérfræðiráðgjöfum frá Bandaríkjunum til að beita nýju þotunum. Drayson tók þó fram, að Bretar væru ekki endanlega skuldbundnir til að kaupa þær 150 þotur sem getið er í samningnum; það væri líka verið að skoða annað „plan B“ sem hann gaf þó ekkert nánar upp um.

Drayson sagði Breta hafa heitið sem nemur 4,7 milljörðum króna til verkefnisins til viðbótar við þá 140 milljarða króna sem þeir hafa þegar varið til þess. Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið eru um 276 milljarðar dala, andvirði 19.300 milljarða króna (19,3 billjóna). Ef öll framleiðsluáform ganga eftir verða á næstu áratugum smíðaðar fleiri en 4.000 slíkar vélar, en lokasamsetning þeirra fer fram hjá Lockheed Martin í Fort Worth í Texas og stærstur hluti þeirra mun þjóna Bandaríkjaher.



JAS-39 GRIPEN NORDICPHOTOS/AFP

## F-35-orrustuþotan í mótvindi

**Norðmenn, Bretar og fleiri þjóðir sem tekið hafa þátt í að þróa F-35 „Joint Strike Fighter“-orrustuþotuna ásamt Bandaríkjamönnum eru ósáttar við óvilja hinna síðarnefndu til að deila tækninýjungum með bandamönnum sínum. Af þessum völdum hafa þessar þjóðir áréttað að þær áskilji sér rétt til að kaupa vélarnar ekki. Heildarkostnaður verkefnisins er áætlaður 276,5 milljarðar dala, andvirði yfir 19.000 milljarða króna.**

| Samstarfslönd | Fjárfesting |
|---|---|
| Bretland | 2 ma USD |
| Ítalía | 1 ma |
| Holland | 800 m |
| Tyrkland | 175 m |
| Ástralía | 150 m |
| Kanada | 150 m |
| Noregur | 125 m |
| Danmörk | 125 m |
| Pólland* | 75-100 m |
| Ísrael* | 50 m |
| Singapúr* | 50 m |




© GRAPHIC NEWS *Þátttakendur í öryggissamstarfi

**Áhyggjur af forsendum fjárfestingar**

Ein helzta röksemd ráðamanna þátttökuríkjanna fyrir aðild að JSF-verkefninu var að þar með væri verið að fjárfesta í aðgangi að nýjustu tækninni á þessu sviði og því er ekki að undra að sumum virðist að forsendurnar fyrir hinni gríðarlegu fjárfestingu stefni í að bresta ef öflugasti leikmaðurinn heldur spilunum svo þétt að sér að nánustu samherjar hans fá ekki einu sinni að líta á þau. Með þátttökunni vonast þátttökuríkin ennfremur til að þeirra eigin hátækniiðnaður fái skerf af kökunni; þannig hafa til dæmis norskir framleiðendur hástyrks-plastefna sem mikið verða notuð við smíði JSF hugsað sér gott til glóðarinnar af hinni norsku þátttöku í verkefninu. En eins og verkefnið hefur þróazt hafa áhyggjur farið vaxandi um að minna verði um slík aðkaup íhluta en Norðmenn og fleiri þátttökuþjóðir gerðu sér vonir um.

Gagnrýnendur fjárfestinganna í þróun JSF benda líka á, að sennilega verði meiri möguleikar á slíkri íhlutaframleiðslu ef samið yrði um kaup á hinni sænsku Gripen eða evrópsku Eurofighter. Það sem einkum gerir JSF-þotuna dýra er að hún á að vera torséð á ratsjám, en það gerir að verkum að öllum vopnabúnaði vélarinnar þarf að koma fyrir inni í vélinni svo að yfirborðið sé slétt. Þetta gerir vélina þyngri en keppinautana, sem gerir hana eyðslufrekari og þar með skammdrægari. Norski flugherinn hafi hins vegar í raun ekkert við torséðu tæknina að gera; hlutverk orrustuþotna í Noregi sé jú fyrst og fremst að sjá landinu fyrir sýnilegum vörnum í hinni víðfeðmu og auðlindaríku lögsögu þess.



EUROFIGHTER TYPHOON GRAPHICNEWS

**Þrýstingur frá Washington**

Norski aðstoðarráðherrann Barth Eide leggur á það áherzlu í samtali við fréttavef Aftenposten að valkostirnir þrír, JSF, Gripen og Eurofighter, séu enn fyllilega jafngildir kostir. Ríkisstjórn George W. Bush Bandaríkjaforseta hefur aftur á móti þrýst mjög á JSF-þátttökuríkin að halda tryggð við verkefnið. Bush-stjórnin hefur gefið norsku vinstristjórninni, sem tók við völdum haustið 2005, mjög sterklega til kynna að hernaðarlegt samstarf þjóðanna – sem hefur verið mjög náið allt frá stofnun NATO árið 1949 – myndi bíða hnekki ef Norðmenn skyldu velja að kaupa ekki bandarísku þoturnar. Bæði framleiðendur Gripen og Eurofighter segja að val á þeirra þotum þurfi alls ekki að veikja tengslin við Bandaríkin, enda allar þoturnar framleiddar samkvæmt NATO-stöðlum úr íhlutum frá NATO-löndum. Það er hins vegar ljóst að Bandaríkjastjórn lítur þetta öðrum augum.



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is


Shine
RAYMOND WEIL
GENEVE
www.raymond-weil.com
HERMANN JÓNSSON [ HJ ] VIÐ INGÓLFSTORG
551 3014
hjwatch@simnet.is
Bjóðum allt að 12 mánaða vaxtalausar greiðslur þegar greitt er með greiðslukorti.





## MEÐ **FULLKOMNA FORYSTU** Í PLASMA–SJÓNVARPSTÆKJUM!

**PUREBLACK Panel 2** – Ótrúlega nákvæmir og náttúrulegir litir, mögnuð dýpt og skerpa.
**Direct Colour Filter 2** – Einstök filma í stað glerhlífar veitir glampavörn og nær ótakmarkað sjónsvið.
**Dynamic HD Converter** – Stækkar venjuleg sjónvarpsmerki upp í HD upplausn og gefur óvenju skarpa mynd.
Innbyggður DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort.
Tvö stafræn HDMI tengi og PC-tölvuinngangur.

Upplausn: 1024 x 768
Contrast: 3000:1
Birta: 1100 cd/m2
Svartími: ~0 ms
Mynd-í-mynd (2 tuner, multi-mode)

3ja ára ábyrgð!
PIONEER–ORMSSON

**PIONEER PDP-427XD 42" PLASMA: Verð kr. ~~399.900~~** **TILBOÐ: Kr. 359.900**
**PIONEER PDP-507XD 50" PLASMA: Verð kr. 499.900**

# PIONEER PDP-427XD / PDP-507XD

## Sjöunda kynslóð margverðlaunaðrar plasmatækninnar frá Pioneer.
## **Það flottasta á markaðnum!**

Pioneer

Leiðandi í framleiðslu Plasma-sjónvarpstækja og með fullkomna forystu. Fagtímarit um víða veröld staðfesta það. M.a. hefur PIONEER fengið EISA verðlaunin *"European Plasma Television of the Year"* tvö ár í röð. Hér er framtíðin tryggð. Náttúrulegir litir – hreinni, skarpari og mun raunverulegri mynd en nokkru sinni fyrr. Komdu og sjáðu muninn!

SHARP®

LCD skjáirnir frá SHARP eru álitnir þeir bestu í heimi. Það kemur fáum á óvart sem fylgst hafa með þróun LCD sjónvarpa. Þar hefur SHARP verið í forystusveit frá upphafi. Vörulínan er stór – hún spannar frá 20" upp í 52". Ef myndgæðin skipta þig máli, þegar þú hugleiðir sjónvarpskaup þá treystu SHARP – ótvíræður frumkvöðull LCD tækninnar.

KVIKA BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTARVILLUR OG MYNDBRENGL.

SHARP®



**32" LCD SJÓNVARP**

SHARP LC32GD8E
Skjástærð: 32"
DVB-T Stafrænn sjónvarpsmóttakari.
Upplausn: 1366 x 768 WXGA (16:9)
Contrast: 1200:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 176°/176°
6 ms svartími
Clear Flat hljóðkerfi
60,000 klst. ending á skjá
(samsvarar 16 árum m.v. 10 klst. notkun á dag)
Tengi: HDMI INPUT, 2x SCART IN, S-VIDEO IN, COMPONENT IN (VIA VGA), PC INPUT (VGA), RS232, C.I. SLOT

**SHARP LC32GD8E**
**TILBOÐ: 179.900.-**

SHARP®



**32" LCD SJÓNVARP**

SHARP LC32GA9E
Skjástæðir: 32"
Upplausn: 1366 x 768 WXGA (16:9)
Contrast: 1200:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 176°/176°
6 ms svartími
Clear Flat hljóðkerfi
60,000 klst. ending á skjá
(samsvarar 16 árum m.v. 10 klst. notkun á dag)
Tengi: 2x HDMI INPUT, 2x SCART IN, S-VIDEO IN, COMPONENT IN (VIA VGA), PC INPUT (VGA), RS232, C.I. SLOT

**SHARP LC32GA9E 32"**
**TILBOÐ: 179.900.-**

HÁTÍÐ ER Í BÆ!

FRÁBÆR *Jólatilboð*

# Það er nokkuð ljóst hvar þú finnur jólagjafirnar í ár!

**TEFAL**



Dásamlegar, nýbakaðar vöfflur – með hjálp TEFAL. Jólaverð frá kr.: 3.990.

**AEG**



AEG EA150 Espresso Kaffivél Jólaverð kr.: 15.900

*„Er þetta ekki einmitt kaffivélin sem við höfum leitað lengi að?“*

**Solis** OF SWITZERLAND



SOLIS PALAZZO Margverðlaunuð kaffivél. Jólaverð kr.: 79.900.

**TEFAL**



**JAMIE OLIVER**

EÐAL POTTAR OG PÖNNUR FRÁ JAIME OLIVER OG TEFAL Verð frá kr. 5.600

**TEFAL**

Traust mínútugrill. *Ummmm ...* Jólaverð frá kr.: 8.990.



ZWILLING



ZWILLING Barnahnífapör Jólaverð kr.: 2.790 settið

**AEG**



AEG AT260 Einfaldlega klassísk brauðrist sem endist lengi. Verð kr.: 5.990

## VINSÆLASTA JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

**Solis** OF SWITZERLAND

Ávaxta- og grænmetis-safapressan frá SOLIS. Jólaverð kr.: 15.900.



*Hollustan beint í æð!*

**EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS**





Lavamat 76820 Lavatherm 57820



AEG ÞVOTTAVÉL (1600 sn/mín) OG ÞURRKARI ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ Verð kr.: ~~213.900~~ · Jólaverð kr.: 175.000.



**AEG**

*„ALGJÖR HIMNASENDING.!“*

AEG UPPÞVOTTAVÉL ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ Orkunýtni: A / Þvottahæfni: A / Þurrkhæfni: A Einstaklega hljóðlát – aðeins 41 Db Kr. 89.000 Stál · Kr. 79.000 Hvít

**MERKIN OKKAR TRYGGJA GÆÐIN**



# ORMSSON

## 12 ORMSSON verslanir

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800

ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800

ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900

ORMSSON RADIONAUST SÍMI 461 5000

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535

MODEL AKRANESI SÍMI 431 3333

ÁRVIRKINN SELFOSSI SÍMI 480 1160

ÞRISTUR ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751

VÍK NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900

VÍK REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477

VÍK EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038

BÓKABÚÐIN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515

WWW.ORMSSON.IS

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þörf á verklagsreglum:

## Einkakostun opinberra verkefna

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Á undanförnum árum hefur einkakostun ýmiss konar opinberra verkefna rutt sér mjög til rúms. Það er eðlileg þróun og alþekkt með öðrum þjóðum. Engin ástæða er til að ætla að nokkur hlutur hafi gerst í þeim efnum sem ekki samrýmist góðum stjórnsýsluháttum.

En hér er þó gjarnan um að ræða viðfangsefni sem fjárveitingavaldið hefur ekki tekið afstöðu til með beinum hætti. Þau fela yfirleitt í sér samstarf um greiðslu kostnaðar við ákveðna þætti einstakra verkefna eða viðvarandi starfsemi.

Eftir því sem umfang kostunar einkaaðila á opinberum verkefnum eykst kemur upp þörf á að um fyrirbæri af þessu tagi gildi ákveðnar verklagsreglur. Þær eru æskilegar til þess að tryggja gegnsæi og óhlutdrægni. Aðalatriðið er að um slíkt samstarf ríkis og einkaaðila gildi skýrar reglur vandaðrar stjórnsýslu.

Sendiráðin hafa árum saman átt góða samvinnu við einkafyrirtæki um þátttöku í kostnaði við margvísleg verkefni. Óhætt er að fullyrða að kynningarstarf þeirra væri svipur hjá sjón ef þessum aðferðum væri ekki beitt.

Það er ekki síst á sviði menningarmála sem þáttabundin einkakostun hefur átt sér stað. Engum vafa er undirorpið að það hefur reynst lyftistöng fyrir menningarlífið bæði heima fyrir og á erlendum vettvangi. Gott dæmi þar um er að Listasafn Íslands gat með slíku móti fellt niður aðgangseyri og gert safnið aðgengilegra fyrir almenning.

Ráðuneytin sjálf eiga stundum hlut að máli. Það hefur reyndar einnig gerst að ráðherra hafi hafnað tilboði um þáttabundna einkakostun vísindarannsókna af ótta við að auglýsingagildi hennar gæti rýrt trúverðugleika viðfangsefnisins. Vera má að skýrar reglur gætu auðveldað slíkt mat í framtíðinni.

Forsetaembættið hefur í vaxandi mæli farið leið þáttabundinnar einkakostunar til þess að standa straum af kostnaði við bæði félags- og menningarlega metnaðarfull viðfangsefni. Þessi háttur hefur sannarlega aukið svigrúm þess til að láta gott af sér leiða án atbeina fjárveitingavaldsins.

Þegar á heildina er litið getur eigi að síður verið ástæða til að meta hvort rétt er að setja ákveðin formskilyrði viðvíkjandi ákvarðanir um samstarfsverkefni af þessu tagi. Aukinheldur er æskilegt að ákveða með hvaða hætti kostnaður er bókfærður þannig að unnt sé að sjá hann í heild varðandi einstök viðfangsefni og sýna heildarumfang einkakostunar í ríkisrekstrinum.

Einnig getur verið eðlilegt að kanna hvort setja eigi samstarfi af þessu tagi einhver mörk. Til að mynda þarf að huga að því hvort einhver embætti eða viðfangsefni séu þess eðlis að þau eigi alfarið að kosta af opinberu fé.

Rétt er að eftirlitsskylda Alþingis og Ríkisendurskoðunar sé skýr með slíkum samstarfsverkefnum rétt eins og öðrum verkefnum sem framkvæmdavaldið ber stjórnskipulega ábyrgð á. Í því ljósi væri ekki úr vegi að forsætisnefnd Alþingis eða fjárlaganefnd þess fæli Ríkisendurskoðun að gera tillögur um verklagsreglur eða lagaumgjörð.

Tilgangurinn á ekki að vera sá að hefta þessa þróun heldur finna henni góðan stjórnsýslufarveg.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Björn ekki ruglaður

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og Egill Helgason fjölmiðlamaður hafa verið að skjóta hvor á annan á heimasíðum sínum. Nú síðast hnýtti Egill í Björn fyrir að vera fylgjandi því að láta menn ekki „eiga neitt inni hjá sér“. Björn svarar á móti og segir: „Egill hefur atvinnu af því að etja mönnum saman í sjónvarpi og kynda undir orðaskipti þeirra. Gerir hann það í þágu lands og þjóðar? Er hann kannski bara að ýta undir þvergirðingshátt í gömlum stíl? Skýringin á því, að ég er hættur að horfa á Silfur Egils er líklega sú, að ég vil ekki verða ruglaður.“



### Kreddutrú

Nokkuð hefur verið deilt um framlag nóbelsverðlaunahagfræðingsins Friedmans til sögunnar. Þorvaldur Gylfason skrifaði til dæmis lofsamlega um Friedman í síðustu viku. Heimspekiprófessorinn Stefán Snævarr er ekki sáttur: „Eins og menn muna tel ég Þorvald Gylfason vera tvo menn, dr. Þorra sem skrifar skemmtilega og er sjófróður og hr. Þorvald Hólmstein sem þjáist af frjálshyggjukreddutrú. Pistill hans um Pinochet og Friedman er vissulega hressilega skrifaður en einkennist af barnslegri kreddutrú. Þorvaldur mærir Íslandsguðinn Friedman en „gleymir“ þeirri staðreynd að kenningar Friedmans eru af mörgum fræðimönnum taldar óprófanlegar.“

### Fleiri ríkisstarfsmenn

„Stjórn BSRB hefur sent frá sér ályktun þar sem fagnað er þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að færa öryggisgæslu á Keflavíkurflugvelli undir opinbera aðila að nýju,“ segir Ögmundur Jónasson, þingmaður vinstri grænna, á heimasíðu sinni. Þar með samgleðst hann Ögmundi Jónassyni, formanni BSRB, að ríkisstarfsmönnum fjölgi. Þá þenst líka félagssjóður BSRB út svo hægt sé að berjast fyrir góðum málum. Hins vegar fer ekki króna í vasa Ögmundar sjálfs, enda segist hann vinna kauplaust fyrir samtökin.



bjorgvin@frettabladid.is

## Sameinuð stjórnarandstaða



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

**Í DAG** | Stjórnmálaástandið

Spunahljóð feigðarinnar leikur um núverandi ríkisstjórn. Líkurnar á því að samstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknar haldi áfram að loknum þingkosningum fara þverrandi með viku hverri. Síðasta skoðanakönnun Gallup undirstrikaði þá staðreynd. Í fréttaflutningi af henni féll í skuggann sú staðreynd að samkvæmt henni vantaði stjórnarflokkana mikið upp á að halda meirihluta. Ríkisstjórnin var kolfallin. Í dag eru því langmestar líkur á því að ný ríkisstjórn taki við að loknum næstu þingkosningum.

**Þröng staða stjórnarflokkanna**

Forystuskipti Framsóknarflokksins tókust illa. Flokkurinn heldur áfram að tapa fylgi og hefur í dag innan við helming af kjörfylginu við þingkosningarnar 2003. Framsókn er blóðrifin frá grasrót upp í efstu lög. Það var staðfest með illa grundaðri atlögu formanns þingflokks, Hjálmars Árnasonar, gegn Guðna Ágústssyni, varaformanni Framsóknar, í komandi prófkjöri í Suðurkjördæmi. Atlagan er enn ein tilraun flokkseigendaklíkunnar til að hrekja Guðna Ágústsson úr stjórnmálum. Vitaskuld mun hann hætta tapi hann orrustunni við Hjálmar. Í aðdraganda þingkosninga er því Framsókn svo heillum rúin að hún telur það forgangsmál að efna til átaka milli forystumanna.

Á sama tíma er Sjálfstæðisflokkurinn byrjaður að missa flugið. Dr. Gunnar Birgisson, bæjarstjóri, hefur sagt að kosningafylgi íhaldsins sé jafnan 3-4% undir mælingum Gallup. Í síðustu könnun mældist Sjálfstæðisflokkurinn með 36% stuðning. Samkvæmt formúlu hins góða doktors er því raunverulegt fylgi flokksins í dag undir kjörfylginu 2003, þegar hann var í næstum sögulegu lágmarki, og hlaut 33,9%.

Erfiðleikar Sjálfstæðisflokksins eru þríþættir. Í fyrsta lagi virðist flokkurinn ekki hafa neinar nýjar hugmyndir að bjóða, og meðan hann er fastur í þráhyggju menntamálaráðherra um hlutafélagavæðingu RÚV komast engin önnur mál á dagskrá. Í öðru lagi hefur formaður flokksins tamið sér þann stíl standa sem lengst frá kastljósi fjölmiðlanna, hafa litlar skoðanir og á fáum málum. „Línan“ sem áður kom jafnan frá Valhöll er því mjóróma og lágt kveðin. Það gafst vel í upphafi ferils Geirs, en miklu síður á þeim átakatímum sem upp eru runnir í stjórnmálum. Geir mistókst þannig að skjóta skildi fyrir flokkinn þegar tilfinningaþrungin umræða um innflytjendur hófst. Flokkurinn þagði, meðan Frjálslyndir spændu af honum fylgið frá hægri.

Í þriðja lagi hrjá Sjálfstæðisflokkinn ýmis smærri innanmein sem sjúga úr honum kraftinn. Mál Árna Johnsen er flokknum erfitt, RÚV-frumvarpið þvælist mjög fyrir honum og er í vaxandi mæli gagnrýnt frá hægri væng flokksins og atvinnulífinu, Valhöll er í höndum óútreiknanlegra skæruliða sem skaða flokkinn fremur en efla, hinn vígreifi Engeyjararmur heldur sig til hlés eftir að Valhöll felldi ajatollann úr Háuhlíðinni, og lykilráðherra fjármála laskaðist illa þegar hann var hrakinn úr jarlsdæmi sínu í Hafnarfirði og náði varla táfestu í nýju kjördæmi.

**Samstiga stjórnarandstaða**

Á meðan er stjórnarandstaðan að byggja upp trúverðugan valkost. Sú ákvörðun forystu Sjálfstæðisflokksins að gefa út dagskipun um að sneiða alls staðar hjá Samfylkingunni við myndun meirihluta eftir sveitarstjórnarkosningar í vor gerði það óhjákvæmilegt fyrir jafnaðarmenn að svara þeirri vanhugsuðu taktík með því að byggja upp samstæðan valkost sem teygði sig frá miðjunni og yfir vinstri vænginn. Það er að takast. Á Alþingi hafa flokkar stjórnarandstöðunnar í senn náð að halda sérstöðu sinni og skapa órofa samstöðu í burðarmálum sem sameina hana.

Stjórnarandstaðan hefur staðið saman einsog klettur við mikilvægustu lög þingsins, fjárlögin, og lagt fram sameiginleg burðarmál, einkum á sviði velferðarmála. Lykilmenn hennar, Ingibjörg Sólrún, Steingrímur J. og Guðjón Arnar, njóta vaxandi tiltrúar sem sterk ráðherraefni. Hún hefur jafnframt opinberlega bundist fastmælum um að fara ekki í viðræður við aðra flokka um stjórnarmyndun án þess að tala fyrst sín á milli um möguleika á myndun ríkisstjórnar.

Í dag er engu hægt að slá föstu um hvernig ríkisstjórn heilsar landsmönnum að kosningum loknum. Hitt er deginum ljósara að núverandi ríkisstjórn hefur drukkið sinn bikar í botn.

## Framlög til LÍN hækkuð

**UMRÆÐAN**

Námslán



**GUNNAR BIRGISSON**

Nú á dögunum voru samþykkt fjárlög fyrir árið 2007 frá Alþingi. Miðað við fjárlög 2006 voru framlög til LÍN hækkuð um 767 m.kr. Framlög úr ríkissjóði til LÍN verða samtals 5.244 m.kr. og hafa aldrei áður verið hærri eða hækkað jafn mikið milli ára. Sjóðurinn stendur traustari fótum en nokkru sinni fyrr og hefur ekki áður átt jafn stóran þátt og nú í að tryggja jafnrétti til náms, að stuðla að samkeppni og árangursríku skólastarfi og þar með innkomu vel menntaðs fólks, alls staðar að úr heiminum, inn á íslenskan vinnumarkað.

Það er því dapurlegt að sjá fulltrúa námsmanna koma inn á ritvöllinn og harma niðurskurð á framlögum til LÍN, sbr. málflutning framkvæmdastjóra Stúdentaráðs HÍ hér í blaðinu föstudaginn 15. desember sl. Þeir sem hafa valið þennan fulltrúa til trúnaðarstarfa hafa í það minnsta fengið það staðfest að hann skirrist ekki við að fórna heildarhagsmunum námsmanna fyrir pólitíska sérhagsmuni. Sem væntanlegur frambjóðandi til Alþingis verður hann í það minnsta Samfylkingunni ekki til sóma.

Framkvæmdastjóri Stúdentaráðs HÍ vissi þegar hann skrifaði blaðagreinina að hér var ekki um niðurskurð að ræða. Hann vissi að með samþykkt fjárlaga var um útgjaldaaukningu milli ára að ræða og að breytingin við þriðju umræðu var einungis leiðrétting á áætlaðri framlagsþörf. Hann vissi að stærstur hluti útgjaldaaukningarinnar til LÍN var vegna breytinga á úthlutunarreglum sjóðsins, sem gert var samkomulag um milli fulltrúa stjórnvalda og námsmanna síðastliðið sumar. Hann vissi einnig að með leiðréttingunni var ekki verið að hrófla við 617 m.kr. útgjaldaaukningunni sem samkomulagið gerði ráð fyrir.

Leiðréttingin var fyrst og fremst vegna minni fjölgunar lánþega en fyrri áætlun hafði gert ráð fyrir. Lækkunin, sem fulltrúi SHÍ bar á torg, átti því ekkert skylt við niðurskurð. Fyrir ári síðan fjölgaði t.d. lánþegum umfram áætlun og var framlag til sjóðsins þá hækkað umyrðalaust til samræmis við það.

Fullt traust milli stjórnar LÍN og fjárveitingavaldsins á stóran þátt í sterkri fjárhagsstöðu LÍN í dag. Þetta traust byggir meðal annars á því að fjárhagsáætlun sjóðsins sé endurskoðuð vegna ytri breytinga hvort heldur þær leiða til hækkunar eða lækkunar. Afstaðan sem skín í gegnum málflutning framkvæmdastjóra SHÍ er því ekki upp á marga fiska. Það er ekki vitnisburður um vönduð vinnubrögð að vilja halda afgangi vegna ofáætlunar útgjalda og samtímis ekkert vilja vita af vanda sem fylgir því þegar útgjöld hafa verið vanáætluð. Og það sem verra er; afstaða sem þessi grefur undan nauðsynlegu trausti og getur stefnt heildarhagsmunum námsmanna í voða.

*Höfundur er bæjarstjóri og formaður stjórnar LÍN.*



# allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS
FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

[ FASTEIGNIR HÚS ]

**www.upplysingar.com** er vefsíða sem geymir ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir kaupendur og seljendur fasteigna. Þar má meðal annars finna tíu ráð til að fríska upp á húsnæðið sem á að selja til að auka verðgildi þess og ýmislegt fleira. Vefsíðan er ný af nálinni og er boðið upp á að notendur hennar geti sent inn fyrirspurnir og tillögur.



**Húseigendur** eru hvattir til að vera meðvitaðir um eldvarnir yfir hátíðarnar. Allir ættu að passa upp á kertaskreytingar, nota ekki gamlar ljósaseríur, slökkva á raftækjum þegar farið er að heiman eða gengið til rekkju og kynna sér viðbrögð við eldi ásamt notkun á slökkvitækjum. Einnig er brýnt að athuga batteríin í reykskynjaranum.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 18. desember, 352. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.19 | 13.24 | 15.29 |
| Akureyri | 11.35 | 13.09 | 14.43 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Kransinn á svölunum gerði húsfrúin sjálf með því að flétta greni utan um boga og skreyta svo með rauðum borðum. „Kristalsljósið" sem hangir á svölunum var keypt í Húsasmiðjunni í fyrra en til að koma í veg fyrir of skæra lýsingu tengdu þau dimmer við það. MYND/INGIMAR

# Jólahús á Selfossi í anda Mississippi

***Ljómandi fallegt jólahús með fléttuðum krönsum og fínustu seríum.***

Við Austurveg 29 á Selfossi búa hjónin Sólveig Ósk Hallgrímsdóttir, betur þekkt sem Lóló, og Gísli Þór Guðmundsson ásamt börnum sínum. Húsið keyptu þau árið 2000 en fyrir fjórum árum síðan bættu þau svölum og svokölluðu „bíslagi" við eignina. Við breytinguna fékk þetta hversdagslega íslenska steinhús frekar framandi og skemmtilegt útlit sem gerir það að verkum að það sker sig svolítið frá umhverfinu. Minnir jafnvel á virðulega eign einhvers staðar í suðurríkjum Bandaríkjanna, til dæmis í Mississippi eða Georgíu.

Um jólin fer Austurvegur 29 í sparifötin og tekur að ljóma en að sögn Lólóar hafa þau hjónin sameiginlegan áhuga á að prýða heimilið ljósum og litum.

„Það væri náttúrulega ekki hægt að koma þessu verk ef við hefðum ekki bæði áhuga á þessu. En þótt það sé mikið skreytt þá viljum við samt ekki ofskreyta húsið. Í fyrra vorum við líka með ljós á litlu krönsunum en tókum þá af núna. Það þarf líka að hugsa um heildarsvipinn," segir hún og bætir því við að það sé skemmtilegt tveggja kvölda verk að koma ljósunum og skrautinu upp, en að taka það niður og pakka saman sé öllu meiri vinna. „Til þess að það sé auðvelt að ganga að skreytingunum aftur þá merkjum við alla poka og komum þessu haganlega fyrir í bílskúrnum. Svo bíður allt á sínum stað þar til næstu jól renna upp."

Á jarðhæð hússins rekur Lóló hárgreiðslu- og snyrtistofuna Mensý. Spurð að því hvort enn sé hægt að koma í jólaklippinguna svarar hún að svo sé ekki. „Það er allt uppbókað hjá mér og það fyrir löngu síðan. Við erum hérna alla daga og stundum aðeins frameftir." Ekki góðar fréttir fyrir þá sem hefðu getað slegið tvær flugur í einu höggi: farið í klippingu og skoðað dásamlegt jólahús í leiðinni.

*- mhg*



Drekavellir 4 verða tilbúnir til afhendingar næsta vor.

## Halógenlýsing og hiti í gólfum

ÁS FASTEIGNASALA ER MEÐ TIL SÖLU 136,3 FERMETRA, FIMM HERBERGJA, NEÐRI SÉRHÆÐ Í NÝJU FJÓRBÝLISHÚSI AÐ DREKAVÖLLUM Í HAFNARFIRÐI.

Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, stofu, borðstofu, fjögur svefnherbergi, baðherbergi, þottahús og geymslu. Hún afhendist fullbúin að innan en án gólfefna nema á forstofu, baðherbergi, þvottahúsi og geymslu þar sem verða flísar. Vandaðar innréttingar og tæki verða í íbúðinni, hiti í gólfum og halógenlýsing í stofu og á baðherbergi. Afhending er áætluð í maí eða júní á næsta ári og þá verður húsið fullfrágengið að utan sem og lóð og bílastæði. Söluverð er 29,9 milljónir.



**Jólaseríur** eru ekki allar ætlaðar utandyra. Verið viss um að velja seríu til að setja út sem þolir veðuröflin. Ef ekki, getur skapast eldhætta.

Purga-T
sjálfvirku slökkvitækin fyrir sjónvörp
• Alltaf á vakt
• Slekkur eldinn strax
• Fullkomlega öruggt
• Fæst í verslunum um land allt
H. Blöndal ehf.
Sími 517 2121 / www.hblondal.is

BBC WORLD SERVICE
91


GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

4thfloorhotel
Laugarvegur 101 • 4thfloorhotel.is
Vetrartilboð
1. nóvember - 1. maí
1 manns herbergi kr. 5.900
2ja manna herbergi kr. 7.900
Hópar 10+ kr. 5.000 á mann
Helgarferð kr. 14.000 2 nætur í hjónaherbergi
4th floor hotel
Laugarvegur 101
Reykjavík
Sími 511 3030
Fax 511 3033
4thfloorhotel.is
Útvegum miða á leiksýningar og jólahlaðborð

ALVÖRU HJÓL SEM FER ALLA LEIÐ
LINHAI

ÞJARKUR 4x4
*Hjólin koma götuskráð
Borgartúni 36 588 9747
VDO Offroad Line

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Með því að smella á þrívíddarmyndirnar má fá nákvæma mynd af ákveðnum húsnæðishluta. MYND/KUBBUR

# Heilu íbúðarblokkirnar seljast fyrir fyrstu skóflustungu

***Kubbur margmiðlun býður upp á margs konar lausnir á sviði fasteigna.***

„Við gerum þrívíddarmyndir af nýbyggingum á tölvutæku formi, hvort heldur tilbúnum, í vinnslu eða óbyggðum,“ segir Hörður Ellert Ólafsson, fasteignaljósmyndari hjá fyrirtækinu Kubbi sem sérhæfir sig í fasteignaljósmyndun, auglýsinga- og þrívíddarhönnun. „Með því að smella á þær í tölvunni má kalla fram nákvæma mynd af ákveðnum húshlutum.

Að sögn Harðar er töluvert lagt upp úr því að gefa eins raunsæja mynd af fullkláruðu íbúðarhúsnæði og mögulegt er á þrívíddarmyndunum, með því að huga vel að öllum smáatriðum, svo sem áferð og öðru.

„Þetta kemur verkkaupum til góða sem þurfa ekki að verja stórum upphæðum í byggingaframkvæmdir án þess að vita hvort fjárfestingin borgi sig eða ekki,“ segir Hörður. „Í því samhengi má nefna að heilu íbúðarblokkirnar hafi selst án þess að fyrsta skóflustunga hafi verið tekin, þar sem teikningar voru fyrir hendi.“



Hér sjást starfsmenn Kubbs frá vinstri talið: Þorleifur Gunnar Gíslason, Hörður Ellert Ólafsson, Halldór Ægir Halldórsson og Árni Brynjólfsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hörður segir fasteignakaupendur sömuleiðis njóta góðs af þar sem þrívíddarteikningarnar gefi mun skýrari mynd af húsnæði heldur en svart hvítu línuteikningarnar sem hafi lengi vel verið stuðst við. Enda hljóti það að veita mönnum meira öryggi að vita hvernig húsnæðið mun líta út nákvæmlega.

„Því má heldur ekki gleyma að kaupendur eru að fá hágæðateikningar í hendurnar á lægra verði en almennt tíðkast,“ bætir Hörður við. Að auki sé Kubbur leiðandi á markaðinum í fasteignaljósmyndun og -auglýsingum. „Fasteignaauglýsingar frá okkur hafa gjörbreytt markaðinum eins og sést til dæmis af útliti Re/Max blaðsins sem við hönnuðum. Þar fengu fasteignir meira pláss en áður hafði tíðkast.“

Hægt er að kynna sér starfsemi Kubbs frekar inni á heimasíðu fyrirtækisins, www.kubbur.is

*roald@frettabladid.is*



Eitt af því sem starfsmenn Kubbs gerðu þegar þeir tóku við Re/Max blaðinu var að stækka fasteignaumfjallanir meðal annars svo myndirnar nytu sín betur. MYND/HÖRÐUR ELLERT INGIMUNDARSON



Að sögn Harðar er Kubbur leiðandi fyrirtæki á svið fasteignaljósmyndunar og -auglýsingagerðar. MYND/HÖRÐUR ELLERT INGIMUNDARSON

HÖNNUNARHÚSIÐ 2004/11
Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár
Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.
• 10 ára ábyrgð
• 12 stærðir, 90 - 500 cm
• Stálfótur fylgir
• Ekkert barr að ryksuga
• Truflar ekki stofublómin
• Eldtraust
• Þarf ekki að vökva
• Íslenskar leiðbeiningar
• Traustur söluaðili
• Skynsamleg fjárfesting
550 9800
www.skatar.is
Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123
Bandalag íslenskra skáta

## Pappírsgámar spara



NÝLEGA FRAMKVÆMDI SORPA RANNSÓKNARVERKEFNI UM FLOKKUN HEIMILISSORPS.

Markmiðið er að skoða samsetningu heimilissorpsins og þróun á efnisflokkum milli ára. Á undanförnum árum hafa matarleifar verið stærsti flokkurinn en nú hefur pappírinn tekið forustuna og er orðinn 27%. Alls koma 20.000 tonn af dagblaða- og tímaritapappír til Sorpu, þar af 58% með blönduðu sorpi og um 42% til endurvinnslu. Það er 70% lægri kostnaður fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu þegar skilað er í grenndargáma og á endurvinnslustöðvar ásamt því að vera mun umhverfisvænna. Pappírinn er endurunninn í Svíþjóð og úr honum eru framleiddar salernisrúllur og eldhúsrúllur meðal annars. Fyrir hvert kíló af pappír sem fer til endurvinnslu sparast um 270 g af koltvíoxíðútblæstri. Blár grenndargámur er fyrir pappír en grænn grenndargámur er fyrir fernur og aðrar umbúðir úr sléttum pappa. Sjá nánar: www.sorpa.is.



Guðmundur Óli Scheving
SKRIFAR UM MEINDÝR OG MEINDÝRAVARNIR

## Mjölbjalla *(Tenebrio molitor)*



Mjölbjallan er dökkbrún og gljáandi með fíngerðum rákum á vængjum og er um það bil fimmtán millimetra löng. Lirfa mjölbjöllunnar er gulleit og sívöl með harða gljáandi húð. Lifran getur orðið allt að þrjátíu millimetra löng.

Bjallan er mjög frjósamt dýr og verpir eitt kvendýr allt að sextíu eggjum í einu, venjulega í mjöli og skyldum efnum. Eggin eru slímug og klessast því í efninu. Því getur verið mjög erfitt að koma auga á eggin. Lirfurnar sem koma úr eggjunum lifa á mjölinu og vaxa fljótt ef hiti og raki eru við kjöraðstæður. Þær geta líka lifað á ýmsum efnum úr dýraríkinu.

Bjallan veldur oft tjóni í brauðgerðarhúsum og víðar. Dæmi eru um að hún hafi skemmt við í kornmyllum erlendis. Matvörur ætti alltaf að hafa í lokuðum umbúðum svo meindýr komist ekki í þær. Fólk ætti að henda matvöru sem þessar bjöllur hafa komist í.

Mjölbjallan er sjaldgæf á Íslandi og er flækingur. Hún getur þó lifað hér innanhúss.

Ef úða þarf fyrir mjölbjöllu í til dæmis matvælafyrirtæki, þarf að ganga úr skugga um hvar upptökin er að finna og uppræta hana þar.

Úða er með langvirkum efnum sem meindýraeyðar einir hafa yfir að ráða og er mjög gott að úða í lok vinnudags eða um helgi þegar vinna liggur niðri.

**Varnaðarorð**

Þegar fólk þarf að fá til sín meindýraeyði eða garðúðara, hvar á landinu sem er, skal alltaf óska eftir því að fá að sjá starfsréttindaskírteini útgefið af Umhverfisstofnun og eiturefnaleyfi gefið út af lögreglustjóra eða sýslumanni og það mikilvægasta er að viðkomandi hafi starfsleyfi frá viðkomandi sveitarfélagi. Ef þeir sem kalla sig meindýraeyða og garðúðara eru ekki með þessi leyfi í gildi geta þeir ekki keypt eiturefni og starfsréttindi meindýraeyða og garðúðara ein og sér hafa ekkert gildi.

Félagar í Félagi meindýraeyða eru með félagsskírteini á sér.

Fáðu alltaf nótu vegna viðskiptanna.

Réttindi meindýraeyða og garðúðara frá erlendum ríkjum og félagasamtökum gilda ekki á Íslandi.

*Lesendum Fréttablaðsins er velkomið að senda fyrirspurn á netfangið: gudmunduroli@simnet.is*

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG




*3ja sæta leðursófi* **107.800 kr.** *- 2ja sæta* **90.500 kr. – Stóll 64.900 kr.**



*Leðurhornsófi með tungu 245x315 -* **318.200 kr.**

LÍNAN
HÚSGÖGN
SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 553 7100 • www.linan.is



# Temprakon hitajöfnunarsængin

Nú á jólatilboði






TempraKon heilsukoddar í miklu úrvali. Fást fylltir með gæsadún, latex eða Tempur.



TempraKon yfirdýnan. Tilvalið fyrir heitfenga jafnt sem kulvísa.



**Jólagjöfin í ár**

## Sængin sem breytir öllu

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.

Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þannig réttu hitastigi undir sænginni.

Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY






Betra BAK

**Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga fram að jólum frá kl. 10-19 • Laugardag frá kl. 11-18 • Sunnudag frá kl. 13-18**
**Föstudaginn 22. des frá kl. 10-22 • Laugardaginn 23. des. frá kl. 10-23 • Aðfangadag frá kl. 10-12**





Kaffibarinn er stílhreinn og þægilegur.

# Bókakaffi í miðborginni

***Te og kaffi hefur opnað nýjan kaffibar sem er staðsettur á annarri hæð Máls og Menningar við Austurstræti 18. Hægt er að fá sér kaffi til að taka með eða drekka á staðnum og gæða sér á ýmsu meðlæti.***

Ostakökur, samlokur og muffins, kaldir drykkir eins og appelsínudjús, sódavatn, mjólkurhristingur og Frappucino sem er nokkurs konar frosinn cappuccino eru meðal þess sem er á boðstólnum á kaffishúi Te og kaffi í Eymundsson í Austurstræti.

„Við erum með breyttar áherslur þar sem kaffið er einungis afgreitt í götumáli,“ segir María Sif Ólafsdóttir starfsmaður hjá Te og Kaffi og bætir við að glerbollar og glös séu því alveg úr sögunni. „Sumum finnst þetta vera mjög skrítið en á móti kemur að þjónustan er hraðari og þægilegri.“

María bætir við að þetta sé ekki kaffihús heldur kaffibar og sé þar munur á þar sem kaffihús bjóði upp á borðþjónustu en kaffibarir geri það ekki.

Staðurinn er stílhreinn og þægilegur en stórar svalir með yfir 15 til 20 borðum gera fólki kleift að setjast út á heitum sumardögum og teyga kaffi eða djús. Útsýnið af svölunum er mjög gott þar sem hægt er að líta yfir miðborgina hýrum augum. *olihjortur@frettabladid.is*


María Sif Ólafsdóttir, starfsmaður Te og Kaffi útbýr kaffidrykk. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Ljúfar stundir í eigin heitum potti

***Heita vatnið á Íslandi er alveg einstakt. Það eru óteljandi sundlaugar um allt land og margir eru með heitan pott í garðinum.***

Heitur pottur er oft á tíðum ofarlega í huga útlendinga sem sækja Ísland heim og þeir halda að allir Íslendingar séu með heita gjá úti í garði.

En það er ekki fjarri lagi. Það eru sífellt fleiri sem bætast í hóp pottaeigenda. Enda fátt eins dásamlegt að vetri en að sitja í heitu vatninu og njóta norðurljósa og stjarna. Heita vatnið okkar er ekki það dýrt að ekki megi skjótast í pottinn nokkrum sinnum í mánuði. Það eru til margar pottaútgáfur, bæði miklar lúxussmíðar sem kosta milljónir, með skreytingum og nuddi eða bara einföld fiskikar úr plasti sem hægt er að nálgast í frystihúsinu. Það er gott að smíða pall undir eða kringum pottinn en við flókna og dýra potta þarf einnig pípulagningamann. Þegar maður er með fiskikar þarf bara slöngu sem fest er í heitavatnskranann.

Nánar: www.import.is-www.tengi.is-www.husasmidjan.is


Það er dásamlegt að sitja úti í jólaljósum í friði og ró.

## Ekkert eitur

STÍFLUR Í NIÐURFÖLLUM MÁ Í SUMUM TILFELLUM LOSA Á MJÖG UMHVERFISVÆNAN HÁTT.

Ef niðurfallið er stíflað er tilvalið að reyna gamalt húsráð áður en farið er í að setja rótsterk hreinsiefni í það. Í sumum tilfellum er nefnilega alveg nóg að hella hálfum bolla af salti í niðurfallið og skola því niður með heitu vatni til þess að losa stífluna.

- eö


Venjulegt borðsalt má nota til að losa stíflur úr niðurföllum.











Jarðarlitirnir eru vinsælir í leðurflísunum en rauðar, svartar og hvítar verða líka fáanlegar.

# Litfagurt leður í hólf og gólf

***Fyrirtækið Parket og gólf í Ármúla 23 hefur hafið innflutning á slitsterkum leðurflísum sem henta vel á veggi og gólf.***



Strútsmynstur, slönguskinnsmynstur og krókódílamynstur eru áberandi.



Leðurflísarnar eru lakkaðar þannig að fyllist upp í glufurnar. Þannig eru þær auðveldar í þrifum.



Leðrið er mjúkt undir fæti.



Flísarnar fara vel hvort sem er á veggjum eða gólfi.

„Leðurflísarnar sem til sýnis eru í Parketi og gólfi eru flestar með slönguskinnsmynstri en úrvalið á eftir að aukast bæði í mynstrum og litum fljótlega eftir að kemur fram á hið nýja ár,“ segir Óskar Alfreðsson, markaðsstjóri hjá Parketi og gólfi. „Mynstrin eru svolítið misgróf og litirnir eru fjölbreyttir en jarðarlitir eru áberandi núna, grænir, brúnir og gráir. Einnig verða svartur, hvítur og rauður fáanlegir,“ upplýsir Óskar sem er þegar farinn að taka niður flísapantanir í stórum stíl, einkum á baðherbergi.

Fyrirtækið sem framleiðir leðurflísarnar heitir Robus og er staðsett í Indiana í Bandaríkjunum. Óskar er nýbúinn að vera þar á ferðinni og segir það hafa verið mjög lærdómsríkt. „Ég reiknaði með að kaupa efnið á veggi en það sem við sáum þarna úti var ekki síður notað á gólf. Ég skoðaði fjögurra ára gólf á skrifstofu og skóla og það sá ekki á þeim. Þarna ganga þó allir um á skóm og í Indiana er mikið um seltu, snjó og bleytu, dálítið líkt og hér á landi.“ Hann segir flísarnar unnar úr afgangsleðri. „Þarna er verið að nýta það sem annars færi í ruslið af dýru leðri sem skerst utan úr skinnum við framleiðslu á áklæðum á bíla, hnakklöf og skóm. Það er tætt niður og búið til úr því mauk sem notað er í þessa vinnslu. Við tókum eftir því að starfsmennirnir voru ekki með neinar grímur og fengum þá skýringu að ekki væru notuð nein óheilnæm efni við vinnsluna,“ segir hann.

En nú er dálítið um ljósa liti á leðrinu og húsmóðirin kemur upp í blaðamanni. Hvernig skyldi vera að þrífa efnið?

„Þetta er bara skúrað,“ svarar Óskar. „Við lokum yfirborðinu með möttu lakki og það fyllir upp í glufurnar. Samt er maður með áferðina undir fótum og tilfinninguna fyrir því að vera að ganga á náttúrulegu efni.“ Hann segir skinnið einnig hljóðeinangrandi og því hentugt innan á fundarherbergi og bíósali því ekkert endurkastist frá því.

Parkett og gólf er með einkaumboð fyrir leðurflísarnar hér á landi og í Skandinavíu líka. „Robus er flott verksmiðja og möguleikarnir í flísagerðinni eru óendanlegir,“ segir Óskar. „Ef einhver vill láta hanna sitt mynstur þá getum við látið gera sérstakt kefli með því. Við gætum til dæmis sett Íslandskortið inn í flísarnar!“ *gun@frettabladid.is*



Flísarnar eru búnar til úr dýru og sterku afgangsleðri sem annars færi í ruslið.







# Draumahús

www.draumahus.is

## 530 1800 Mörkinni 4 / 530 1820 Strandgötu 41

## Draumaeign

### Marbakkabraut - 200 Kóp



**37.900.000**
Afar fallegt 161,0 fm 5 herbergja parhús á fjórum pöllum með innbyggðum ca 40 fm bílskúr sem breytt hefur verið í leiguíbúð, leigutekjur eru 70.000. kr. á mánuði. Óskráð rými á efstapalli Stórar norðursvalir með ágætu útsýni yfir flóann og sólpallur sem snýr til suðurs. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Húsið er í afar góðu ástandi bæði að innan sem utan.
**Þórarinn s. 530 1811**

## 3ja til 7 herbergja

### Austurberg - 111 Rvk



**17.500.000 LAUS STRAX**
Endaíbúð 3JA herb.91 fm með sérinngangi á 1 hæð og laus við kaupsamning. Stutt í alla þjónustu.
**Óli s. 530 1812**

### Háholt - 220 Hfj



**22.900.000**
Falleg 109,1 fm 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í góðu fjölbýli. Stutt í skóla og alla þjónustu.
**Þórarinn s. 530 1811**

### Álfkonuhvarf - 203 Kóp



**28.900.000 LAUS STRAX**
4ra herb íbúð laus við undirritun kaupsamnings. Íbúðin er 129 fm endaíbúð á 2. hæð í nýlegu lyftuhúsi.
**Sigurður s. 530 1809**

### Klapparhlíð - 270 Mos



**24.900.000**
Falleg 98,6 fm. endaíbúð með sérinngangi af svölum á 3ju (efstu) hæð í nýlegu fjölbýlishúsi í Mosfellsbæ.
**Óli s. 530 1812**

## Raðhús og hæð

### Fífurimi - 112 Rvk



**34.900.000**
Fallegt 4. herb., 131 fm raðhús í Rimahverfinu. Glæsilegur um 70 fm sólpallur í suður. Bjart og snyrtilegt hús á góðum stað. **Sigurður s. 530 1809**

### Skeiðarvogur - 104 Rvk



**37.900.000**
Gott endaraðhús á 3 hæðum með aukaíbúð í kjallara sem stendur undir verulegri greiðslubyrði. Laust fljótlega. **Óli í s. 530 1812**

### Langabrekka - 200 Kóp



**21.900.000**
Falleg 92,1 fm 3ja herbergja sérhæð á 1. hæð með sérinngang á grónum stað í Kópavogi ásamt 30,6 fm bílskúr samtals 122,7 fm. **Þórarinn s. 530 1811**

**Alltaf föst lág söluþóknun**

## 2ja herbergja

### Háholt - 220 Hfj



**13.900.000**
Afar falleg 66,1 fm 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli. Góðar suðvestursvalir.
**Þórarinn s. 530 1811**

### Laugarnesvegur - 105 Rvk



**26.900.000**
Falleg 2 herb. 79,4 fm íbúð með sér inngangi á jarðhæð ásamt 7,1 fm geymslu, samtals 86,5 fm auk stæði í bílageymslu. **Helgi Már s. 530 1808**

### Grundarhús - 112 Rvk



**25.000.000**
122 fm 4ra herbergja íbúð í 6 íbúða húsi á 2. hæð með sérinngangi og svölum. Möguleiki er á aukarými í risi.
**Eddi s. 530 1806**

### Hálsasel - 109 Rvk



**35.900.000**
Afar fallegt 186,4 fm 7 herbergja ( 5 svefnherbergi) raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum 21,7 fm bílskúr.
**Þórarinn s. 530 1811**

## Einbýli

### Lækjarhjalli - 200 Kóp



**69.900.000**
Einstaklega fallegt einbýli í suðurhlíðum Kóp. Með 5 svefnh. og 2 stofum og er 284,4 fm Húsið er á 2 hæðum með tvöf. bílsk. **Sigurður s. 530 1809**

### Urðarstígur - 220 Hfj



**30.900.000**
Einstakt 117 fm mikið endurnýjað einbýlishús á fínum stað við miðbæ Hafnarfjarðar.
**Óli s. 530 1812**

# Jóla- og áramótatilboð Draumahúsa gildir út þrettándann!



Allir þeir sem setja íbúðarhúsnæði sitt í einkasölu hjá Draumahúsum býðst einkasöluþóknun kr. **199.900** auk vsk.

Draumahús

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is



Veggflísarnar utan um aðaldyrnar eru úr grænu líparíti sem blandað er fínmulinni hrafntinnu og á milli glugganna glitrar á silfurbergshellur.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Kapellan var vígð degi fyrr en skólahúsið. Við það tækifæri var Guðjón Samúelsson húsameistari sæmdur doktorsnafnbót. Altarið er úr silfurbergssteypu og efri brún þess lögð silfurbergskristöllum.



Stólarnir í hátíðasalnum voru endurnýjaðir um síðustu aldamót í sama formi og þeir upprunalegu. Þeir eru úr birki og voru smíðaðir á smíðastofu Birkis og Birgis á Höfn í Hornafirði.



Bjöllurnar í stofu 11 tilheyra eflaust kennsluháttum fortíðar.

# HIÐ MERKA MUSTERI FRÆÐANNA

***Aðalbygging Háskóla Íslands var eitt stærsta og veglegasta hús á Íslandi er hún var vígð þann 17. júní 1940.***

Stúdentar hófu að grafa grunn að húsi Háskóla Íslands 15. ágúst 1936. Það var byggt fyrir happdrættisfé og markaði þáttaskil í sögu skólans sem var stofnaður 17. júní 1911. Arkitekt var Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins er hafði áður farið víða um lönd að skoða háskólabyggingar.

Innlent efni var mikið notað við bygginguna. Hellur utan um aðaldyrnar eru úr grænu líparíti sem blandað er fínmulinni hrafntinnu og veggir í anddyri eru þaktir hellum sem gerðar eru meðal annars úr muldum skeljum. Silfurberg er lagt eins og tíglaskraut í hvelfingu anddyris og glitrar í ljósbroti en loftið utan um hvelfinguna er lagt hrafntinnumulningi. Gólf í anddyri er úr íslenskum grásteini en anddyri hátíðasalar úr rauðbrúnu líparíti.

Erfiðleikar á innflutningi vegna kreppunnar átti sinn þátt í notkun hinna íslensku steintegunda og einnig hefur það eflaust verið metnaðarmál hjá Íslendingum að vera sjálfum sér nógir, enda voru þeir á þessum árum að berjast fyrir fullkomnu sjálfstæði.



Hina mögnuðu styttu Ásmundar Sveinssonar af Sæmundi á selnum ber í upplýstan Háskólann en á himni glottir máninn.



Veggir anddyris eru þaktir hellum úr muldum skeljum sem blandað var saman við steinlím og gólfið er lagt hellum úr íslenskum grásteini.



Silfurberg í hvelfingu anddyrisins myndar ljósbrot.

# TRÖLLAKÓR 6–10 NÝTT HÚS FRÁ HÚSVIRKI HF.

## KÓPAVOGUR



HÚSAVÍK FASTEIGNASALA
Reynir Björnsson, lögg. fasteignasali
SÍMI 510-3800



Tröllakór 6-10 er glæsilegt og vandað fjölbýlishús með tveimur stigahúsum annars vegar hefðbundið með lyftu og hinsvegar með sér inngangi af svölum sem verða að hluta til lokaðir með öryggisgleri.

Um er að ræða 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir, flestar með stæði í bílgeymslu og tveim þeirra fylgir bílskúr. Þvottaherbergi er innan íbúðar með flísalögðu gólfi. Lyfta liggur niður á jarðhæð sem tengist bílgeymslu. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna í september og október 2007.

Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna í september og október 2007. Fullfrágengin sameiginleg lóð með hita í stéttum.

- Eldhústæki eru AEG
- Hreinlætistæki frá Tengi
- Baðherbergi eru flísalögð með flísum frá Agli Árnasyni
- Innréttingar eru vandaðar frá Víkurási og Tengi

**2ja** herbergja íbúðir. Frá 80m²-82m². Verð frá 16,2 millj.

**3ja** herbergja íbúðir. U.þ.b. 100m²-120m². Verð frá 20,6 millj.

**4ra** herbergja íbúðir. U.þ.b. 100m²-136m². Verð frá 21,2 millj.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HÚSAVÍK FASTEIGNASÖLU – SÍMI 510-3800 – WWW.HUSAVIK.NET

EINKASALA

Þú ert í öruggum höndum hjá ÁS fasteignasölu

ÁS FASTEIGNASALA

# Einbýlishús Mosfellsbæ

**Ný glæsileg viðhaldslítil einbýlishús á einni hæð í nýju hverfi við Þrastarhöfða Mosfellsbæ. Stærð húsanna er á bilinu 240 - 250 fm með innbyggðum bílskúr og afhendast þau tæplega tilbúin til innréttinga við kaupsamning. Teikningar og skilalýsingu er hægt að nálgast á www.aicon.is/thrastarhofdi/ eða hjá sölumönnum.**



**Einstakt tækifæri til að velja sér hús við sitt hæfi í rólegu og fallegu umhverfi. Skóli, sundlaug og golfvöllur í göngufæri.**



EIGNASTÝRING EHF FASTEIGNAMIÐLUN

Nánari upplýsingar og bókið skoðun
hjá Atla sölufulltrúa s: 899-1178 eða atli@eignastyring.is
Síðumúla 27 108 Reykjavík sími 534 4040, fax 534 4044
Erlendur Davíðsson, lögg. fasteignasali og verðbréfamiðlari


Erlendur


Atli

frum
Grensásvegi 12A
sími: 568 1000
frum@frum.is - www.frum.is

UMBROT



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# FASTEIGNAMIÐLUN GRAFARVOGS

Sölu vernd

Félag Fasteignasala

**Opið virka daga frá kl. 09:00-18:00**
**www.fmg.is**


Sverrir Kristjánsson
lögg. fasteignasali
sími 896 4489


Karl Dúi Karlsson
sölumaður
GSM 898 6860

**Samtengd söluskrá**
Fjórar fasteignasölur
- ein skráning - minni kostnaður -
- margfarldur árangur -
wwwhus.is

**Sími 575 8585 – Spönginni 37 – 112 Reykjavík – www.fmg.is**



## GVENDARGEISLI - 3JA HERB. SÉR INNG.

Glæsileg 3ja herb., 108,8 fm íbúð á jarðhæð með sér inngang ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Bæði svefnherb. paketlögð og með skápum. Mjög rúmgott hjónaherb.. Baðherb. með baðkari, innréttingu og flísum á gólfi. Flísalagt þvottaherb. Stofan er björt og falleg. Flísalögð verönd og um 30 fm afgirtur sólpallur. Eldhús með fallegri innréttingu og nýlegum tækjum. Parketflísar í holi, stofu og í eldhúsi. **V. 26,5 millj.**



## KRÓKABYGGÐ - GLÆSILEGT EINBÝLI

Glæsilegt 183,2 fm einb.hús ásamt 47,6 fm tvöföldum bílskúr. Vandaðar innréttingar, innfelld halogen lýsing og góð lofthæð. Gegnheilt parket og flísar á gólfum. Baðherb. m/fallegri innr., gufubaði og sturtu. 3 rúmgóð svefnherb. og um 50 fm stofa. Verðlauna garður með 2 sólpöllum, skjólveggjum, heitum potti, markísu, hita í stéttum og bílaplani. **Einstaklega fallegt og vel skipulagt hús þar sem engu hefur verið til sparað.**



## SÓLEYJARIMI - 50 ÁRA OG ELDRI

Glæsileg 3ja herb., 99 fm íbúð á 2. hæð ásamt stæði í bílageymslu. Flísalögð forstofa. 2 rúmgóð svefnherb. með fataskápum. Baðherb. flísalagt í hólf og gólf, innrétting, hiti í gólfi og baðkar. Þvottaherb. og geymsla með glugga er innan íbúðar. Eldhús m/fallegum innréttingum og vönduðum tækjum. Stórar suður svalir með útsýni út af stofunni. Fallegt parket og flísar á gólfum. Mynddyrasími. **V. 24,2 millj.**



## SKÚLAGATA - 3JA HERB.

Falleg og notaleg 3ja herb., 58,6 fm lítið niðurgrafin íbúð, miðsvæðis í Reykjavík. Flísalagt hol með fataskáp. 2 parketlögð svefnherbergi, annað með skápum. Stofan er einnig parketlögð. Eldhús er með flísum á gólfi og flísum á milli skápa. Borðkrókur. Baðherbergið er einnig flísalagt og með sturtu. Sameiginlegt þvotta- og þurrkherb. og sérgeymsla. Skólp- og drenlagnir endurnýjaðar nýlega. **V. 14,1 millj.**

Frum



*Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum hamingjuríkrar jólahátíðar*






## FLJÓTASEL, REYKJAVÍK

Mikið endurnýjað raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr. 5 svefnherbergi.
**Verð kr. 44,9 millj.**




## FLÉTTURIMI, REYKJAVÍK

Snyrtileg 4ra herbergja 106,4 fm íbúð á efstu hæð með góðu útsýni. Góð lofthæð og stæði í bílageymslu. **Verð kr 23,4 millj.**




## BÓLSTAÐARHLÍÐ, REYKJAVÍK

Góð talsvert endurnýjuð 101,2 fm íbúð á jarðhæð. 3ja herbergja á þessum eftirsótta stað.
**Verð kr 25,5 millj.**




## BEYKIHLÍÐ, REYKJAVÍK

306 fm endaraðhús með mikla möguleika. Sér íbúð er á 1. hæð. Spennandi tækifæri á þessum vinsæla stað. **Verð 59,9 millj.**




## STARENGI, REYKAJVÍK

Falleg 4ra herbergja endaíbúð á efri hæð með sér inngangi af svölum.
**Verð kr. 23,3 millj.**




## BIRKIHLÍÐ, REYKJAVÍK

Frábærlega staðsett 184 fm hæð og ris ásamt bílskúr. 4-6 herbergja. Eign sem fengið hefur gott viðhald. Meiriháttar útsýni. **Verð kr 48,8 millj.**

Frum

EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIÐLUN

**Nánari upplýsingar og bókið skoðunhjá sölufulltrúum okkar.**
**Atli s. 899 1178 og Erlendur s. 897 0199**

**Síðumúla 27** 108 Reykjavík sími 534 4040, fax 534 4044
Erlendur Davíðsson, lögg. fasteignasali og verðbréfamiðlari


Erlendur


Atli

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
- heilshugar um þinn hag -
Suðurlandsbraut 50
Bláu húsin v/Faxafen
husid@husid.is
Sími 513 4300

| | |
|---|---|
| Ingvaldur Ingvaldsson | framkv.stjóri |
| Helgi H. Jónsson | lögg. fast.sali |
| Vilhjálmur Bjarnason | lögg. fast.sali |
| Anna María Kristjánsdóttir | móttaka |
| Erla R. Guðmundsdóttir | bókari |
| Guðný Guðmundsdóttir | sölumaður |
| Gunnar Magnússon | sölumaður |
| Hrafnhildur Helgadóttir | sölumaður |
| Kolbeinn Sigurðsson | sölumaður |
| Kristinn Erlendsson | sölumaður |
| Magnús Bergs | sölumaður |
| Ólafur H. Haraldsson | sölumaður |
| Ólafur Sævarsson | sölumaður |
| Vilborg G. Hanssen | sölumaður |
| Ómar Haraldsson | tölvuumsjón/frágangur |

www.husid.is

Frum

Höfum ávallt nóg úrval eigna á skrá
www.husid.is

**Stærri íb./sérh. — Blikaás 17, 221 Haf.**



- Glæsileg 119 fm neðri hæð
- 4ra herbergja
- Sérinngangur
- Afgirt verönd með potti
- Flísar og parket á gólfum
- Vandaðar innréttingar
- Verð 28.700.000

Kolbeinn veitir allar nánari upplýsingar í síma 694 9100

**2ja herbergja — Bergstaðarstræti - Rvk.**



Höfum fengið til sölu tvær 2 herbergja 28 fm, samþykktar íbúðir á 1 hæð í þessu fallega húsi á þessum frábæra stað í hjarta borgarinnar, íbúðirnar henta vel til útleigu, fyrir fólk utan af landi eða sem fyrstu kaup og eru íbúðirnar vel skipulagðar. Áhvílandi er á hvorri íbúð um 8,5 m. samtals um 17 m. og verðið er 9,8 m. samtals 19,6 m. Íbúðirnar seljast saman eða sitt í hvoru lagi.

**Atvinnuhúsn. Söluturninn Bíógrill, Starengi**



- Vídíóleiga og grill
- Ís og sælgæti
- Lottó og spilakassar
- Góð velta
- Rekstur er í góðu leiguhúsnæði
- Borð og stólar fyrir viðskiptavini
- Bílalúgur sem afgreitt er út um
- Kælar, ísvélar og grilllína

**Atvinnuhúsn. — Suðurgata - Akranes**



- Gistiheimili 641,5 fm. á 2 hæðum
- Góðar leigutekjur
- Möguleikar á stækkun
- 18 útleigueiningar
- Nýstandsett eign
- Verð 75.000.000

**Þórðarsveigur 17 – 21
113 Reykjavík**



- Laus strax
- 90% lán til 40 ára
- Mögulega hægt að taka íbúð uppí sem greiðslu
- Glæsilegar 2ja, 3ja 4ra og 5 herb. Íbúðir
- Stæði í bílageymslu
- Þvottahús og geymslur innan flestra íbúða
- Mynddyrasími í öllum íbúð
- Fullbúnar án gólfefna

**Rauðavað 13 - 25
110 Reykjavík**



- 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir með sérinngangi
- Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum
- Ísskápur og uppþvottavél fylgja
- Granít á borðum í eldhúsi og baði, einnig í sólbekkjum
- Geymsla og þvottahús innan íbúðar
- Hagstæð áhvílandi lán

OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9:00 - 17:00 — www.husid.is









# ÍSÖLD SKORIN Í ÍS

***Þekktar persónur úr teiknimyndinni Ice Age 2 eða Ísöld 2 voru viðfangsefni árlegrar íshátíðar.***

Íshátíðin sem haldin var 1. desember síðastliðinn í Bruges í Belgíu er haldin árlega og hefur í hvert sinn eitthvert tiltekið þema. Í þetta sinn var ávkeðið að persónur úr teiknimyndinni Ísöld 2 yrðu mótaðar úr stórum ísklumpum. Þetta vakti mikla kátínu meðal yngri áhorfenda enda eru teiknimyndirnar vinsælar hjá börnum um allan heim.







**Sigurður Helgi Guðjónsson hrl., formaður Húseigendafélagsins**
SVARAR SPURNINGUM UM HÚSEIGENDAMÁL

# Húsagi og Húsreglur. Má úthýsa skötu?

**Húsfundur setur húsreglur**
Samkvæmt lögum um fjöleignarhús skal stjórn húsfélags leggja fyrir húsfund reglur um hagnýtingu sameignar og eftir atvikum séreigna. Slíkar húsreglur skulu hafa að geyma fyrirmæli um sambýlishætti, umgengni og afnot sameignar.

**Almennt um efni húsreglna**
Í fjölbýlishúsum eru húsreglur yfirleitt mjög svipaðar enda slík hús keimlík og forsendur og þarfir eigenda líka.. Þó geta útfærslur á verið með ýmsum tilbrigðum og blæbrigðum. Sumar greinar í húsreglum eru frekari brýning á lögfestum réttindum og skyldum eigenda.

**Nánari útfærslur á meginreglum laga**
Húsreglur eru í meginatriðum nánari útfærslur á eftirfarandi meginreglum:

- Að rétti eigenda til sameignar séu skorður settar af jafn ríkum rétti sameigenda.
- Að allir eigendur eigi jafnan rétt til að hagnýta sameign.
- Að eigendum sé skylt til að taka sanngjarnt tillit til annarra eigenda.
- Að eigendum sé forboðið að nota sameign til annars en hún er ætluð.
- Að eigendum sé skylt að ganga vel um sameign og að valda ekki ónæði og ama.
- Að ekki megi veita eiganda aukinn rétt til sameignar.
- Að ekki megi leggja sérstakar kvaðir á eigendur eða íþyngja þeim umfram aðra.

**Þröngar heimildir til að setja reglur um séreignir**
Þótt húsreglur fjalli fyrst og fremst um afnot sameignarinnar þá getur húsfélag einnig sett reglur um afnot séreigna en því eru verulegar skorður settar. Eigandi hefur einkarétt til hagnýtingar og umráða yfir séreign sinni og húsfélagið getur ekki sett reglur sem fela í sér meiri og víðtækari takmarkanir á eignarráðum hans en leiðir af fjöleignarhúsalögum og almennum reglum eignaréttar.

**Sala. Leiga. Reykingar. Er Þorláksmessuskatan í hættu?**
Sem dæmi um of mikið inngrip í séreignarréttinn eru reglur um að ekki megi leigja út íbúðir í húsinu eða að húsfélagið þurfi að samþykkja það og leigjandann. Sama er ef sala íbúðar er háð samþykki húsfélags. Allsherjar bann við reykingum í íbúðum og bann við skötusuðu með tilheyrandi nasayndi á Þorláksmessu gengi líka of langt. Ef að líkum lætur verður reykingum úthýst úr fjölbýlishúsum innan fárra ára. Almenningsviðhorfið fer eins og óð fluga í þá áttina. Það er spurning hvort lyktarmengun í skötulíki fari ekki sömu leið og verði úthýst úr mannabústöðum eins og hverjum öðrum viðbjóði.

**Fortaklaust bann við atvinnustarfsemi stenst ekki**
Almennt bann við allri atvinnustarfsemi í fjölbýlishúsi fær ekki staðist. Eigendur hafa lög- og venjuhelgaðan rétt til að stunda atvinnustarfsemi í íbúðum sínum sem hefur ekkert eða lítið ónæði í för með sér. Það er ekki réttlætanlegt að banna hagnýtingu sem ekki raskar hagsmunum annarra eigenda svo nokkru nemi. Ef starfsemi fylgir ekki sérstakt og aukið ónæði fyrir sameigendur umfram það sem búast má við í fjölbýlishúsum, svo sem meiri háreysti frá íbúð, aukin ásókn í bílastæði, meiri, verri og hávaðasamari umgengni um sameign, eru líkur á því að starfsemin sé heimil gagnvart sameigendum. Húsreglur geta hins vegar haft að geyma reglur um slíka starfsemi, þ.á m. sanngjörn og eðlileg skilyrði fyrir henni og lagt vissar skyldur á herðar viðkomandi eiganda.

**Stjórnarskrárverndaður réttur. Nánar um atvinnustarfsemi**
Hér er líka komið að stjórnarskrárvernduðum eignarrétti sem felur í sér að mönnum sé rétt og frjálst að hagnýta eignir sínar á hvern þann hátt sem telst löglegur, eðlilegur og venjubundinn. Dæmi um hagnýtingu sem verður ekki bönnuð almennt í húsreglum eru t.d. ritstörf, símsvörun, einkakennsla af ýmsum toga og barnagæsla að ákveðnu marki. Hljóðfæra- og söngkennsla er á oft á gráu svæði. Hins vegar er ónæðissöm starfsemi alltaf óheimil á grundvelli almennra reglna. Hér eru takmarkatilvikin mörg og gráu svæðin stór og verður að skoða venjur, húsagerð, atvik, aðstæður og starfsemina í hverju falli til að meta hvað má og ekki má. Getur niðurstaðan eftir atvikum verið afstæð og byggst á venjuhelgun og því hvað almennt gengur og gerist í sambærilegum húsum og hverfum.

**Einfaldur meirihluti dugir yfirleitt**
Meginreglan er sú að einfaldur meirihluti, bæði miðað við fjölda og eignarhluta geti samþykkt og sett húsreglur enda hafi þær að geyma tíðkanleg og venjuleg fyrirmæli og lög áskilji ekki samþykki allra eða aukins meirihluta. Eftirfarandi kallar á samþykki allra:

- Verulegar breytingar á hagnýtingu og afnotum sameignar.
- Varanleg eigna- og afnotaskipting bílastæða.
- Um sérstakan aukinn rétt einstakra eigenda til sameignar.
- Um víðtækari takmarkanir á ráðstöfunar og hagnýtingarrétti eigenda yfir séreign en leiðir af lögum eða eðli máls.
- Um að halda megi hunda og/eða ketti.

**Samþykki allra eða 2/3 hluta**
Þegar húsreglur eru bornar upp til samþykktar á húsfundi verður að gaumgæfa hvort einhverjar greinar gangi það langt að einfaldur meirihluti nægi ekki og samþykki allra eða aukins meirihluta þurfi til.

**Húsreglur fjölbýlishúsa**
Húsreglur fjölbýlishúsa skulu m.a. fjalla um:

1. Umgengni um sameign og afnot hennar og hagnýting.
2. Bann við röskun á svefnfriði a.m.k. frá miðnætti til kl. 7 að morgni.
3. Skipting afnota sameiginlegs þvottahúss.
4. Hvernig þrifum sameignar og umhirðu lóðar skuli háttað.
5. Reglur um hunda- og/eða kattahald sé það leyft.
6. Reglur um afnot sameiginlegra bílastæða.
7. Reglur um hagnýtingu séreigna að því marki sem unnt er.

**Röskun á svefnfriði**
Þegar segir að í húsreglum skuli vera bann við röskun á svefnfriði a.m.k. frá kl. 24 á miðnætti til kl. 7 að morgni, þá má alls ekki gagnálykta frá því þannig að á öðrum tímum sólarhringsins hafi eigendur frítt spil og megi láta öllum illum látum. Menn verða vitaskuld á öllum tímum sólarhrings að sýna eðlilega tillitssemi. Þessi svefnfriðartími er lágmarkstími sem ekki má skerða. Húsreglur geta mælt fyrir um lengingu hans, t.d. frá 22 að kvöldi til 8 að morgni og lengri næðistíma um helgar t.d. til 10 eða 11.

**Bílastæði**
Í húsreglum skulu vera ákvæði um afnot sameiginlegra bílastæða. Þetta verður að túlka með hliðsjón af fyrirmælum fjöleignarhúsalaga um að bílastæði séu sameiginleg og óskipt nema annað sé ákveðið í þinglýstum heimildum og að þeim verði ekki skipt nema allir eigendur samþykki. Þar er átt við formlega eignaskiptingu en telja verður að meirihluti eigenda geti í húsreglum sett almennar reglur um afnot og hagnýtingu á sameiginlegum bílastæðum og um einhvers konar afnotaskiptingu þeirra. Slíkar reglur verða að vera sanngjarnar yfir línuna og í garð allra eigenda og gæta verður jafnræðis.

**ATHUGASEMDIR:**
Fréttablaðinu hafa borist það margar fyrirspurnir að því verður ekki við komið að svara þeim öllum beint og sérstaklega. Hefur sú leið verið valin að flokka þær eftir lagasviðum og lagaatriðum er þær lúta að og fjalla um þau efni og lagaatriði sem mest er spurt um. Það er gert með almennum hætti í greinaformi án þess að einstakar fyrirspurnir séu tilgreindar og birtar. Með því má slá margar flugur í einu höggi, þ.e. svara mörgum fyrirspurnum með einni grein. Það gengur fyrir að fjalla um mikilvæg efni sem snerta margra og hafa almennt gildi eða almenna þýðingu. Reynt er að fjalla um efni sem fyrirspurnir lúta að í tímaröð þegar því verður viðkomið, t.d. þegar upp koma brýnni og almennt áhugaverðari mál. Sumar fyrirspurnir eru svo þröngar, sértækar að þær verða að mæta afgangi.

Lesendum Fréttablaðsins er velkomið að senda fyrirspurn á netfangið huseigandi@frettabladid.is.

**Húseigendafélagið**

HÚSEIGENDAFÉLAGIÐ VAR STOFNAÐ 1923 OG ER STARFSEMI ÞESS TVÍÞÆTT:

1) Almenn hagsmunagæsla fyrir fasteignaeigendur, t.d árangursrík barátta fyrir réttarbótum (lög um fjöleignarhús, húsaleigu, fasteignakaup og fasteignasölu).
2) Lögfræðiþjónusta fyrir félagsmenn (sérfróðir lögfræðingar).

Félagsmenn eru einstaklingar, fyrirtæki og húsfélög, sem njóta sérkjara við inngöngu.

Félagið er sjálfstætt og óháð og nýtur engra styrkja. Það býr yfir mikilli reynslu og þekkingu á þeim lagasviðum sem snerta fasteignir og eigendur þeirra.

Félagsgjaldi er í hóf stillt og sömuleiðis endurgjaldi fyrir lögfræðiþjónustuna.

Skrifstofa félagsins er að Síðumúla 29, Reykjavík, sími 588 9567, netfang postur@huseigendafelagid.is
Heimasíða félagsins: www.huseigendafelagid.is

**Ásvegur 29, Breiðdalsvík**



Frum

Skemmtilegt 179,4 fm einbýlishús í sveitasælunni á Breiðdalsvík. Hús í góðu standi sem klætt var að utan fyrir 2 - 3 árum síðan. Fjögur svefnherbergi. Ljómandi gott útsýni. Húsið stendur á 1.400 fm lóð og þaðan er u.þ.b. 40 mín. akstur á álver á Reyðarfirði. **Ath. að hér er um að ræða gott hús á verulega hagstæðu verði.**

Nánari upplýsingar hjá:
**Fasteigna- og skipasölu Austurlands í síma 580 7905**
*Hjördís Hilmarsdóttir, lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.*



*Bestu jóla- og nýjárskveðjur.*

*Þökkum viðskiptin*

*á árinu sem er að líða.*

frum 568 1000
Grensásvegi 12A – www.frum.is

**Bolholt 4**
**Reykjavík**
(áður Ísleifur Jónsson ehf.)
Næsta hús á milli Kauphallar Íslands og Laugavegs 180

**– Til leigu –**

Eftirtaldir hlutar í húsinu Bolholti 4, Reykjavík, eru til leigu.

1. Verslunarhúsnæði á 1. hæð austur sem er: 245,4 fm
2. Skrifstofu- eða iðnaðarhúsnæði á 2. hæð austur: 219,5 fm
3. Skrifstofu- eða iðnaðarhúsnæði á 2. hæð vestur: 170,5 fm
4. Vöruskemma á baklóð, óupphituð: ca: 250,0 fm

***Leigist í ofangreindum hlutum eða saman eftir nánara samkomulagi.***
***Innangengt er á milli hluta eins og er.***

***Allar upplýsingar gefur:***

***Ragnar Aðalsteinsson***
***f.h. Grensás ehf. - netfang: grensas@isl.is***
***Sími: 893 8166.***

Frum


TAKTU NÆSTA SKREF MEÐ RE/MAX
SLÁSTU Í HÓP MEÐ ÖFLUGUSTU SÖLUFULLTRÚUM HEIMS
10 Ástæður fyrir því að fjárfesta í RE/MAX Sérleyfi
Af því það er ennþá hægt !
Hugsanlega er mesta verðgildið í RE/MAX kerfinu falið í sjálfu RE/MAX nafninu.
Fullur stuðningur í einu og öllu.
RE/MAX er viðurkennt um allan heim sem fremsta fyrirtækið í fasteignaviðskiptum.
RE/MAX notar nýjustu tækni.
RE/MAX hefur stækkað og eflst í hverjum mánuði frá því að fyrirtækið var stofnað.
RE/MAX selur sérleyfi á hverjum degi.
RE/MAX þekkir alla sína viðskiptavini.
RE/MAX fyrir alla landsmenn.
Standið ein að ykkar viðskiptum en ekki óstudd, RE/MAX er öflugur bakhjarl.
RE/MAX
ÍSLAND
remax@remax.is
Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.
www.remax.is

# Góð byrjun




## www.visir.is

## Gerðu Vísi að upphafssíðunni þinni

Þú gætir unnið flugmiða fyrir tvo með Iceland Express, Nokia síma, áskrift hjá Digital Ísland, glaðning frá 66°Norður og gjafakörfur frá Nóa Síríus.




Iceland Express · Nói Síríus · digital ísland · PlayStation · NOKIA · 66° NORÐUR

vísir
Fyrstur með fréttirnar!



## PERLAN

**Perlan, sem vígð var 21. júní 1991, tengir saman og hvílir ofan á sex hitaveitugeymum sem hver um sig rúmar fjórar milljónir lítra af heitu vatni. Perlan er stálgrindahús og er stálið auk þess hitagjafi hússins. Á veturna streymir heitt vatn um stálgrindina, en kalt vatn á sumrin. Á þennan hátt er hitastiginu í húsinu haldið stöðugu. Hýsir Perlan meðal annars kaffiteríu, vetrargarð, útsýnispall og veitingastað sem nýlega var valinn einn af fimm bestu útsýnisveitingahúsum heims af tímaritinu The Independent.** ***(Heimild: www.perlan.is)***

DRAUMAHÚSIÐ MITT GÁTTAÞEFUR LEPPALÚÐASON

# *Fullt, fullt, fullt af gáttum*



Gáttaþef þarf ekki að kynna fyrir alþjóð. Hann var eitt sinn stríðið og dónalegt vandræðabarn en snéri við blaðinu og er nú hvers manns hugljúfi. Hann, rétt eins og allir aðrir, á sér draum um hið fullkomna hús en það á fyrst og fremst að vera leikvöllur fyrir hann og bræður hans.

„Ég vil hafa fullt af dyrum svo ég geti rekið mitt ægifagra nef inn um dyragættina og þefað af hverju og hverjum sem er inni í herberginu," segir Gáttaþefur. „Í hverju herbergi verður svo eitthvað úldið, eitthvað sætt, eitthvað biturt, og eitthvað ætt svo þefurinn verði yndislegur."

Gáttaþefur vill að öll fjölskyldan búi með honum í húsinu og þurfa því að vera 15 svefnherbergi. Eitt fyrir hvern bræðranna, eitt fyrir Grýlu og Leppalúða, og loks eitt fyrir jólaköttinn. „Það er ekki hægt að hafa hann inni í herberginu," segir Gáttaþefur. „Það er svo vond lykt af honum að hún yfirgnæfir allt annað."

Gáttaþefur vill ekki að bræðrum sínum leiðist svo í húsinu verður fjárhús og fjós fyrir Stekkjarstaur og Giljagaur, myndarlegt eldhús fyrir Skyrgám, Þvörusleiki, Askasleiki og Pottaskefil, og búr fyrir Bjúgnakræki og Ketkrók. Milli allra herbergja verða gluggar, en þeir eru auðvitað fyrir Gluggagægi, og í hverjum glugga verða sjö kerti fyrir Kertasníki. Ekki þarf að hafa áhyggjur af Hurðaskelli því nóg verður af dyrum. „Svo þarf líka að vera skorsteinn fyrir feitabolluna og frænda okkar Santa Kláus," segir Gáttaþefur.






Það er byggt og byggt.

# Velta jókst

***Kaupsamningum fjölgaði um 8.1 prósent milli mánaðanna október og nóvember og velta jókst um 4,3 prósent.***

Samtals var 628 kaupsamningum um fasteignir þinglýst á höfuðborgarsvæðinu í nóvember. Heildarupphæð veltu í þeim viðskiptum nam 17,2 milljörðum króna og meðalupphæð á hvern kaupsamning var 27,4 milljónir króna. Viðskipti með eignir í fjölbýli námu 10,6 milljörðum, viðskipti með eignir í sérbýli 3,8 milljörðum og viðskipti með aðrar eignir 2,9 milljörðum króna.

En þegar nóvember 2006 er borinn saman við sama mánuð í fyrra fækkar kaupsamningum um 14,6 prósent milli ára og samdráttur er í veltu um 16,9 prósent.

Ný útvarpsstöð
Kaninn Fm 89,0
Íslensk músík alltaf!

VERKFRÆÐISTOFA SUÐURLANDS EHF

Austurvegi 3-5, 800 Selfoss • Sími 482 3900 • verksud@verksud.is

Verkfræðistofa Suðurlands óskar eftir verk- og tæknifræðingum

áhugasamir hafi samband í síma 482 3900, bardur@verksud og pb@verksud.is

***Verkfræðistofa Suðurlands var stofnuð árið 1973 af nokkrum einstaklingum í Reykjavík og á Selfossi.***
***Verkfræðistofa Suðurlands veitir alla almenna verkfræðiþjónustu á sviði byggingaverkfræði, lagnahönnunar og framkvæmdastjórnunar. Gæta þarf vel að góður undirbúningur framkvæmda getur sparað miklar upphæðir í framkvæmdakostnaði og er því mikilvægt að hönnuðir komi fljótt inn í undirbúning framkvæmda.***

Þjónusta verkfræðistofunnar er meðal annars:

Undirbúningur framkvæmda:
Hönnun:
Húsagerð:
Vatns- og hitaveitur:
Gatna- og vegagerð:
Verktakaþjónusta:
Þjónusta við framkvæmdaaðila:



# Þegar tröllin stela jólunum

**UMRÆÐAN**
Frjálslyndi flokkurinn

Innrás Jóns Magnússonar og félaga úr Nýju afli í Frjálslynda flokkinn hefur rofið friðinn. Jón og liðsafli hans fer með ófriði. Flokkurinn hefur beðið hnekki. Jón lýsir því yfir að hann sé ekki annað en óbreyttur liðsmaður en gangi þó í flokkinn með skilyrðum. Skilyrðin eru þau, að Sverrir Hermannsson og Margrét dóttir hans víki úr ráðandi stöðum innan flokksins. Jón stefnir að völdum í flokknum og þau feðginin eru honum til trafala. Til að ná fram ásetningi sínum hafa Jón og félagar hans efnt til rógsherferðar, einkum gegn Margréti, með blaðaskrifum, en þó sér í lagi á Útvarpi Sögu. Jón var í morgunþætti hjá Jóhanni Haukssyni. Kom svo aftur í hádeginu. Höskuldur Höskuldsson var í þætti Sigurðar G. Tómassonar. Eiríkur Stefánsson hringir í símatímum. Allir standa þessir menn í sama taðhaugnum og moka yfir Margréti. Slíkur er ákafinn að þeir fara jafnvel fárveikir upp úr rúminu ef hlé verður á. Atgangur þeirra er hverjum hugsandi manni nægur til að taka þá með fyllsta fyrirvara.

*Frjálslyndi flokkurinn er ekki vettvangur þessara hugmynda. Stefna hans er skýr. Hún útilokar hvers konar mismunun eftir kynþáttum og trúarbrögðum. Þjóðernis- og trúarbragðalögregla er ekki og verður ekki á hans stefnuskrá, frekar en hann verði eitthvað meira fyrir kristið fólk en aðra.*

En, - þetta er ekki allt. Hver eru þeirra pólitísku hertygi? Er það þjóðmálafélagið Nýtt afl, sem ekki er hægt að leggja niður vegna skulda? Þegar frá eru taldar árásirnar á Margréti, ber mest á kynþáttafordómum og trúarlegri sérdrægni. Þetta hefur margkomið fram. Í þættinum hjá Jóhanni Haukssyni sagði Jón að hann vildi ekki fá múslíma hingað til lands en hefði hins vegar ekkert á móti kristnum Pólverjum. Viðbrögð þjóðfélagsins eru ekki misskilningur. Þau eru órækur vitnisburður. Orð Jóns verða ekki skilin öðruvísi en, að handvelja eigi innflytjendur eftir þjóðerni og trúarbrögðum.

Þá hefur hann haldið því fram að stjórnmálastarf eigi að byggja á kristilegum gildum og lýsti því yfir í útvarpspistli að hann gæfi ekki afslátt af þeim sjónarmiðum. Hér fer maður sem telur sig nýliða í stjórnmálaflokki, sem talar um að snarsnúa stefnu hans og ætlar ekki að gefa þar neinn afslátt. Leikur einhver minnsti vafi á, að sá sem svona talar ætli sér völd?

Frjálslyndi flokkurinn er ekki vettvangur þessara hugmynda. Stefna hans er skýr. Hún útilokar hvers konar mismunun eftir kynþáttum og trúarbrögðum. Þjóðernis- og trúarbragðalögregla er ekki og verður ekki á hans stefnuskrá, frekar en hann verði eitthvað meira fyrir kristið fólk en aðra. Þetta er einfalt. Er furða þó svona innrásarher sé tekið með fyrirvara?


ÁMUNDI LOFTSSON

Því góða fólki sem gert hefur Frjálslynda flokkinn að því sem hann er, er annt um það verk. Það sér fátt í því herfangi sem Jón og félagar hafa í farteskinu. Því stendur hins vegar ógn af atgangi þeirra og valdabrölti. Einsdæmi hlýtur að vera að samhliða inngöngu í stjórnmálaflokk hefji menn tilraunir hreinsana eins og hér er raunin. Einn þeirra kom á sinn fyrsta fund í flokknum með þá tillögu skriflega uppá vasann að framkvæmdastjóranum yrði vikið. Hlálegast af öllu er þó, að kjörorð Jóns og félaga skuli vera kristin gildi og siðvæðing í stjórnmálum. Undir þeim gunnfána fer Jón Magnússon nú fyrir fimmtu herdeild stjórnmálanna á Íslandi.

Félagar í Frjálslynda flokknum verða umfram allt að gæta þess að hvika hvergi frá grundvallarstefnu sinni. Ekkert þjóðfélag getur flokkað fólk eftir kynþáttum, þjóðerni eða trúarbrögðum. Með öllum ráðum verður að koma í veg fyrir að menn með slík sjónarmið komist til valda í stjórnmálaflokkum. Þingmenn Frjálslynda flokksins bera hins vegar ábyrgð á því hvert flokkurinn er kominn í málefnum innflytjenda. Hver sem ætlunin hefur verið hefur málflutningur þeirra vakið kynþáttafordóma í þjóðfélaginu. Almennir félagar í flokknum eiga ekki að sætta sig við þá stefnubreytingu.

*Höfundur er félagi í Frjálslynda flokknum.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.






# JÓLATILBOÐ Í SKÍFUNNI




CD+DVD

~~3.499~~ **2.499**

Bó og Sinfó
Björgvin Halldórs




CD+DVD

~~2.999~~ **2.499**

Sálin og Gospel
Sálin




~~2.199~~ **1.499**

Please Don't Hate Me
Lay Low




5 CD

~~2.999~~ **2.299**

100 Íslensk Jólalög
Ýmsir




~~2.199~~ **1.799**

Light Grenades
Incubus




2 CD

~~2.499~~ **1.899**

Pottþétt 42
Ýmsir




~~2.199~~ **1.599**

Christmas Collection
Il Divo




~~2.199~~ **1.799**

Skin and Bones
Foo Fighters




~~2.199~~ **1.799**

Presents the Re-Up
Eminem




~~2.199~~ **1.799**

FutureSex/LoveSounds
Justin Timberlake



~~2.199~~ **1.799**

Bara ef þú kemur með
Bríet Sunna



~~2.199~~ **1.499**

The Sweet Escape
Gwen Stefani




~~5.999~~ **4.499**

Fifa 07
PS2




~~3.799~~ **2.499**

eye toy play sports
PS2




~~4.999~~ **3.499**

Eragon
PS2




~~5.499~~ **4.499**

Sims 2 pets
PS2




CD
~~2.199~~ **1.499**

Jól og Blíða
Baggalútur

CD+DVD




~~2.999~~ **1.799**

Stóra stundin ykkar
Ýmsir




~~2.199~~ **1.799**

Love
The Beatles

DVD




~~2.999~~ **1.699**

06.06.06
Bubbi DVD




~~2.199~~ **1.599**

Ástarsól - Lög Gunnars Þórðars
Óskar Pétursson



~~2.199~~ **1.599**

Sögur af konum
Selma og Hansa




~~2.199~~ **1.499**

Álfar og Fjöll
Friðrik Karls son og Þórunn Lárusd.




~~2.199~~ **1.599**

An Other Cup
Yusuf

DVD




~~2.799~~ **1.799**

Metallica DVD
The Videos 1989-2004

DVD




~~2.999~~ **1.899**

Zoo TV
U2

DVD




~~2.999~~ **1.899**

U2 tónlist
18 Singles

DVD



~~2.999~~ **1.899**

George Michael
Twenty Five DVD




~~2.199~~ **1.799**

Grettir 2
DVD




~~2.199~~ **1.699**

Þetta er ekkert mál
DVD




~~2.199~~ **1.699**

Click
DVD




~~2.199~~ **1.699**

Ísöld 2
DVD

# ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

30 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR



CHRISTINA AGUILERA SÖNGKONA ER 26 ÁRA Í DAG

*Ég er hyldjúp eins og hafið og sá sem kafar nógu djúpt getur fundið framandi fjársjóði.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 18. DESEMBER 1912

## *Falskur frummmaður*



Þennan dag árið 1912 tilkynnti maður að nafni Charles Dawson að hann hefði fundið tvær hauskúpur af mönnum í malarnámu við Piltdown í Sussex á Englandi. Kúpurnar virtust vera af frummanni. Auk þeirra var um að ræða tönn úr kjötætu, verkfæri tálgað úr fílstönn og fjölda af steingerðum beinum útdauðra dýrategunda. Þótt efasemdaraddir hafi heyrst var fundinum tekið fagnandi af meirihluta vísindamanna, sem sögðu „Piltdown-manninn“ vera týnda hlekkinn í keðjunni. Beinin voru talin allt að því milljón ára gömul. Í meira en áratug var þessi fundur á „Eoanthropus Dawsonii“ talinn vera staðfesting á þróunarkenningu Darwins. Á næstu áratugum kom á hinn bóginn í ljós að malarnáman í Piltdown var ekki eins gömul og hún virtist í fyrstu og aðrir fundir á forfeðrum mannsins virtust draga úr sennileika þess að Piltdown-maðurinn væri ósvikinn. Það var þó ekki fyrr en á ráðstefnu steingervingafræðinga árið 1953 sem opinberlega var fullyrt að hér væri um svik að ræða. Nákvæm rannsókn á höfuðskelinni leiddi í ljós að hún var sett saman úr höfuðkúpu úr nútímamanni, sem var um 600 ára gömul og kjálka og tönnum úr órangútan og simpansa. Smásjárathuganir sýndu að beinin höfðu verið sorfin til og meðhöndluð með efnablöndum til þess að gera þau ellilegri. Annað sem þarna „fannst“ var ekta en hafði ekki fundist svo vitað væri á Bretlandseyjum. Falsarinn gaf sig aldrei fram en 1996 fundust í fórum Breska náttúrugripasafnsins beinaleifar sem höfðu verið meðhöndlaðar á sama veg. Böndin bárust að einum starfsmanna safnsins, Hinton að nafni. Talið var að sá hefði gert þetta til þess að koma höggi á yfirmann sinn sem hafði neitað honum um kauphækkun.

## MERKISATBURÐIR

**1682** Guðríður Símonardóttir, „Tyrkja-Gudda“ deyr, 84 ára.
**1836** Snjóflóð fellur á Norðureyri við Súgandafjörð. Sex manns farast. Snjóflóð hafa fallið á þennan bæ oftar en nokkurn annan á Íslandi.
**1865** Þrælahald afnumið í Bandaríkjunum.
**1897** Fyrsta sýning Leikfélags Reykjavíkur.
**1916** Orrustunni við Verdun lýkur. Mannskæðasta orrusta fyrra stríðs, 650.000 manns féllu.
**1939** Sköpunin eftir Haydn flutt í Steindórsskála í Reykjavík.
**1972** Nixon boðar loftárásir á Hanoi – jólaárásirnar.
**1982** Stuðmannamyndin „Með allt á hreinu“ frumsýnd.

## AFMÆLI



**Þorsteinn Gunnarsson,** leikari og arkitekt, er 66 ára.



**Vilhjálmur Egilsson,** framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, er 54 ára.



**Björg Eva Erlendsdóttir** fréttamaður er 46 ára.



**Ingi Sigurðsson,** fyrrverandi bæjarstjóri og fótboltamaður í Eyjum, er 38 ára.





**Þegar andlát ber að**
Alhliða útfararþjónusta í 16 ár
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • utfarir@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**Katie Holmes** leikkona 1978.



**DMX** rappari 1970.



**Brad Pitt** leikari 1963.



**Ray Liotta** leikari 1955.



**Steven Spielberg** kvikmyndaleikstjóri 1946.



**Keith Richards,** gítarleikari Rolling Stones, 1943



**MARGVERÐLAUNUÐ** Kristín Rós hefur unnið hundruð titla á ferli sínum og sett ófá heimsmet. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

KRISTÍN RÓS HÁKONARDÓTTIR: LEGGUR SUNDBOLINN Á HILLUNA

# Vantar nýtt áhugamál

Kristín Rós Hákonardóttir sundkona var valinn íþróttamaður ársins hjá fötluðum í síðustu viku, tólfta árið í röð. Tilefnið notaði hún til að tilkynna að nú væri hún hætt að keppa í sundi og lýkur þar með tæplega tveggja áratuga keppnisferli einnar helstu afrekskonu Íslands í íþróttum.

„Þetta leggst ágætlega í mig,“ segir Kristín Rós. „Það fylgdu þessu óneitanlega blendnar tilfinningar þegar ég ákvað þetta en nú er þetta að venjast.“ Hún kveðst hafa ákveðið fyrir ári að hætta keppni eftir HM fatlaðra í sundi á þessu ári. „Ég ákvað að hætta áður en allir fara fram úr mér,“ segir hún og hlær.



**KRISTÍN RÓS HÁKONARDÓTTIR** Var valinn íþróttamaður ársins hjá fötluðum tólfta árið í röð á dögunum. Hún hefur ákveðið að hætta keppni.

„Keppnin er orðin ansi hörð og það eru komnar margar góðar stelpur í greinina og þetta er alltaf að verða erfiðara. Ég ákvað bara að hætta á toppnum svo að segja, að minnsta kosti á meðan ég er enn í góðu formi.“

Kristín hefur æft sund frá því hún var átta ára gömul og komst í landsliðið 1987. Síðan þá hefur hún unnið hundruð titla og slegið ófá heimsmet í ýmsum sundgreinum. „Ég er löngu búin að missa tölu á verðlaunagripunum, þeir eru dreifðir út um allt hús.“ Hún starfar sem kennari en sundið hefur tekið svo gott sem allan hennar frítíma í gegnum tíðina og Kristín sér fram á að þurfa að finna sér nýtt áhugamál. „Það er eins gott að byrja að leita að einhverju nýju, ég hef eiginlega aldrei gert neitt annað, helgarnar fóru til dæmis allar í þetta og þar fram eftir götunum.“

Kristín býst vissulega við að taka reglulega sundsprett til að halda sér við og segir ekki loku fyrir það skotið að hún verði viðloðandi íþróttina áfram þótt hún sé hætt að keppa. „Nokkur félög hafa komið að máli við mig og boðið mér að þjálfa. Það er óneitanlega spennandi og ég tek ábyggilega ákvörðun um það snemma eftir áramót,“ segir Kristín að lokum.

**bergsteinn@frettabladid.is**



**Í LAUGINNI** Kristín Rós hefur keppt í sundi í tæpa tvo áratugi. Hún hefur nú ákveðið að leggja sundbolinn á hilluna. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðmunda Sjöfn Sölvadóttir**
Einigrund 4, Akranesi,

lést 13. desember á Sjúkrahúsi Akraness. Útförin fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 20. desember kl. 14.

**Jakob Sigtryggsson**
**Sölvi F. Jóhannsson** **Sólveig Hólm**
**Anna S. Ólafsdóttir** **Úlfur Úlfarsson**
**Trausti Ægir Ólafsson**
**Silja Sjöfn Sölvadóttir**
**Sara Mist Sölvadóttir**
**Telma Sif Sölvadóttir**
**Kristján Jakobsson**
**Guðbjörg Jakobsdóttir**
**Steindór Jakobsson**
**Guðlaug M. Jónsdóttir.**




Bíll á mynd er EXE útfærsla.

Dríföu núna

# Sláum 259.000 kr. af fjórhjóladrifnum CR-V

Dríföu þig núna!







Fullbúinn **CR-V** rúmgóður
fyrir þig, þína og allt dótið
tilboðsverð frá aðeins:

**2.890.000** kr.
beinskiptur ES

**2.990.000** kr.
sjálfskiptur ES

honda.is

Þú brunar áfram á framúrskarandi fjórhjóladrifnum Honda CR-V sem kemur þér þangað sem þig langar hvort sem það er út í næstu verslun á snjóþungum vetrardegi eða upp í næstu skíðabrekku. Honda CR-V er hlaðinn búnaði og með aksturseiginleika eins og best verður á kosið. Honda CR-V er einstaklega rúmgóður fyrir þig, þína og allt dótið.
**Dríföu þig og kynntu þér CR-V á Honda góðu tilboði.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535







# STUÐ MILLI STRÍÐA: Týnda kynslóðin

**ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR** TREYSTIR EKKI NETINU FYRIR LÍFI SÍNU



Eitt það skemmtilegasta við að búa í útlöndum er þegar vinir og ættingjar heima á Íslandi taka sig til og skrifa manni bréf eða tölvupóst með fréttum að heiman. Um daginn fékk ég bréf frá vinkonu minni heima á Íslandi. Svona ekta sendibréf, handskrifað á margar blaðsíður upp á gamla mátann og almáttugur hvað það var gaman. Sendibréf segir svo miklu meira en venjulegur tölvupóstur.

Amma mín flutti um daginn og í dótinu sínu fann hún bunka af bréfum sem langamma mín hafði fengið frá systur sinni sem flutti til Ameríku um aldamótin 1900. Þær systur sáust aldrei framar en skrifuðust alltaf á. Þar sem við unga kynslóðin sátum og lásum þessar ómetanlegu heimildir um formæður okkar áttaði ég mig á því að þegar okkar kynslóð hverfur af sjónarsviðinu skilur hún kannski enga slíka fjársjóði eftir sig. Við verðum týnda kynslóðin. Við verðum kynslóðin sem tók tölvutækninni sem svo sjálfsögðum hlut að hún treysti netinu til þess að geyma bréfin sín. Við verðum kynslóðin sem var svo vitlaus að geyma dagbækurnar sínar á bloggsíðum á veraldarvefnum og fattaði ekki að taka afrit. Við verðum kynslóðin sem taldi sig lifa á upplýsingaöld en skilur svo ekki eftir neinar persónulegar upplýsingar. Byltingin étur börnin sín.

Fyrsta tölvupósthólfið mitt var svokallað Hotmail og það notaði ég í nokkur ár. Einhvern veginn stóð alltaf til að fara yfir pósthólfið og prenta út eða vista það sem mig langaði að geyma. Það fórst fyrir og í dag hefur reikningnum mínum verið lokað og netið hefur gleypt allt sem þar var að finna.

Þess vegna settist ég niður um daginn, fór í gegnum núverandi pósthólf mitt og vistaði það sem ég vildi eiga. Ég fór líka á bloggsíðuna mína og tók afrit af öllum færslum þar. Ekki vegna þess að ég telji líf mitt svo merkilegt að sagnfræðingar framtíðarinnar eigi skilið að fá að lesa um það, heldur frekar vegna þess að þetta eru jú mínar upplýsingar og það á að vera undir mér komið hvort ég geymi þær eða ekki, vil ekki að netið taki slíkar ákvarðanir fyrir mig.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur og þokuljós.

**! kl. 9.00**
*Í Hallgrímskirkju stendur yfir sýningin Mynd mín af Hallgrími þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er Jón Reykdal en Listvinafélag kirkjunnar stendur fyrir henni.*

# menning
menning@frettabladid.is

## *Brynjólfsmessa í kvöld*

Messa Gunnars Þórðarsonar sem helguð er minningu Brynjólfs biskups Sveinssonar verður flutt í kvöld í Grafarvogskirkju undir stjórn Hákons Leifssonar. Verkið er nýkomið út á geisladisk. Messan er samin á síðustu tveimur árum og var frumflutt í þremur sóknum á liðnu vori við góðar undirtektir áheyrenda. Þetta er annað stórverk Gunnars samið fyrir hljómsveit og kór og hafa verkin bæði verið frumflutt í sóknum Keflavíkur þar sem Gunnar ólst upp.

Einsöngvarar í messunni eru Sigrún Hjálmtýsdóttir og Jóhann Friðgeir. Stórir kórar samsettir af kirkjukórum þriggja sókna koma að flutningnum auk barnakóra. Flutningurinn í kvöld hefst kl. 20 og stendur í rúma klukkustund.


GUNNAR ÞÓRÐARSON TÓNSKÁLD

**>Ekki missa af…**

upplestrardagskrá Þjóðmenningarhússins, **Jólahrolli**. Í dag kl. 12.15 les **Steinar Bragi** úr skáldsögu sinni Hið stórfenglega leyndarmál Heimsins.

yfirlitssýningu **Drafnar Friðfinnsdóttur** sem stendur yfir í **Listasafni Akureyrar.**

**Bakkynjum** eftir **Evripídes**, jólasýningu Þjóðleikhússins sem frumsýnd verður 26. desember.

# Fræðsla í Sýndarsafni

**Á dögunum var opnuð svokölluð Fræðslumiðstöð í Listasafni Íslands þar sem gestir hafa tækifæri til þess að kynnast safnkosti safnsins betur með hjálp Sýndarsafns auk þess sem þar er aðstaða til fyrirlestrahalds, kvikmyndasýninga og lesrými fyrir áhugasama listunnendur.**


**NÝIR MÖGULEIKAR Í MIÐLUN FRÆÐSLUEFNIS UM ÍSLENSKA MYNDLIST.** Starfsfólk Listasafns Íslands og aðstandendur fræðslumiðstöðvarinnar glöddust að vonum við opnun hennar á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Listasafn Íslands er meginsafn íslenskrar myndlistar. Í safneigninni, sem spannar einkum íslenska myndlist frá lokum 19. aldar til dagsins í dag, eru nú um 10.000 listaverk og bætist stöðugt við hana. Þar á meðal er helstu lykilverk íslenskrar listasögu eftir fremstu listamenn þjóðarinnar.

Með opnun Fræðslumiðstöðvarinnar vill safnið efla menntunarhlutverk sitt og auðvelda gestum sínum að sjá þau verk safnsins sem ekki eru í almennum sýningum.

Dagný Heiðdal, deildarstjóri listaverkadeildar safnsins, útskýrir að með Sýndarsafninu sé gamall draumur að rætast en þar má sjá stafrænar myndir af verkum í eigu safnsins og lesa upplýsingar um þau og höfunda þeirra. „Þessar upplýsingar eru skráðar í gagnagrunn sem við notum til að halda utan um upplýsingar sem við skráim um verk safnsins. Við höfum síðan verið að vinna að notendavænu viðmóti fyrir almenning undanfarið ár. Í Sýndarsafninu eru nú upplýsingar um öll íslensku verkin í safninu, um 8500 talsins. Rituðu upplýsingarnar er tvenns konar, annars vegar eru þar æviatriði og upplýsingar um feril, menntun og sýningar listamannanna og hins vegar upplýsingar um verkin í heild en þar er hægt að leita eftir listamönnum, gerð verka, tímabilum í listasögunni og undirgreinum ólíkra miðla.“

Dagný segir að margar vinnustundir liggi að baki slíkum upplýsingavef, bæði hjá starfsfólki safnsins og hönnuði hans, Valgerði Hauksdóttur. Sambærilegir vefir þekkist vart hér á landi en leitað var upplýsinga hjá hliðstæðum upplýsingavefjum erlendis til að kanna hvað hefði reynst best.

Forsvarsmenn listasafnsins vona að sem flestir geti nýtt sér þennan nýja möguleika og Dagný nefnir þar til dæmis skólahópa. „Við vonum líka að þetta veki gesti okkar til umhugsunar um starfsemi safnsins. Listasafn Íslands er þjóðlistasafn og hér geymum við menningararfinn. Það eru ekki allir sem átta sig á því,“ segir Dagný.

Til að byrja með verður Sýndarsafnið aðeins aðgengilegt í aðstöðu Fræðslumiðstöðvarinnar sem hýst er í kjallara safnsins við Fríkirkjuveg. .Arkitekt að innréttingum og skipulagi .þess er Hildigunnur Sverrisóttir hjá Arkitektur.is. „Það er þó markmiðið að efnið fari allt á netið, þetta er aðeins fyrsta skrefið. Hins vegar eru nokkur atriði sem eru óleyst enn, til dæmis tengd höfundarréttarmálum og slíku,“ útskýrir Dagný og áréttar að þau finni fyrir miklum áhuga almennings á þessari þjónustu.

Fræðslumiðstöðin verður opin á þjónustutíma safnsins, alla daga nema mánudaga milli 11-17. Aðgangur að safninu er ókeypis og geta því gestir nú einnig sótt sér ókeypis fræðslu í kjallarann þar sem finna má fjölbreytt lesefni um íslenska myndlist, tímarit og margmiðlunarefni um listfræði, arkitektúr og hönnun auk Sýndarsafnsins.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu safnsins, www.listasafn.is. -khh


**MÁ BJÓÐA ÞÉR HLJÓÐ?** Þóranna Dögg Björnsdóttir skapar hljóðleg hughrif við Hverfisgötuna. MYND/FRIÐRIK ÖRN

# Nostrað við hlustir

**Hljóðlistamaðurinn Þóranna Dögg Björnsdóttir býður gestum til sætis í Gel gallerí við Hverfisgötu þar sem hún flytur persónulegt lifandi tónverk fyrir hvern og einn. Hún vill þannig beina athygli fólks á nýstárlegan máta að hljóðheiminum umhverfis okkur.**

„Ég hef sankað að mér og föndrað með alls konar hluti sem mér finnst áhugaverðir hvað hljóðið varðar. Ég nostra síðan við fólk og bý til hljóðheim í kringum það ásamt umhverfishljóðum –- vinn mjög nálægt eyrunum og í kringum höfuðið og er með því að skapa ákveðna skynvillu,“ útskýrir Þóranna en í galleríinu er hún til að mynda með alls konar trommur, krukkur, lauka og strá, leikur með vatn og ýmsa smáhluti sem gefa frá sér fjölbreytileg hljóð og mismunandi tíðni. „Fólk hefur tekið þessu mjög vel, margir sem hafa komið hingað í klippingu hafa viljað prófa. Gestirnir eru mjög ánægðir og ganga burtu sáttir og ég er glöð yfir að ná að skapa stemninguna sem ég ætlaði mér.“

Þóranna stundaði tónlistarnám frá unga aldri og hefur nýlokið námi í hljóð- og myndlist frá Konunglega listaháskólanum og tónlistarháskólanum í Haag í Hollandi þar sem hún vann að rannsókn um samspil hljóðs og mynda, eða það sem kalla mætti sýnilega tónlist. Áhugi hennar á hljóði er mikið til kominn í gegnum tónlistina en hún kveðst hafa alist upp við mikla músík. „Það er mikið af tónlistarmönnum í kringum mig og ég átti líka ömmu sem örvaði ímyndunaraflið hjá mér. Það var þó ekki fyrr en í seinni tíð að ég fór að grúska meira í hljóði. Það er kannski vegna þess að mér finnst hljóðheimurinn óræðastur í listinni – hann skapar hughrif og tilfinningar sem eru óútskýranlegar. Þótt tónlist geti verið útskýranleg þá nálgast hún okkar innri heim á svo sterkan hátt.“

Þóranna verður í galleríinu í dag milli 18-20 og á sama tíma alla vikuna fram á fimmtudag, á Þorláksmessu geta gestir miðbæjarins síðan fengið kærkomið frí frá jólastressinu hjá listakonunni milli 16-19. - khh




# Hornby floppar

Nýjum söngleikjum farnast ekki vel á Broadway þessi dægrin. Raunar var rokksöngleik byggðum á leikverki Franks Wedekinds, Vorið vaknar, tekið vel á forsýningum og frumsýningu í vikunni, en söngleikur sem byggir á skáldsögu Nicks Hornby, High Fidelity, lauk keppni á miðvikudag eftir aðeins fjórtán sýningar.


NICK HORNBY.

Sagan um Hornby er kunn: ungur maður lokar sig frá heiminum í hljómplötuverslun og lifir meira í heimi tónlistar sem hann ann en heimi fólks með mannlegar tilfinningar og þrár. Írski leikstjórinn Stephan Frears gerði úr þessu efni kvikmynd og flutti verkið til Chicago til að tryggja sér fjármagn og stjórnur. Þá gekk vel að tvinna saman stefin sem þutu um hug unga mannsins og félagslegan vanda hans.

En á sviðinu varð að semja nýja tónlist, en ekki kyrja lög Kinks og Stiff Little Fingers, Arethu eða Stereolab. Gagnrýnendur tóku verkinu vægast sagt illa, sögðu það leiðinlegt. Þó tók tíu milljónir dala að koma verkinu á svið. Miðaverð var hátt – nær átta þúsund kall á miða. Leikhúsið stórt – Imperial-leikhúsið tekur 1434 gesti í sæti.

High Fidelity slæst því í hóp fallstykkja úr rokkgeiranum: sýningin sem byggði á Dylan-lögum er búin, söngleikur um John Lennon dó og annar um Presley sömuleiðis.

Menn vestanhafs leita skýringa í kjarnahóp rokkaðdáenda: það eru karlmenn og þeir hafa lengi verið lakasti hópurinn í aðsókn söngleikja. - pbb

veidihornid.is

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 • Síðumúli 8 - Sími 568 8410

VEIÐIHORNIÐ

# Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni
# veidihornid.is



**Infac byssuskápur fyrir 5 byssur.**
3mm stál, öflug boltalæsing. Topphilla. **Jólatilboð 22.995.-**



**Infac byssuskápur fyrir 7 byssur.**
Mest keypti byssuskápurinn á markaðnum. 3mm stál, öflug boltalæsing, læsanlegt innra hólf.
**Jólatilboð 29.995.-**



**Ameristep felubirgi.**
Rúllubaggarnir vinsælu sem slegið hafa í gegn. 2 veiðimenn komast vel fyrir í birginu.
**Jólatilboð aðeins 14.995.-**



**Atlas snjóþrúgur**
fyrir skotveiðimanninn, í jeppann eða frístundahúsið. Vandaðar bandarískar þrúgur í tösku ásamt 2 stillanlegum göngustöfum. Fyrir konur og karla.
**Verð aðeins frá 17.995.-**



**ProLogic skotveiðijakki**
í felulitum. Vatnsheldur jakki með lausum innri jakka. Vatnsheldur með útöndun. Stórir vasar og góð hetta.
**Jólatilboð aðeins 19.900.-**



**ProLogic skotveiðibuxur**
í felulitum. Háar smekkbuxur í MAX4 mynstri. Rip Stop efni. Vatnsheldar með útöndun.
**Jólatilboð aðeins 14.900.-**

**ProLogic neoprenvöðlur. Jólatilboð aðeins 12.900.-**



**ProLogic skotveiðitöskur**
í MAX4 felumynstri.
**Verð aðeins frá 6.995.-**



**Beretta bakpoki**
með festingu fyrir byssu. Felulita hlífðarpoki fylgir.
**Verð aðeins 11.495.-**



**Gervigæsir.**
Nauðsynlegar í gæsaveiðina. 12 skeljar í kassa. Lausir hausar og festijárn. Þær mest keyptu á Íslandi undanfarin ár. **Verð aðeins 7.995.- fyrir 12 stk. Einnig gerviendur á aðeins 595 kr. stk.**



**Hreinsisett fyrir haglabyssur og riffla.** Landsins mesta úrval. **Verð aðeins frá 1.595.- fyrir sett með verkfærum, hreinsiefnum og olíu.**



**Leirdúfukastarar. Verð aðeins frá 1.995.-**




**Beretta skotfæratöskur. Verð aðeins frá 1.995.-**



**Leupold fjarlægðarmælar.**
Nauðsynlegt fyrir skotveiðimenn og golfara.
**Verð aðeins frá 29.900.-**



**Leupold handsjónaukar í miklu úrvali.** Vandaðir og vinsælir bandarískir sjónaukar.
**Verð aðeins frá 14.900.-**



**Beretta vörur í úrvali fyrir skotveiðimanninn.**
Beretta hlífðargleraugu **frá aðeins 3.995.-** Beretta heyrnarhlífar **frá aðeins 4.890.-**



Hafnarstræti 5

## Erfitt að velja?

**Gefðu gjafabréf í stærstu veiðiverslun landsins. Þar er úrvalið**

**Þú sérð jólatilboðin líka á veidihornid.is**

**- Opið alla daga -**



Síðumúli 8




**Barna- og unglingaleikhús Austurbæjar kynnir Jólafárið eftir Kikku.**
Mið 27.des kl. 13.00 / Fim 28.des kl. 13.00 Miðaverð kr. 800
Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

ÓÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR
**Kammersveitin Ísafold ásamt Huldu Björk Garðarsdóttur sópran og Ágústi Ólafssyni barítón flytja verk eftir Mahler. Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason**
**6. janúar kl. 17.00 í DUUS - húsum í Keflavík**
**7. janúar kl. 20.00 í Íslensku óperunni**
**Miðaverð kr. 2.000 - Námsmenn: 2 fyrir 1**
SpKef
**FLAGARI Í FRAMSÓKN - HALLDÓR ER KOMINN AFTUR! - Nánari upplýsingar á www.opera.is**
**Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus** - 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20
3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 - **FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX**
**Þorláksmessa í Óperunni - Óperukareokí**
Davíð Ólafsson, óperusöngvari, heldur uppi fjörinu - Húsið opnar kl. 20
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Gjafakort fyrir alla fjölskylduna!

Gjafakort í miðasölu og á www.leikhusid.is

**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter
Lau. 6/1, lau. 13/1 lau. 20/1, lau. 27/1.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Fös. 29/12 **kl. 20:00** uppselt, lau. 30/12 **kl. 14:00** uppselt og **kl. 17:00** uppselt, lau. 6/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 7/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 20:00**, lau. 13/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 20/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 21/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus**.

**BAKKYNJUR** eftir Evripídes
Frumsýning 26/12 uppselt, 2. sýn. mið. 27/12 **örfá sæti laus**, 3. sýn. fim. 28/12 **örfá sæti laus**, 4. sýn. fim. 4/1 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fös. 5/1 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fim. 11/1 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fös. 12/1 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. fim. 18/1.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Lau. 6/1, lau. 13/1 **nokkur sæti laus**, lau. 20/1
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 **kl. 11:00** uppselt, **kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 7/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, lau. 13/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00** uppselt.

**Leikhúsloftið**

**LEITIN AÐ JÓLUNUM** eftir Þorvald Þorsteinsson
Fös. 22/12 kl. 13:00 uppselt, lau. 23/12 kl. 13:00 uppselt.

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**

„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU.“
ÓFAGRA VERÖLD
FRAMUNDAN
ÓFAGRA VERÖLD
ANTHONY NEILSON
FORSÝNING 28.DESEMBER
MIÐAVERÐ 1.000
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ


# Átta gata sögumenn

Rithöfundarnir Einar Kárason og Ólafur Gunnarsson hafa lengi átt sér þann draum að keyra þvert yfir Bandaríkin á alvöru amerísku dollaragríni. Þeir létu drauminn loks verða að veruleika með fulltingi forleggjarans Jóhanns Páls Valdimarssonar sumarið 2005.

Ferðin var meðal annars réttlætt með því að rithöfundarnir tveir myndu setja saman ferðasögu sem Jóhann Páll gæfi út á bók og útkoman er þessi tæplega 300 blaðsíðna vegasaga prýdd myndum sem útgefandinn tók sjálfur á ferðalaginu.

Alls flugu þeir fimm frá Íslandi til Ameríku í þessa svaðilför þeir Einar, Ólafur og Jóhann Páll ásamt Aðalsteini Ásgeirssyni (Steina í Svissinum) og Sveini Magnúsi Sveinssyni kvikmyndagerðarmanni. Steini var lykilmaður í ferðinni þar sem það kom í hans hlut að halda fararskjótanum, Kadilakk árgerð 1960, gangandi og ekki veitt af vönum manni þar sem ástand ökutækisins sem Ólafur keypti á netinu var síður en svo ásættanlegt.

## Egóflipp miðaldra karla

Það má sjálfsagt lengi deila um það hvaða tilgangi það þjóni að gefa frásögn af egóflippi miðaldra karlmanna út á bók og áður en maður les Úti að aka gæti maður hæglega fallið í þá gryfju að álykta að ferðasagan eigi takmarkað erindi út fyrir þröngan hóp ferðalanganna og þeirra nánustu.

Til þess að geta látið slíka fordóma eftir sér verður maður hins vegar að horfa fram hjá því að söguna skrifa tveir magnaðir sögumenn sem leika sér að því að heilla lesandann með stíl- og frásagnargáfu sinni. Maður hefur því ekki lagt margar blaðsíður að baki þegar maður er orðinn einn af hópnum og þó hér séu engin morð framin og persónur standi ekki frammi fyrir flóknari ráðgátum en sjálfum sér, lífinu og gangverki gamals Kadda þá rennur frásögnin svo ljúflega að það er ekki gott að leggja bókina frá sér.

## Lifandi persónur

Það þarf sjálfsagt ekki að fjölyrða um það að Úti að aka er karlabók og sem slík virkar hún vel, ekki síst þar sem ferðafélagarnir eru margbrotnar og ólíkar persónur þannig að árekstrar eru óumflýjanlegir. Ferðin og dyntóttur farskjótinn taka líka á taugarnar og menn eru svo sannarlega misvel skapi farnir til þess að mæta mótlætinu.

Lýsingar Ólafs og Einars á sjálfum sér og ferðafélögunum eru vel heppnaðar, eins og við mátti búast, og þessir kúnstugu karlar standa ljóslifandi fyrir hugskotssjónum lesandans.

Forleggjarinn Jóhann Páll er til dæmis frábær aukapersóna, uppstökkur og þolir illa frávik frá áætlunum nema breytingarnar séu eftir hans höfði og er síblaðrandi með sögur af sjálfum sér og öðrum á takteinum við öll tækifæri. Framan af gæti maður vel hugsað sér að sitja í bíl með honum í hálfan mánuð en þegar hann er farinn að reyna á þolrif síns gamla vinar, Ólafs Gunnarssonar, læðist að manni sá grunur að hann sé bestur í svona eins og þriggja tíma skömmtum.

## Tilraun sem gengur upp

Úti að aka er óvenjuleg bók. Efniviðurinn er sérstakur, raunverulegt persónugalleríið kostulegt og síðast en ekki síst er það ekki daglegt brauð að tveir þungaviktarrithöfundar leggi í púkk af þessu tagi og segi ferðasögu saman. Þeir félagar skipta frásögninni bróðurlega á milli sín og textar þeirra eru fléttaðir saman í þrælskemmtilega heild.

Ég viðurkenni fúslega að ég hafði takmarkaða trú á því að þessi strákadraumur miðaldra kalla gæti komið vel út á prenti, þó uppátækið sé áhugavert, og það hefði hæglega verið hægt að klúðra dæminu en með þessa tvo frábæru sögumenn í ham steinliggur þetta. Vegamyndastemningin kemst vel til skila og svo spillir auðvitað ekki fyrir að hafa skrautlega aukapersónu eins og Jóhann Pál Valdimarsson í ferðasögu eins og þessari.

**Þórarinn Þórarinsson**




**BÆKUR**
**Úti að aka**
Á reykspúandi Kadilakk yfir Ameríku
Ólafur Gunnarsson og Einar Kárason
JPV

★★★

Sérkennileg bók um egóflipp miðaldra karla sem svínvirkar þrátt fyrir allan svitann og karlaríginn og þar ræður tvennt úrslitum: Skemmtilega samansettur hópur ólíkra ferðalanga og frásagnargáfa Einars og Ólafs sem njóta sín báðir í botn.





GEORG JENSEN


Glæsilegt úrval úra og skartgripa
Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • Sími 511 1900

Hljómar og List

20 – 40% AFSLÁTTUR
Þverflautur silfurhúð frá kr: 24.500.-
Trompett gullhúð frá kr: 23.500.-
Klarínett frá kr: 24.400.-
Fiðlur frá kr: 15.500.-
Selló frá kr: 70.500.-
Kontrabassar frá kr: 200.000.-
*Gæði og lágmarksverð*
Hljómar og List
Skipholt 29A
Opið 12 – 17 • Sími: 511-5151

# Af óvinum og öðrum mönnum

**BÆKUR**

**Óvinir ríkisins**

Ógnir og innra öryggi í kalda stríðinu á Íslandi

Guðni Th. Jóhannesson

Mál og menning

★★★

Merkileg úttekt og nauðsynleg um svartan blett í opinberu lífi



Kosturinn við sagnfræðina er að hún kemur stundum á óvart. Guðni Th. Jóhannesson varpar í riti sínu um svokallaða óvini ríkisins bombu inn í íslenska stjórnmálaumræðu. Þar rekur hann skilvíslega hvernig ríkisstarfsmenn fengu leyfi dómara, möglunarlaust, til að hlera síma. Nú liggur hún ósprungin í garði þjóðarinnar.

Þó kannast margir við að hér tíðkuðust um áratugi símahleranir: málgögn, félagasamtök, einstaklingar í pólitísku vafstri, þingmenn, forystumenn verkalýðs, nutu þess álits hjá fáeinum einstaklingum í opinberri þjónustu að ástæða þótti til hlerana.

Guðni dregur fram ótal dæmi, fyrst á árunum þegar stéttaátök magnast hér á landi í hvíta stríðinu og Gúttóslagnum er óttinn við kommúnisma var að leggjast á sál forystumanna borgaralegra afla. Síðan enn frekar þegar hér var talin ógn af mönnum sem voru hlynntir stórveldunum þýska og sovéska.

Hernámið færði þessa skyldu yfirvalda á herðar setuliðanna sem tóku menn úr umferð, fluttu úr landi og héldu lista um óæskilega einstaklinga. Steininn tók úr þá kom til óróa meðal borgara vegna stórra deilumála í utanríkispólitík, herstöðva- og hernaðarbandalagssamningum, landhelgismálum og verkföllum.

Þá koma við sögu tilraunir Sovétmanna til njósna hér og loks rekur Guðni þau tilvik þar sem fylgst var með róttækum hópum, herstöðvaandstæðingum og námsmannahreyfingum. Sögunni lýkur snemma á áttunda áratugnum og þó ekki: enn eru þessi deilumál til umræðu og hafa nú umhverfst í hluta af pólitískri deilu í aðdraganda kosninga í vor. Mönnum gengur satt að segja illa að komast að samkomulagi, að allt skuli dregið fram í dagsljósið og er sú pólarisering heldur kátleg.

Síðustu dægrin hafa komið fram heimildamenn sem segja í skjóli nafnleyndar, að hleranir hafi tíðkast mun lengur en Guðni finnur gögn um, jafnvel símar lögreglumanna hafi verið hleraðir.

Bók Guðna er stór að vöxtum, ríkulega myndskreytt, með heimilda- og tilvitnanaskrám og nafnaskrám: 411 síður. Verkið ber þess merki að hafa verið unnið í flýti, það er víða fljótaskrift á frásagnarhættinum, setningarvillur fáar en yfirprentað er í nafnaskrá (410) sem er til vitnis um hraða í vinnslu. Eintakið mitt var enn blautt í spjöldum og örk, sem benti til hraðrar vinnslu en er að ná sér. Síðustu athugasemdir eru skráðar seint í haust. Átti Guðni að bíða? Atburðarás síðustu vikur sannar að útgáfutíminn var hárréttur, eftirmálin verða skrifuð í aðra miðla en bækur þessar vikur og fram á vor.

Það er hárrétt greining hjá Guðna að rauði þráðurinn í verkinu er ótti: ástæður hans hafa bólgnað svo í vitund manna allan þennan tíma, einkum eftir stríðið, að þeir lögðust í eftirlit, brutu þinghelgi og flest borgaraleg réttindi, af litlu eða engu tilefni. Ástæður reynast í dómi sögunnar skoplegar.

Sem betur fer voru afleiðingar gjörða þeirra ekki alvarlegar eins og þær reyndust víðar um álfur þar sem eins var að staðið: í Sovétríkjunum, Austur-Þýskalandi, fasistaríkjunum Spáni og Portúgal og víðar um heim þar sem hægri sinnuð borgaraleg öfl töldu nauðsynlegt að misbeita valdi kjörinna stjórnvalda og embættismanna með svipuðum hætti. Það er samhengi hlerana á Íslandi, hvað sem menn gera nú til að slá úr.

Guðni fer varlega í að túlka þau gögn sem hann rekur í skipulagðri tímaröð eftir heimildum sem eru aðgengilegar. Upprifjun er oft í belg og biðu, hann dvelur ekki í frásögninni, nýtir ekki tækifæri til bollalegginga en lætur gögnin tala. Stöku sinnum varar hann við túlkunum eða dregur þær fram í spurn. Allur er varinn góður: hér skortir á viðtöl við opinbera starfsmenn lögreglu og Pósts og síma sem stóðu í skítverkunum. Þeir eru enda bundnir trúnaði sem ætti að leysa þá undan hið snarasta svo hreinsa megi út úr þessum fylgsnum.

Um leið og Guðni bregður ljósi á skuggaheima borgaralegra stjórnmálamanna og embættismanna er síðari hluti verks hans kúnstug lýsing á Fylkingunni og þeim sem fóru fram í andstöðu gegn heimsvaldastefnunni eins og hún var kölluð. Sá þáttur er ekki síður merkilegur. Og bakvið allt gín við lesanda sú sára staðreynd hvað íslenskt stjórnmálalíf þessa tíma var frumstætt í mörgu. Og eftir vakir sú spurning hvort það er þroskaðra nú í ljósi þessara tíðinda?

**Páll Baldvin Baldvinsson**




Veitingastaður IKEA

Opnum kl. 9:00 mánudaga - laugardaga

Morgunverður
kl. 9:00 - 11:00



195,-
2 rúnstykki, 1 egg, skinkusneið, ostsneið, smjör, sulta og heitur drykkur

Hádegisverður
framreiddur allan daginn



290,-
Grænmetisbuff m/kúskús, grænmeti og graslaukssósu

Kvöldverður
framreiddur allan daginn



490,-
Sænskar kjötbollur m/kartöflum, týtuberjasultu og rjómasósu (10 stk.)

Þrjár máltíðir = 975,-

IKEA®

Þú átt allt gott skilið!

IKEA® Restaurant & Café

© Inter IKEA Systems B.V. 2006

fjörið ... Fólk folk@frettabladid.is

# Jóel djassaði á Domo

**Saxófónleikarinn Jóel Pálsson hélt útgáfutónleika á Domo síðastliðið fimmtudagskvöld. Spilaði hann ásamt félögum sínum tónlist af nýrri plötu sinni, Varp. Voru tónleikarnir jafnframt hluti af tónleikaröð djassklúbbsins Múlans sem hefur nú hreiðrað um sig á Domo.**

Jóel hlaut á dögunum tvær tilnefningar til íslensku tónlistarverðlaunanna, annars vegar fyrir plötu ársins og hins vegar fyrir lag ársins í flokki djasstónlistar.


**JÓEL PÁLSSON** Jóel spilaði á saxófóninn af stakri snilld á tónleikunum eins og honum einum er lagið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**FÉLAGAR** Félagarnir Andri Guðmundsson og Pétur Heiðarsson hlýddu á fagra tóna Jóels Pálssonar.


**EINAR ÓLI OG MARGRÉT** Einar Óli og Margrét létu fara vel um sig.


**HALLDÓR OG LILJA** Á meðal þeirra sem kíktu á tónleikana voru þau Halldór og Lilja sem virtust sátt við sitt.


**SÓLEY OG BRYNDÍS** Þær Sóley og Bryndís létu sig ekki vanta á útgáfutónleika Jóels.


**ÁHUGASAMIR** Þessir tveir herramenn hlustuðu á tóna Jóels og félaga með mikilli athygli.

## Skotin í Pamelu


**CAMERON DIAZ** Segist vera veik fyrir Pamelu Anderson

Leikkonan Cameron Diaz segist hafa verið nett skotin í kynbombunni Pamelu Anderson frá því hún sá hana fyrst, eða svo segir hún í viðtali við Gay Magazine. „Ég varð ofsalega skotin í Pamelu Anderson þegar ég sá hana fyrst. Ég gat ekki komist yfir hvað hún er falleg,“ segir Cameron og bætir því við að það kæmi vinum hennar eflaust ekkert á óvart ef hún kæmi óvænt úr skápnum, en hún fer ekki dult með aðdáun sína á kvenlíkamanum. Cameron er enn á föstu með söngvaranum Justin Timberlake, en sá einnig væntanlega lítið á móti Pamelu.





**UM ALLAN HEIM** Margrét og Nonni eru bæði í Make Up Store blaðinu sem er selt í yfir hundrað verslunum víðs vegar um heiminn.

# Nonni Quest vekur athygli ytra

Hárgreiðslumeistarinn Nonni Quest er í opnuviðtali í förðunarblaði sænska snyrtivöruframleiðandans Make Up Store. Hann fór ásamt Margréti R. Jónasdóttur, förðunarfræðingi og eiganda Make Up Store í Kringlunni, til Svíþjóðar í haust til að taka þátt í tíu ára afmælissýningu Make Up Store.

„Af því að Make Up Store var að opna á Íslandi þá var Margréti boðið að taka þátt í þessari sýningu og hún fékk mig til að fara með sér og sjá um hárið á fyrirsætunum í atriðinu sem hún sá um og það eru einmitt myndir af því atriði í blaðinu líka,“ segir Nonni en einnig má sjá myndir í blaðinu frá opnun Make Up Store á Íslandi fyrir um tveimur mánuðum.

„Það kom mér svolítið á óvart að þeir vildu taka viðtal við mig í blaðið en við vöktum athygli hjá fólkinu þarna úti sem fannst það svo kúl sem við vorum að gera, enda fengum við líka heilmikla umfjöllun í Expressen eftir sýninguna.“

Margrét R. Jónasdóttir, eigandi Make Up Store á Íslandi, er að vonum ánægð með athyglina sem Nonni og hún fá í Make Up Store blaðinu. „Blaðið er selt í öllum Make Up Store verslununum, sem eru yfir hundrað talsins úti um allan heim,“ segir Margrét. „Viðskiptavinir okkar kaupa blaðið en ekki síður fagfólk innan tískugeirans.“

Margrét segir verslunina hafa fengið frábærar viðtökur í Kringlunni. „Fólk er rosalega ánægt með vörurnar en núna fyrir jólin erum við með gjafabréf upp á vörur fyrir 5.400 krónur og með því fylgir einkakennsla í förðun í klukkustund auk þess sem búðin gefur gjöf með hverju gjafabréfi. Þessu er pakkað inn í voðalega fallegar umbúðir þannig að þetta er bara tilbúið undir jólatréð og alveg kjörið fyrir þá sem eru alltaf að flýta sér,“ segir Margrét og hlær.

- sig

# 30-50%

## afsláttur af völdum vörum

Opið til kl. 22:00
öll kvöld til jóla






**Lakkskór**
svartir, ljósbleikir, st. 28-35
TILBOÐ 999 kr
Verð áður 1.999.-



**Spariskór**
svartir, hvítir, brons st. 29-36
TILBOÐ 999 kr
Verð áður 1.999.-



**Spariskór**
svartir, st. 24-34
TILBOÐ 999 kr
Verð áður 1.999.-



**Skór**
svartir, st. 31-39
TILBOÐ 1.249 kr
Verð áður 2.499.-



**Stígvél**
svört, blá, st. 24-35
TILBOÐ 1.499 kr
Verð áður 2.999.-



**Ballerínuskór**
svartir, bláir, st. 24-35
TILBOÐ 999 kr
Verð áður 1.999.-



**Skór**
svartir, st. 30-39
TILBOÐ 1.499 kr
Verð áður 2.999.-



**Skór**
svartir, st. 22-34
TILBOÐ 999 kr
Verð áður 1.999.-

Gildir til 28. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Lucas í hjónaband

Matt Lucas úr gamanþáttunum Litla-Bretland, sem sýndir hafa verið á Íslandi við miklar vinsældir, gekk að eiga unnusta sinn, sjónvarpsframleiðandann Kevin McGee, við borgaralega athöfn í London á laugardag. Meðal gesta voru David Walliams, félagi Lucas úr þáttunum og grínistarnir Dale Winton og Rob Brydon.

Athöfnin var formleg og allir karlgestir klæddust jakkafötum en veislan hefur að líkindum verið skrautlegri þar sem gestir voru beðnir um að mála sig eins og látbragðsleikarar gera. Á undan athöfninni kvaðst Lucas vera taugaóstyrkur en um leið fullur tilhlökkunar en þeir McGee hafa verið saman í þrjú ár.



**MATT LUCAS** Í gervi hommans hvers kvöl enginn skilur í þáttunum Litla-Bretland.






**HRÆDD UM ÖRYGGI SITT** Heather Mills er talin eiga á hættu árásir frá glæpamönnum í Liverpool sem eru ósáttir við skilnað hennar við Paul McCartney. Bítillinn fyrrverandi neitar að greiða fyrir öryggisgæslu hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Heather hrædd um öryggi sitt og dóttur sinnar

**Lögregla hefur varað Heather Mills við því að hún gæti átt von á árásum glæpamanna úr undirheimum Liverpool sem eru ósáttir við skilnað hennar og Sir Pauls McCartney. Þrátt fyrir þetta neitar Bítillinn að greiða fyrir öryggisgæslu hennar.**

Lögreglumenn heimsóttu Heather Mills, fyrrverandi eiginkonu Bítilsins Sir Pauls McCartney, á fimmtudag. Þar var henni tjáð að lögregla hefði komist á snoðir um áform um að gera henni mein. Sérstakur öryggishnappur hefur verið settur upp á heimili Heather svo hún geti látið yfirvöld vita ef hætta steðjar að henni. Lögreglumenn ræddu einnig við Paul vegna málsins, en hann hefur neitað að sjá Heather fyrir lífvörðum. Þar til í október sá hann henni þó fyrir öryggisgæslu þegar dóttirin Beatrice var með í för. Hann hefur nú hætt því.

Heather Mills er reið McCartney vegna þessa og er dauðhrædd um öryggi sitt og dóttur þeirra. Talið er glæpamenn í Liverpool hafi lagt á ráðin um að ráðast á Mills. Margir aðdáendur Bítilsins eru ósáttir við framkomu Heather og hefur það komið skýrt fram á Netinu, en þar hefur henni verið hótað öllu illu. Hundruð hatursbréfa hafa verið send á vefsíðu hennar þar sem hún hefur meðal annars verið uppnefnd „fyrirlitlegasta konan í Bretlandi“. Vinir Heather segja í breskum fjölmiðlum að hún taki hótanirnar alvarlega, sér í lagi vegna allra þeirra árasa sem gerðar hafa verið á Bítlana og vini þeirra og fjölskyldur. Eins og kunnugt er lést John Lennon eftir árás vitfirrts aðdáanda síns.

Heather hefur lýst því yfir að hún eigi enga peninga til að greiða fyrir öryggisgæslu eftir að eiginmaður hennar lokaði aðgangi hennar að sameiginlegum bankareikningi þeirra. „Heather hefur talað við Paul um þetta en hann segist ekki sjá neina ástæðu til að láta hana hafa peninga. Heather er mjög ósátt við þetta, sérstaklega að hann skuli ekki sjá að sér nú þegar lögreglan er komin í málið,“ sagði vinur Heather við Daily Mail. Eins og kom fram í Fréttablaðinu á dögunum er talið að hjónakornin hafi náð sáttum um skilnað sinn. Því ætti að Heather fljótlega að geta keypt sér þá öryggisgæslu sem talin er nauðsynleg.



**ÁNÆGÐ OG HAMINGJUSÖM** Hjónabandi Heather Mills og Sir Pauls McCartney lauk fyrr á árinu. Lögfræðingar þeirra hafa síðan unnið að því að ganga frá skilnaði þeirra. Á meðan hafa ásakanir gengið á milli þeirra um ofbeldi og annað miður skemmtilegt framferði.



**MORRICONE** Stef tónskáldsins úr myndinni The Good, The Bad, And The Ugly, er orðið tákn fyrir kúrekamyndir.

# Morricone fær Óskar

Einn merkasti höfundur kvikmyndatónlistar undanfarna áratugi, hinn 78 ára gamli Ítali Ennio Morricone, mun hljóta heiðursverðlaun við afhendingu Óskarsverðlaunanna 25. febrúar.

Morricone hefur samið tónlist við yfir 300 kvikmyndir, meðal annars marga spagettívestra Sergios Leones og The Untouchables. Tónlist hans var notuð í Kill Bill tvennuna, en þrátt fyrir að hafa fimm sinnum verið tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir bestu tónlist hefur Morricone aldrei hlotið verðlaunin.

Næsta tónsmíð Ítalans verður fyrir kvikmyndina Leningrad, sem fjallar um umsátur þýska hersins í seinni heimsstyrjöld.



**DENZEL WASHINGTON** Segist vara afar órómantískur maður að eðlisfari.

# Afar órómantískur

Leikarinn Denzel Washington bað konunnar sinnar í gegnum síma eftir að hafa verið á föstu með henni í sex ár. Sjarmörinn mikli segir nefnilega að sér líði illa í aðstæðum sem eru of rómantískar. „Hvað get ég sagt, hún var í Los Angeles og ég var í New York, það bara hljómaði rétt að gera það þá,“ segir Denzel sem gefur heldur ekki rósir, konfekt eða aðrar rómantískar gjafir. Denzel ráðgerði heldur aldrei að verða leikari, upphaflega ætlaði hann að sækjast eftir frama í blaðamennsku.




# Jennifer ekki nakin

Þekktur lýtalæknir í Bandaríkjunum hefur óvænt komið leikkonunni Jennifer Aniston til bjargar. Aðdáendur Aniston hafa verið með böggum hildar síðustu vikuna eftir að myndband þar sem hún sést ganga berbrjósta á strönd hefur gengið um Netið. Um er að ræða átta sekúndna myndband sem vakið hefur óhemju mikla athygli, enda Aniston þekkt fyrir allt annað en að striplast fyrir framan myndavélar.

Lýtalæknirinn Athony Youn hefur skoðað myndbandið og segist viss um konan sé ekki Jennifer Aniston. „Andlit þeirra eru ótrúlega lík, bæði nef og varir eru mjög svipuð. En Jennifer er allt öðruvísi en þessi kona. Hlutföllin passa ekki, þessi kona er mun grennri en hún,“ segir læknirinn. „Þær eru í raun nokkuð ólíkar.“ Víst er að aðdáendur leikkonunnar þekktu gleðjast mjög við þessu tíðindi.



**JENNIFER ANISTON** Myndband af tvífara hennar hefur gengið á Netinu undanfarið.

**NÍTJÁNDA ÖLDIN Í EINU BINDI**

# Stórkostleg bók um einhverja umbrotamestu tíma þjóðarinnar

*Veglegt rit um nítjándu öldina þar sem daglegt líf og markverð tíðindi spretta ljóslifandi fram í vönduðum, fróðlegum og bráðskemmtilegum texta Bjarka Bjarnasonar.*

„Nálgun höfunda er frumleg og vandað er til vals efnisþátta. Fjörleg yfirferð ár frá ári með gamni í bland við alvöru, sem glæðir áhuga lesenda og auðgar skilning þeirra á samfélagi 19. aldar“.

*Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands*

„Þetta er afskaplega læsileg og stílhrein bók. Ég hreinlega gleymdi mér ... þegar ég fletti fyrst í gegnum bókina og stakk mér á bólakaf í bestu kaflana.“

*Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri*




**Bók sem sviptir hulunni af nítjándu öldinni.**

**500 BLAÐSÍÐUR**

**MEIRA EN 1000 MYNDIR**

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| ERAGON | kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20 B.I. 10 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20 |
| THE HOLIDAY | kl. 8 og 10.45 |
| CASINO ROYALE | kl. 5, 8 og 10.50 B.I. 14 ÁRA |
| HNOTUBRJÓTSPRINSINN ÍSL. TAL | kl. 3.20 |
| HÁTÍÐ Í BÆ | kl. 3.40, 5.50 og 8 |
| SKÓGARSTRÍÐ ÍSL. TAL | kl. 3.40 |
| BORAT | kl. 10.10 B.I. 12 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 5.40 B.I. 12 ÁRA |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| ERAGON | kl. 6, 8.20 og 10.40 B.I. 10 ÁRA |
| CASINO ROYALE | kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA |
| HNOTUBRJÓTSPRINSINN ÍSL. TAL | kl. 6 |
| HÁTÍÐ Í BÆ | kl. 5.50 |
| MÝRIN W.ENGLISH SUBTITLES | kl. 8 og 10.10 B.I. 12 ÁRA |
| BORAT | kl. 8 og 10 |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| ERAGON | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 10 ÁRA |
| THE HOLIDAY | kl. 5.40 og 8 |
| SAW III | kl. 10.30 B.I. 16 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Platan kemur í mars

Rokksveitin Guns N´Roses ætlar að gefa út langþráða plötu sína, Chinese Democracy, sjötta maí á næsta ári.

Orðrómur hafði verið uppi um að platan myndi koma út í ár en ljóst er að ekkert verður af því. Forsprakki sveitarinnar, Axl Rose, hefur staðfest að platan sé að klárast og eftir að henni verði skilað til útgefanda líði oftast um átta vikur þar til hún verður loks gefin út. Vill hann þó ekki lofa að þessi dagsetning muni halda.



**AXL ROSE** Söngvari Guns N´Roses segir að platan Chinese Democracy komi út á næsta ári.

Er þetta í fyrsta sinn sem Rose gefur opinberlega út ákveðna dagsetningu fyrir plötuna. Segist hann jafnframt hafa þurft að hætta við þó nokkra tónleika til að hægt væri að klára plötuna í tæka tíð.

„Ég tek ekki djúpt í árinni þegar ég segi að gerð plötunnar hafi tekið óheyrilega langan tíma og þetta hafi verið óskiljanlegt ferðalag," sagði Rose. „Takk fyrir þolinmæðina".

Fimmtán ár eru liðin frá því síðustu plötur Guns N´Roses með frumsömdu efni, Use Your Illusions I og II, komu út. Síðan þá hefur biðin eftir nýju efni frá sveitinni verið aðdáendum sveitarinnar nánast óbærileg.

# Bræðralag blúsaranna

**Undanfarinn mánuð hafa verið í gangi blúskvöld á mánudagskvöldum á Classic Rock. Bubbi Morthens ætlar að blúsa þar á næsta ári auk þess sem blúsarar frá Bandaríkjunum og Kanada eru væntanlegir.**



**BLÚSAÐ** Skemmtileg blúskvöld eru nú haldin á Classic Rock á mánudagskvöldum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Að sögn Smára Jósepssonar, eins af aðstandendum blúskvöldanna, byrjaði boltinn að rúlla þegar blúsþátturinn Bölverkur hóf göngu sína á sunnudögum á útvarpsstöðinni X-FM. Ákváðu þá Smári og félagar að efna til blúskvölda þar sem hinar ýmsu blússveitir gætu troðið upp. „Við höfum reynt að finna tvær nýjar hljómsveitir í hvert sinn og erum með prógram sem getur rúllað í nokkra mánuði. Við erum að reyna að finna þessu farveg þar sem við getum verið með vikulegan dag með blústónleikum um klukkan fimm til sex fyrir alla aldurshópa," segir Smári.



**SMÁRI** Smári Jósepsson lætur sig aldrei vanta á blúskvöldin. Hann hvetur alla sem hafa áhuga á blús til að mæta á staðinn.

## Allir velkomnir

Blús hefur ekki verið í hávegum hafður hér á landi að undanförnu og vilja Smári og félagar ráða bót á því. „Þetta er tónlist sem hefur kannski ekki verið í neinum stöðugum farvegi. Við höfum lagt mikið upp úr því að það séu allir velkomnir og við hvetjum alla til að taka þátt sem eru í blús- og blússkotnum hljómsveitum. Á fyrsta kvöldinu mætti til dæmis gaur sem sagðist spila á munnhörpu. Honum var kippt í gang og hann spilaði viku seinna. Það er svona bræðralag sem er í gangi þarna," segir hann.

## Ýmislegt framundan

Ýmislegt er framundan hjá blúsurunum á næsta ári. Bubbi Morthens ætlar að heiðra þá með nærveru sinni snemma á árinu auk þess sem bandaríski blúsarinn Joe Bonamassa mun troða upp í febrúar og Sean Pinchin frá Kanada í haust.

Þeim sem hafa áhuga á að taka þátt í blúskvöldunum, með spilamennsku eða öðru, geta haft samband með tölvupósti á bluesiceland@gmail.com eða kíkt á heimasíðuna Myspace.com/bluesiceland.

freyr@frettabladid.is









# Borat á ráðstefnu í Íran

Kvikmyndin um kasakska sjónvarpsmanninn Borat hefur fengið frábærar viðtökur og var í fyrradag tilnefnd til Golden Globe verðlaunanna sem besta gamanmyndin. Auk þess fékk Sascha Baron Cohen tilnefningu fyrir besta leik í gamanmynd.

„Þetta eru frábærar fréttir," sagði Cohen. „Ég hef reynt að ná í Borat til að segja honum þetta, en seinustu fjóra klukkutímana hafa báðir símarnir í Kasakstan verið á tali. Loksins svaraði forsetinn Nazarbayev og sagðist mundu skila þessu til Borats, strax og hann kæmi aftur frá Íran, þar sem hann er heiðursgestur á ráðstefnunni um afneitun Helfararinnar."

-sgj



**BORAT** Kasakinn geðþekki er ekki mjög hrifinn af gyðingum.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mogga Bíó á mánudögum 2fyrir1* í bíó
sjá miða framan á morgunblaðinu í dag
GILDIR Á ALLAR MYNDIR
Síðasti dagur !

Hér er á ferðinni frumlegasti spennuhasar ársins
DENZEL WASHINGTON VAL KILMER
DÉJÀ VU
Frá Jerry Bruckheimer "Pirates of the Caribbean"
Frá leikstjóra "Crimson Tide"
ENDURUPPLIFUNIN

BÍÓ PÖSSUN
VIÐ PÖSSUM BÖRNIN Á MEÐAN ÞÚ VERSLAR Í KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| JÓNAS : SAGA UM GRÆNMETI M/- Ísl tal. | kl. 13:00 | Leyfð |
| VALIANT M/- Ísl tal | kl. 14:45 | Leyfð |
| RACING STRIPES M/- Ísl tal. | kl. 16:30 | Leyfð |
| JÓNAS : SAGA UM GRÆNMETI M/- Ísl tal. | kl. 18:20 | Leyfð |

GÓÐA SKEMMTUN! GLEÐILEG JÓL

SAMBÍÓIN
JÓLAMYNDIN Í ÁR
the Holiday

www.haskolabio.is
Háskólabíó
Hér er á ferðinni frumlegasti spennuhasar ársins
DENZEL WASHINGTON VAL KILMER
ENDURUPPLIFUNIN
DÉJÀ VU
Frá Jerry Bruckheimer "Pirates of the Caribbean"
Frá leikstjóra "Crimson Tide"
THE BOSS OF IT ALL
MÝRIN
KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK
LEIÐIN TIL BETLEHEM
THE U.S. VS. JOHN LENNON
BNA GEGN JOHN LENNON

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl. 6:15 - 9 - 10:30 | B.i.12 | NATIVITY STORY | kl. 5:50 | B.i.7 |
| BOSS OF IT ALL | kl. 8 - 10:10 | B.i.12 | MÝRIN | kl. 10:10 | B.i. 12 |
| THE US VS. J.. | kl. 5:50 - 8 | B.i.12 | THE DEPARTED | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 5:50 | Leyfð | LA TRAHISON | kl. 8 | |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAW
HVERSU LANGT MYNDIR ÞÚ GANGA TIL AÐ HALDA LÍFI?
ÞRJÁR Á TOPPNUM
JÓLASVEINNINN 3

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | B.i.12 | FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð |
| DÉJÁ VU VIP | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | | SANTA CLAUSE 3 | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | Leyfð |
| DEAD OR ALIVE | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | B.i.12 | THE GRUDGE 2 | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| SAW 3 | kl. 8:15 - 10:40 | B.i.16 | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð | | | |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.12 | |
| THE HOLIDAY | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.7 | |
| DEAD OR ALIVE | kl. 10:20 | B.i.12 | DIGITAL |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 3:30 | Leyfð | DIGITAL |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 8:10 | Leyfð | |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 3:30 | Leyfð | |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ERAGON | kl. 8 | B.i. 12 |
| THE HOLIDAY | kl. 10:10 | Leyfð |
| DÉJÁVU | kl. 8 - 10:30 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl 8 - 10:20 | B.i.12 |
| DEAD OR ALIVE | kl. 6 - 8 | B.i.12 |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| SCANNER DARKLY | kl 10 | B.i.16 |

HANDHAFAR SVARTA KORTSINS FÁ 20% AFSLÁTT AF ALMENNU MIÐAVERÐI EF GREITT ER MEÐ KORTINU
GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM Í VIP SAL EÐA Á ÍSLENSKAR MYNDIR
www.sambioin.is 575 8900

# Ekki í vísindakirkjunni

Jim Carrey og Jennifer Lopez eru ekki gengin til liðs við Vísindakirkjuna, en Fréttablaðið greindi frá því fyrr í vikunni. Eftir að Carrey og Lopez mættu í brúðkaup Toms Cruise og Katie Holmes á Ítalíu töldu margir að þau hefðu gengið í Vísindakirkjuna, en áður höfðu þau ekki haft nein persónuleg samskipti við Katie og Tom. Nú hefur Jennifer Lopez neitað því að hafa tekið upp þessi vafasömu trúarbrögð og segist halda sig við sína kaþólsku eins og mamma kenndi henni. Fjölmiðlafulltrúi Carreys hefur einnig sagt að grínistinn komi ekki nálægt Vísindakirkjunni.



**JENNIFER LOPEZ** Var sögð hafa leitað á náðir Vísindakirkjunnar, en neitar því staðfastlega.



**PAMELA ANDERSON** Segist hafa verið í það góðu skapi í sumar að hún hefði gifst hverjum sem er.

# Hefði gifst öllum

Kynbomban Pamela Anderson sér mikið eftir fjögurra mánaða hjónabandi sínu við rokkarann Kid Rock, en eins og frægt er giftust þau í sumar en skildu núna í nóvember, eftir stutta samveru. „Þetta voru mistök, ég var í svo góðu skapi að ég hefði verið til í að giftast kaupmanninum á horninu þess vegna,“ sagði Pamela Anderson í viðtali við hinn umdeilda Howard Stern. Ennfremur segir Pamela að samband hennar og Kid Rock hafi verið örvæntingarfull tilraun til þess að stofna fjölskyldu, en fljótlega hafi hún fundið að hún og Kid hafi ekki átt vel saman. Kid hefur farið mikinn í fjölmiðlum undanfarið og sagt að Pamela hafi ekki eitt einu kvöldi með börnum sínum í þessa fjóra mánuði, en það sagði Pamela í viðtalinu við Stern vera lygi.

# Djúpstæð áhrif Íslands

**Petter Winnberg, fyrrverandi bassaleikari Hjálma, gefur í dag út plötuna Easily Tricked með hljómsveit sinni The Pix. Freyr Bjarnason hringdi í hann til Svíþjóðar og spurði hann úti í gerð plötunnar.**

Petter & The Pix varð til til þegar Petter komst í tæri við President Bongo úr hljómsveitinni GusGus sem ákvað að taka upp plötu með þeim. Bongo, sem heitir réttu nafni Stephan Stephensen og er meðlimur GusGus, kallaði til sín færa tónlistarmenn á borð við Gunnar Örn Tynes, eða Illi Vill úr Múm, Samúel J. Samúelsson, Urði Hákondóttur úr GusGus og Þorstein Einarsson, fyrrverandi liðsmann Hjálma. Auk þess tóku allir þeir sem eiga og reka Stúdíó Flís þátt í verkefninu. Er platan gefin út undir merkjum Pineapple Records, sem er nýstofnað útgáfufyrirtæki GusGus.

### Engin sólóplata

„Við byrjuðum að taka upp í vor. Við tókum upp með Stebba, Gunna og bandinu á þremur dögum, held ég,“ segir Petter afslappaður. „Þeir tóku síðan upp strengi og fleira síðar.“

Að sögn Petters voru lögin ekki samin sérstaklega fyrir þessa plötu. „Ég hélt ég myndi gefa út tvær plötur áður en ég gaf þessa út en það varð ekkert af því,“ segir hann.

Petter vill þó ekki viðurkenna að Easily Tricked sé sólóplata hans. „Nafnið mitt er á henni en ég myndi aldrei fara og spila þessi lög bara á gítarinn. Þetta er ekki þannig tónlist því ég þarf pottþétt að hafa fólk með mér til að spila lögin og það er heldur ekki hægt að skipta neinum út í bandinu. Á þann hátt er þetta ekki sólóplata en nafnið mitt er samt á henni.“

### Afslöppuð og náttúruleg

Petter lýsir Easily Tricked sem popplötu og segir að reggíáhrifin séu lítil. Lögin eru mörg hver ansi afslöppuð en hann segist ekki hafa ákveðið það fyrirfram. „Það er alltaf gott þegar plata hefur afslappandi áhrif á fólk. Það sýnir að hún er náttúruleg og ekkert gervileg. Allan minn feril hef ég gert allt sjálfur, bæði tekið upp og spilað. Þá hefur maður hugmyndir um hvernig hlutirnir eiga að vera en þegar maður vinnur með svo mörgum öðrum getur maður ekki haft fyrirfram ákveðnar hugmyndir. Ég samdi lögin og þau eru eins og þau eru en á meðan Stebbi og Gunni gátu gert eitthvað sniðugt við þau var ég mjög ánægður.“

### Saknar Hjálma

Reggísveitin Hjálmar hætti störfum fyrr á árinu eftir að hafa gefið út tvær fyrirtaks plötur og notið mikilla vinsælda hér á landi. Petter segist að sjálfsögðu sakna félaga sinna úr hljómsveitinni enda séu þeir allir góðir vinir, en vegna þess að hann búi í Svíþjóð hitti hann þá sjaldan. Hann segist ekki sakna neins umfram annars úr veru sinni í Hjálmum. „Ef ég færi að sakna alls gæti ég ekki gert það sem ég er að gera. Ég gæti ekki gert neitt. Auðvitað sakna ég þeirra enda er alltaf gaman að spila góða tónlist fyrir fólk sem hefur áhuga á henni,“ segir hann.

### Uppgjör við Ísland

Petter, sem er 27 ára, segist nánast hafa flutt til Íslands eftir að hann gekk til liðs við Hjálma. „Síðasta haust gistum við Mikki hljómborðsleikari á Íslandi frá ágúst fram í desember. Síðan við tókum upp fyrstu plötuna eyddi ég meiri tíma á Íslandi en í Svíþjóð og hætti í flestum hljómsveitunum sem ég var í hér.“

Hann segist hafa elskað að búa á Íslandi en það hafi samt haft sína galla. „Það er kannski kjarni plötunnar að mér líður eins og ég sé að ljúka Íslandstímanum mínum. Ég lærði mikið af Íslandi. Þetta er svo lítið land með marga og alls konar menningaratburði en samt er fólk frekar þunglynt. Kannski er það þess vegna sem fólk semur svona mikið af tónlist. Það er sérstakt andrúmsloft þarna og ef þú býrð þarna þá lendirðu í sama hugsunarhætti. Þú verður svolítið þunglyndur, drekkur mikið og svoleiðis. Mér fannst mjög áhugavert að búa þarna.“



**HJÁLMAR** Reggísveitin Hjálmar lagði upp laupana eftir að hafa gefið út tvær vel heppnaðar plötur.



**PETTER WINNBERG** Petter gefur í dag út plötuna Easily Tricked ásamt hljómsveit sinni The Pix.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

### Erfitt fyrir geðheilsuna

Hann segist ekki geta hugsað sér að flytja aftur til Íslands í bráð. „Það hafði djúpstæð áhrif á mig að vera þarna síðasta haust vegna þess að menningin er svo lík sænskri menningu en á annan hátt, algjör andstæða. Það er dálítið erfitt fyrir geðheilsuna. En ég kem aftur og verð kannski í mánuð. Ef ég myndi vilja búa á Íslandi yrði það að vera lengur, í ár eða eitthvað,“ segir Petter, sem verður önnum kafinn í hinum ýmsum verkefnum í föðurlandi sínu næstu árin. Þar starfar hann sem upptökustjóri og lagahöfundur ásamt bróður sínum og Nissa, fyrrverandi trommara Hjálma, í fyrirtæki sem bróðir hans stofnaði með vini sínum. „Við erum að prófa ýmis verkefni og höfum mikinn áhuga á því að finna okkar eigin tónlistarmenn og byggja eitthvað frá grunni.“

### Vill spila á Íslandi

Petter vonast til að spila á Íslandi til að fylgja plötunni eftir en segir engan tíma hafa verið ákveðinn. „Við komum örugglega um leið og rétti tíminn kemur. Ég er mjög ánægður með hvernig Stebbi heldur utan um þetta allt saman, hann er góður í því,“ segir fyrrverandi bassaleikari Hjálma.

## > Enginn Íslendingur kom við sögu



Íslendingaliðin AZ Alkmaar og FC Twente léku í hollensku úrvalsdeildinni í gær en enginn íslenskur leikmaður liðanna kom við sögu. Grétar Rafn Steinsson á við meiðsli að stríða og Jóhannes Karl Guðjónsson var á varamannabekk AZ sem vann 2-0 sigur á Groningen. Twente vann stórsigur á Heerenveen, 5-1, og kom Arnar Þór Viðarsson ekki við sögu hjá Twente, frekar en fyrri daginn.

**sport**

sport@frettabladid.is

**BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON**: NÁÐI SÉR EKKI Á STRIK Á LOKADEGINUM Í SUÐUR-AFRÍKU

# *Birgir Leifur kominn í langþráð frí*



Birgir Leifur Hafþórsson atvinnukylfingur náði sér ekki á strik á lokadegi South African Airways Open-mótinu sem lauk í Suður-Afríku í gær. Hann átti sinn versta hring í gær, lék á 75 höggum eða þremur yfir pari. Samtals lék hann hringina fjóra á pari vallarins og lenti í 82.-83. sæti af þeim níutíu keppendum sem komust í gegnum niðurskurðinn. Það eitt og sér var mikið afrek hjá Birgi Leifi og árangurinn í því ljósi einstaklega góður enda um gríðarlega sterkt mót að ræða.

Birgir Leifur byrjaði skelfilega í gær og var á fimm höggum yfir pari eftir fyrri níu holurnar. Hann fékk þrjá skolla og einn skramba, á 8. holu. Hann náði aðeins að rétta úr kútnum á seinni níu þar sem hann fékk sjö pör og tvo fugla.

Suður-Afríkumennirnir Ernie Els og Trevor Immelman slógust um toppsætið í gær en Immelman átti frábæran hring á laugardag þar sem hann lék á níu höggum undir pari sem er nýtt vallarmet. Hann náði þó ekki að fylgja því eftir í gær, lék á einu höggi undir pari og Els gekk á lagið og náði sínum besta hring, 65 höggum eða sjö undir pari. Hann fagnaði því sigri en Svíinn Patrik Sjöland varð þriðji.

Birgir Leifur sagði að hann væri allur að koma til. „Ég er að átta mig á hlutunum og rembast við að spila eins og maður. En þetta mót er auðvitað miklu stærra og sterkara en maður hefur kynnst áður. Það þýðir þó ekkert að hugsa um það, ég verð fyrst og fremst að einbeita mér að minni spilamennsku og því sem ég er að gera."

Hann fagnar því þó að vera kominn í langþráð frí enda hefur hann varla fengið að slaka á síðan í vor.

„Ég áætla að taka mér janúarmánuð í frí og byrja aftur í febrúar. Það er um að gera að hlaða batteríin og mæta svo ferskur aftur til leiks þá."

Birgir Leifur fékk 125 þúsund krónur í sinn hlut fyrir árangurinn.



**ALEXANDER** Skorar hér mark fyrir Grosswallstadt í leik gegn Hamburg. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Alexander Pettersson:

## Aftur meiddur

**HANDBOLTI** Alexander Pettersson, landsliðsmaður í handbolta, meiddist á æfingu með Grosswallstadt í síðustu viku. Fyrr í haust sleit hann liðband í ökkla og tóku sömu meiðsli sig aftur upp en rúmar þrjár vikur eru síðan hann hóf æfingar á ný jan leik. Það er þó talið að hann verði búinn að jafna sig fyrir áramót og gæti þess vegna náð síðustu tveimur leikjum Grosswallstadt áður en þýska úrvalsdeildin fer í frí vegna HM þar í landi. **- esá**



**NOREGUR EVRÓPUMEISTARI** Norðmenn urðu í gær Evrópumeistarar í handbolta kvenna eftir sigur á Rússum í úrslitaleik, 27-24. Gro Hammerseng, til vinstri, fyrirliði norska liðsins lyftir hér sigurlauninu í Globen-höllinni í Svíþjóð. Félagi hennar, Karoline Dyhre, virðist ekki síður ánægð. NORDIC PHOTOS/AFP


GEORG JENSEN




Glæsilegt úrval úra og skartgripa

Franch Michelsen

ÚRSMÍÐAMEISTARI

LAUGAVEGI 15 • Sími 511 1900


# Keflavík vann baráttusigur í Suðurnesjaslagnum

### Keflavík vann í gær fjögurra stiga sigur á grönnum sínum í Grindavík í sannkölluðum Suðurnesjaslag í Iceland Express deild karla í Sláturhúsinu í gærkvöldi.

**KÖRFUBOLTI** „Þetta var svakaleg spenna fram á síðustu mínútu og alltaf sama baráttan sem er til staðar þegar þessi tvö nágrannalið mætast. Þetta eru einfaldlega langskemmtilegustu leikirnir," sagði Gunnar Einarsson, leikmaður Keflvíkinga, eftir að liðið vann heimasigur 90-86 í hörkuleik gegn Grindavík í gær.

„Það kom upp smá taugatitringur undir lok leiksins þar sem hvorugt liðið vildi tapa. Þeir vilja komast ofar á töfluna eins og við og því var hitinn mikill í lokaleikhlutanum. Deildin er mjög jöfn, allir geta unnið alla og það er bara gott mál. Næstu leikir eru mjög þýðingarmiklir og við setjum stefnuna á fyrsta sætið að sjálfsögðu," sagði Gunnar en liðið mætir toppliðunum í næstu leikjum.

Keflvíkingar höfðu forystuna nær allan fyrri hálfleik en gestirnir úr Grindavík voru þó ekki langt undan og munurinn aldrei meiri en fimm stig.

Snemma í þriðja leikhluta náðu þeir að jafna 25-25 en þá tóku heimamenn frumkvæðið og höfðu átta stiga forskot, 51-43 í hálfleik. Gunnar Einarsson skoraði alls tólf stig í þriðja leikhlutanum eftir að hafa ekki komist á blað í þeim fyrsta en hann endaði sem stigahæsti leikmaður heimamanna með 26 stig.

Jafnræðið hélt áfram í þriðja leikhlutanum en í honum náðu Grindvíkingar að saxa á forskotið og staðan 70-67 fyrir síðasta leikhluta. Þar virtust Keflvíkingar hafa meiri vilja og virtust vera að taka leikinn í sínar hendur. Grindvíkingar náðu þó undir lokin að komast aftur inn í leikinn og lokamínútan var spennandi.

Þegar um tuttugu sekúndur voru eftir var forysta Keflvíkinga aðeins þrjú stig og Grindvíkingar með boltann. Páll Axel Vilbergsson tók þriggja stiga skot en hitti ekki og heimamenn innsigluðu sigurinn og unnu á endanum með fjórum stigum. Baráttan var geysilega hörð og kom það niður á gæðum körfuboltans í gær. Magnús Þór Gunnarsson skoraði næstflest stig Keflavíkur eða fimmtán en hjá gestunum var Steven Thomas stigahæstur með 23 stig og Þorleifur Ólafsson var með tuttugu.

Keflvíkingar fögnuðu þessum sigri vel og innilega en fáir voru jafn glaðir á svip og vallarkynnir þeirra sem fagnaði tvöföldum sigri. Hann var klæddur í treyju West Ham og spilaði einkennislag stuðningsmanna enska liðsins í hálfleik. **elvargeir@frettabladid.is**



**MIKILÆGUR SIGUR** Keflavík vann í gær mikilvægan sigur á Grindavík MYND/VÍKURFRÉTTIR

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### *Iceland Express deild kv.*

| | |
|---|---|
| KEFLAVÍK-HAUKAR | 92-85 |

**Stig Keflavíkur**: Takesha Watson 32, María Ben Erlingsdóttir 32, Birna I. Valgarðsdóttir 13, Bryndís Guðmundsdóttir 5, Margrét Kara Sturludóttir 4, Svava Ósk Stefánsdóttir 3, Rannveig K. Randversdóttir 2, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 2.

**Stig Hauka**: Helena Sverrisdóttir 29, Unnur Tara Jónsdóttir 19, Ifeoma N. Okonkvo 12, Kristrún Sigurjónsdóttir 11, Pálína Gunnlaugsdóttir 10, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 2.

| | |
|---|---|
| BREIÐABLIK-HAMAR | 70-57 |

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **KEFLAVÍK** | **10** | **9** | **1** | **972-688** | **18** |
| HAUKAR | 9 | 8 | 1 | 865-545 | 16 |
| **GRINDAVÍK** | **9** | **6** | **3** | **746-672** | **12** |
| ÍS | 10 | 4 | 6 | 663-738 | 8 |
| **HAMAR** | **10** | **1** | **9** | **566-888** | **2** |
| BREIÐABLIK | 10 | 1 | 9 | 597-878 | 2 |

### *Iceland Express deild karla*

| | |
|---|---|
| HAUKAR-NJARÐVÍK | 99-104 |
| KEFLAVÍK-GRINDAVÍK | 90-86 |

**Stig Keflavíkur**: Gunnar Einarsson 26, Magnús Þór Gunnarsson 15, Tim Ellis 8, Sigurður Þorsteinsson 8, Jón Nordal Hafsteinsson 8, Sverrir Þór Sverrisson 7, Thomas Soltau 7, Þröstur Jóhannsson 5, Arnar Freyr Jónsson 4, Halldór Halldórsson 2.

**Stig Grindavíkur**: Steven Thomas 23, Þorleifur Ólafsson 20, Páll Axel Vilbergsson 16, Adama Darboe 10, Páll Kristinsson 8, Björn Steinar Brynjólfsson 5, Davíð Hermannsson 4.

### *Þýska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| MAGDEBURG-FLENSBURG | 29-34 |
| HILDESHEIM-WETZLAR | 31-32 |
| HAMBURG-KRONAU/ÖSTRINGEN | 36-23 |
| DÜSSELDORF-MELSUNGEN | 25-24 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KIEL** | **14** | **12** | **1** | **1** | **519-386** | **25** |
| FLENSBURG | 14 | 12 | 1 | 1 | 486-403 | 25 |
| **NORDHORN** | **15** | **12** | **0** | **3** | **455-407** | **24** |
| HAMBURG | 14 | 11 | 0 | 3 | 433-362 | 22 |
| **GUMMERSB.** | **14** | **11** | **0** | **3** | **492-442** | **22** |
| MAGDEBURG | 13 | 10 | 0 | 3 | 416-350 | 20 |
| **GÖPPINGEN** | **14** | **9** | **1** | **4** | **432-412** | **19** |
| LEMGO | 14 | 9 | 1 | 4 | 440-423 | 19 |
| **GROSSWALLS.** | **15** | **8** | **2** | **5** | **393-388** | **18** |
| WILHELMSH. | 14 | 5 | 0 | 9 | 410-420 | 10 |
| **DÜSSELDORF** | **15** | **4** | **0** | **11** | **414-466** | **8** |
| MINDEN | 15 | 4 | 0 | 11 | 361-448 | 8 |
| **WETZLAR** | **15** | **3** | **1** | **11** | **378-449** | **7** |
| MELSUNGEN | 15 | 3 | 0 | 12 | 396-447 | 6 |
| **BALINGEN** | **15** | **2** | **1** | **12** | **373-456** | **5** |
| HILDESHEIM | 14 | 2 | 0 | 12 | 365-424 | 4 |
| **LÜBBECKE** | **15** | **2** | **0** | **13** | **416-479** | **4** |

### *Spænska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| LEVANTE-CELTA DE VIGO | 1-1 |

0-1 Fernando Baiano (1.), 1-1 lvaro (51.).

| | |
|---|---|
| ESPANYOL-REAL MADRID | 0-1 |

0-1 Ruud van Nistelrooy (50.).

| | |
|---|---|
| REAL SOCIEDAD-GIMNASTIC | 3-2 |

0-1 Miguel Angel Llera (18.), 0-2 Irurzan (41.), 1-2 Ruben Castro (50.), 2-2 Juanito (54.), 3-2 Diego Rivas (60.).

| | |
|---|---|
| RECREATIVO HUELVA-SEVILLA | 1-3 |

0-1 Luis Fabiano (11.), 1-1 Jesus Vazquez (19.), 1-2 Frederic Kanoute (35.), 1-3 Jesus Navas (53.).

| | |
|---|---|
| VILLARREAL-OSASUNA | 1-4 |

0-1 Webe (13.), 0-2 Nekonam (43.), 0-3 David Lopez (56.), 1-3 Cani (61.), 1-4 Juanfran (70.)



**SIGURMARK** Ruud van Nistelrroy og Guti, leikmenn Real Madrid, fagna sigurmarki þess fyrrnefnda gegn Espanyol í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Stórleikur í Iceland Express deild kvenna í Keflavík í gær:

# Keflavík fyrst til að vinna Hauka

**KÖRFUBOLTI** Keflavík vann mikilvægan sigur gegn Haukum í stórleik Iceland Express deildar kvenna í gær 92-85. Leikurinn var í járnum allan tímann og réðust úrslitin ekki fyrr en á lokamínútunni. Keflavík er nú á toppi deildarinnar með tveimur stigum meira en Haukar sem eiga leik inni.

„Við getum eiginlega ekki verið ánægðari. Svava [Ósk Stefánsdóttir] kom með mikilvægan þrist sem við þurftum á að halda. Það er mjög gott að taka þennan sigur með inn í jólafríið og ljóst að það er mjög skemmtilegur vetur framundan. Það kom mér eiginlega á óvart hvað við náðum að höndla spennuna undir lokin. Ég verð með bros á vör allt jólafríið" sagði Birna I. Valgarðsdóttir, fyrirliði Keflavíkurliðsins, eftir leikinn.

Bæði lið voru með jafnmörg stig fyrir þennan leik en Keflavík hafði leikið leik meira. Eini leikurinn sem liðið hafði tapað var einmitt fyrir Haukum þegar liðin mættust að Ásvöllum. Meiri kraftur virtist í Keflavíkurliðinu í byrjun á meðan vörn Hauka var ekki alveg að finna sig. Keflavík komst í 21-13 en þá náðu Haukastúlkur fram góðum leikkafla og minnkuðu muninn í tvö stig og þannig var hann eftir fyrsta leikhluta. Þær skoruðu síðan fjögur fyrstu stigin í öðrum leikhluta og tóku þar með forystuna í fyrsta sinn með því að skora tíu stig í röð. Jafnræðið hélt áfram og staðan var jöfn 45-45 í hálfleik.

Á lokamínútum þriðja leikhluta virtust heimastúlkur ætla að síga fram úr og voru með sjö stiga forskot þegar farið var í lokahluta leiksins. Haukar gáfust þó ekki upp og náðu fljótlega að jafna 75-75 og mikil spenna var í leiknum allt til loka. Á lokamínútunni voru það þó Keflavíkurstúlkur sem reyndust sterkari. Haukastúlkur gerðu sig sekar um slæm mistök og á endanum var það Keflavík sem fagnaði sjö stiga sigri, eftir að hafa verið undir 84-85 skoraði liðið sjö síðustu stigin. **- egm**



**ÓSTÖÐVANDI** Kristín Reynisdóttir reynir að halda aftur af Takesha Watson sem skoraði 32 stig í gær. MYND/VÍKURFRÉTTIR



**TEVEZ OG PARDEW** Argentínumaðurinn segir að Pardew hafi ekki verið rétti maðurinn fyrir liðið. NORDIC PHOTOS/AFP

Carlos Tevez:

## Átti að reka Pardew fyrr

**FÓTBOLTI** Carlos Tevez, argentínski framherjinn hjá West Ham, segir að sér hafi komið á óvart að Alan Pardew, fyrrverandi stjóri liðsins, hafi ekki verið rekinn fyrr en Eggert Magnússon stjórnarformaður félagsins rak hann í síðustu viku og réði Alan Curbishley í hans stað.

„Í Argentínu eða Brasilíu hefði hann verið rekinn miklu fyrr. Það var deginum ljósara að liðið brást ekki við því sem hann lagði fyrir. Þetta var einfaldlega ekki að ganga upp,“ sagði Tevez sem á enn eftir að skora fyrir félagið.

„Ég er ekki viss um að hann hafi verið viss um hvernig ég spila eða hvað hann ætti að gera með mig,“ sagði Tevez.

Eggert sagði einnig um helgina að hann ætlaði að gefa Curbishley tíma og peninga til að koma West Ham á rétta braut á ný. - esá

Rangers-Celtic í Glasgow:

## Rangers náði naumu jafntefli

**FÓTBOLTI** Glasgow Rangers tókst að bjarga þeirri litlu von um að landa skoska meistaratitlinum í vor með því að kreista fram jafntefli gegn Celtic á síðustu stundu í uppgjöri stórveldanna í skoska boltanum.

Thomas Gravesen kom Celtic yfir á 38. mínútu en Brahim Hemdani jafnaði metin með glæsilegu skallamarki aðeins tveimur mínútum fyrir leikslok.

Celtic er þó enn með fjórtán stiga forskot á toppi skosku úrvalsdeildarinnar. - esá



**LAWRIE SANCHEZ** Aðeins tapið gegn Íslandi skyggir á árangur ársins hjá Norður-Írum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Landsliðsþjálfari Norður-Íra:

## Íslandstapið skyggir á gott ár

**FÓTBOLTI** Lawrie Sanchez, landsliðsþjálfari Norður-Íra, segir að aðeins 3-0 tapið fyrir Íslandi í Belfast skyggi á frábært ár hjá sínum mönnum. Hann gefur liðinu níu í einkunn.

Liðið sigraði Eista, Finna, Spánverja og Letta auk þess sem það náði sterku jafntefli gegn Dönum á útivelli. Liðið hefur farið upp um 61 sæti á styrkleikalista FIFA.

„Við máttum kannski búast við úrslitunum gegn Íslandi þar sem við höfum tapað opnunarleik undankeppni illa með slíkum mun í fjögur skipti af síðustu fimm. Að öðru leyti áttu strákarnir frábært ár.“

Enn fremur sagði Sanchez að hann teldi það líklegt að hann myndi hætta þjálfun liðsins að lokinni undankeppninni. - esá

Internacional varð heimsmeistari félagsliða í gær með því að leggja Barcelona 1-0 í úrslitaleik:

# Börsungar fundu ekki leið framhjá vörninni

**FÓTBOLTI** Það var varamaðurinn Adriano Vieira sem skoraði sigurmarkið átta mínútum fyrir leikslok þegar brasilíska liðið Internacional lagði spænsku Evrópumeistarana í Barcelona 1-0 í gær. Þetta var úrslitaleikurinn í heimsmeistaramóti félagsliða og eftir þennan sigur hafa brasilísk lið níu sinnum hampað bikarnum í þessari keppni en þetta var í fyrsta sinn sem Internacional gerir það. Engin þjóð hefur oftar sigrað keppnina en Brasilía en argentínsk lið hafa þó einnig unnið hana níu sinnum. Þetta er annað árið í röð sem Suður-Ameríku meistararnir leggja Evrópumeistarana í úrslitaleik keppninnar en í fyrra bar Sao Paulo sigurorð af Liverpool.

Barcelona var betra liðið í leiknum í gær en erfiðlega gekk hjá leikmönnum liðsins að glíma við varnarmenn brasilíska liðsins. Eiður Smári Guðjohnsen var tekinn af velli undir lokin en hann náði sér ekki á strik líkt og fleiri leikmenn Barcelona. Á 82. mínútu fékk Internacional skyndisókn og var það Adriano sem skoraði. Stuttu síðar átti Deco hörkuskot sem markvörðurinn Clemer varði frábærlega. Ronaldinho tók síðan aukaspyrnu sem fór rétt framhjá marki Internacional og á endanum náði Internacional því að landa óvæntum sigri.

„Ég sagði það fyrir leikinn að við þyrftum ekkert að óttast Barcelona. Ég er á því að mitt lið sé það besta í heimi,“ sagði Abel Braga, þjálfari Inter. Markaskorarinn Adriano var í skýjunum: „Það tók sinn tíma fyrir okkur að komast í gang. Barcelona setti mikla pressu á okkur í fyrri hálfleik en við stóðumst hana og komum okkur betur inn í leikinn.“ Frank Rijkaard, stjóri Barcelona, sagði að Inter hefði einfaldlega verið betra liðið í leiknum. „Við stjórnuðum leiknum en þurftum að gjalda fyrir það að nýta ekki færin okkar og Internacional er vel að þessum titli komið,“ sagði Rijkaard. - egm



**RONALDINHO** Hefur oftast spilað betur en hann gerði gegn Internacional í gær. NORDICPHPOTOS/GETTY IMAGES

JÓLAPAKKATILBOÐ

14" UNITED UTV14x50
14" SJÓNVARP með textavarpi, Scart tengi og fjarstýringu.
VERÐ 12.990
FRÁBÆRT VERÐ

20" UNITED UTV20x40
20" SJÓNVARP með textavarpi, Scart tengi og fjarstýringu.
VERÐ 16.990
FRÁBÆRT VERÐ

14" DVD UNITED TVD5034
Spilar DVD/CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/JPEG/MP3
Sambyggt 14" SJÓNVARP og fjölkerfa DVD spilari. Með Black Matrix myndlampa, allar aðgerðir á skjá, Scart tengi, textavarpi og fjarstýringu.
TILBOÐ 18.990
FULLT VERÐ kr. 24.990

21" Dantax 21DVDV3
Sambyggt 21" SJÓNVARP og fjölkerfa DVD SPILARI með Black Matrix myndlampa, stereó hljóðkerfi, allar aðgerðir á skjá, Scart tengi, textavarpiog fjarstýringu.
Spilar DVD, VCD og SVCD – CD, CD-R/RW, JPEG og MP3
TILBOÐ 24.990
FULLT VERÐ kr. 29.990

15" ÖRÞUNNT LCD UNITED LTV15L50
15" LCD Sjónvarp með móttakara, 1024x768 punkta upplausn, 400:1 skerpu, Comb filter, Noise Reduction, 8w stereó hljóðkerfi, textavarp með 125 síðna minni, Scart (með RGB), SVHS og RCA tengi, PC-inngangi (VGA), tengi fyrir heyrnatól, tónjafnara, svefnrofa, vekjara, borðstandi og fjarstýringu. 12 og 220V.
12v/220v
TILBOÐ 34.990
FULLT VERÐ kr. 39.990

20" ÖRÞUNNT LCD UNITED LTV20L60
20" LCD SJÓNVARP með fjölkerfa móttakara, 640x480 punkta upplausn, skerpa: 500:1, sjónsvið: (H/V) 160x140, birtustig: 450cd/m2, stereó hljóðkerfi, 2 Scart með RGB, AV og SVHS inn og Scart og heyrnartól út, PC-inn, textavarpi, borðstandi og fjarstýringu.
TILBOÐ 49.990
FULLT VERÐ kr. 69.990

27" HD ready ÖRÞUNNT LCD UNITED LTV27W60
27" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x720 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.
TILBOÐ 89.990
FULLT VERÐ kr. 109.990

32" HD ready ÖRÞUNNT LCD UNITED LTV32W63
32" LCD HD Ready BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi og fjarstýringu. Passar fyrir VESA200 veggfestingar.
TILBOÐ 99.990
FULLT VERÐ kr. 119.990

42" ÖRÞUNNT PLASMA UNITED PTV42
42" PLASMA SJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, HDTV Ready, 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölvutengi, mynd í mynd (2 Tunerar) textavarpi og fjarstýringu.
TILBOÐ 149.990
FULLT VERÐ kr. 159.990

OPIÐ TIL KL. 22 ALLA DAGA TIL JÓLA!

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2006

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Póllinn, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

Tíu leikmönnum var vísað úr húsi í Madison Square Garden í fyrrinótt í sigurleik Denver Nuggets:

# Allt logaði í slagsmálum í Madison Square Garden

**KÖRFUBOLTI** Það sauð upp úr í viðureign New York Knicks og Denver Nuggets í NBA-deildinni í fyrrinótt og urðu fjöldaslagsmál undir lok leiksins. Þetta er gríðarlegt reiðarslag fyrir yfirmenn deildarinnar sem hafa unnið hörðum höndum og eytt miklum peningum í að bæta ímynd deildarinnar eftir frægt atvik í Detroit fyrir nokkrum árum. Allir þeir tíu leikmenn sem voru inni á vellinum þegar slagsmálin hófust voru reknir af velli en þegar rúm mínúta var eftir af leiknum kom til þessara handalögmála í Madison Square Garden.

Denver var yfir, 119-100, þegar Mardy Collins, leikmaður heimaliðsins, braut illa á JR Smith hjá Denver. Smith brást ókvæða við og tók andstæðing sinn hálstaki, þá ætlaði allt um koll að keyra og slagsmál brutust út á gólfinu. Myndbandsupptökur af atvikinu sýna m.a. greinilega þegar Carmelo Anthony, stigahæsti leikmaður deildarinnar, kemur með lúalegt hnefahögg og líklegt að hann eigi yfir höfði sér langt keppnisbann eins og fleiri sem tóku þátt í þessum handalögmálum.

Það fór í taugarnar á leikmönnum New York að lið Denver var enn með sitt sterkasta lið á vellinum þrátt fyrir að vera með örugga forystu. Þeir litu svo á að lið Denver hefði ætlað að niðurlægja þá. „Mér líður illa fyrir hönd deildarinnar og þessara tveggja liða. Það var sýnd algjör óvirðing við íþróttina og það á þeim stað þar sem best er að spila körfubolta í heiminum,“ sagði George Karl, þjálfari Denver.

Marcus Camby, Andre Miller, Eduardo Najera, Smith og Anthony voru þeir leikmenn Denver sem voru reknir af velli en hjá New York voru það Channing Frye, David Lee, Collins, Nate Robinson og Jared Jeffries. Leikurinn endaði 123-100. **- egm**



**HANDALÖGMÁL** Nate Robinson, leikmaður New York, og JR Smith hjá Denver vanda hvor öðrum ekki kveðjurnar í viðureign liðanna í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Sterkur orðrómur:

## Snýr Beckham aftur heim?

**FÓTBOLTI Sá orðrómur er farinn að berast um England og víðar að David Beckham muni snúa aftur til Englands í janúar og ganga til liðs við fyrra félag sitt, Manchester United. Talið var útilokað að Beckham færi aftur til United á meðan Sir Alex Ferguson væri við stjórnvölinn enda lenti þeim saman á sínum tíma. Þeir hafa þó báðir lýst því yfir að það sé þó allt geymt og grafið. Ekkert hefur þó verið staðfest í þessum efnum en Beckham hefur ekki átt sjö dagana sæla síðustu mánuði. Hann er orðinn varamaður hjá Real Madrid á Spáni og missti sæti sitt í enska landsliðshópnum.**

**Ferguson kom mörgum í opna skjöldu þegar hann tilkynnti að sænski sóknarmaðurinn Henrik Larsson kæmi á Old Trafford í janúar. Hann gaf það síðan í skyn í gær að hann myndi koma enn meira á óvart í janúar. „Enginn bjóst við því að Henrik Larsson kæmi til okkar og ég gæti komið fólki á óvart aftur. Það er aldrei að vita hvað gerist,“ sagði Ferguson. - egm**



**BARTHEZ** Hafði tilkynnt í október að hann væri hættur. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fabien Barthez:

## Tekur hanskana úr hillunni

**FÓTBOLTI** Fabien Barthez, fyrrverandi markvörður franska landsliðsins, hefur staðfest þær fréttir að hann ætli að snúa aftur í fótboltann og leika með Nantes sem er í erfiðri stöðu í frönsku deildinni. Þessi 35 ára leikmaður tilkynnti í október að hann væri hættur í boltanum en hann yfirgaf herbúðir Olympique Marseille í sumar.

„Hefði Nantes talað við mig fyrir tveimur mánuðum hefði svarið verið nei. Um fimmtán félög höfðu samband við mig en ég var ekki tilbúinn þá, Forseti Nantes hafði samband við mig og náði að sannfæra mig,“ sagði Barthez en hann vann HM með Frakklandi 1998 og EM tveimur árum síðar. Hann lék 87 landsleiki auk þess að leika með Marseille, Toulouse, Mónakó og Manchester United á Englandi. Nantes er einu sæti frá botnsæti frönsku deildarinnar. **- egm**

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### Enska úrvalsdeildin

**EVERTON-CHELSEA 2-3**
1-0 Mikel Arteta (38.), 1-1 Michael Ballack (49.), 2-1 Joseph Yobo (64.), 2-2 Frank Lampard (81.), 2-3 Didier Drogba (87.).

**MANCHESTER CITY-TOTTENHAM 1-2**
0-1 Calum Davenport (16.), 0-2 Tom Huddlestone (24.), 1-2 Joey Barton (64.).

**WEST HAM-MANCHESTER UNITED 1-0**
1-0 Nigel Reo-Coker (75.)

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **MAN. UNITED** | **18** | **14** | **2** | **2** | **38-10** | **44** |
| CHELSEA | 18 | 13 | 3 | 2 | 30-11 | 42 |
| **LIVERPOOL** | **18** | **9** | **4** | **5** | **26-15** | **31** |
| ARSENAL | 18 | 8 | 6 | 4 | 29-15 | 30 |
| **BOLTON** | **18** | **9** | **3** | **6** | **20-15** | **30** |
| PORTSMOUTH | 18 | 8 | 5 | 5 | 25-16 | 29 |
| **TOTTENHAM** | **18** | **8** | **4** | **6** | **22-22** | **28** |
| READING | 18 | 8 | 2 | 8 | 20-23 | 26 |
| **ASTON VILLA** | **18** | **5** | **10** | **3** | **21-18** | **25** |
| EVERTON | 18 | 6 | 6 | 6 | 22-20 | 24 |
| **WIGAN** | **18** | **6** | **4** | **8** | **20-23** | **22** |
| NEWCASTLE | 18 | 6 | 4 | 8 | 17-20 | 22 |
| **MAN. CITY** | **18** | **5** | **5** | **8** | **15-22** | **20** |
| SHEFF. UTD. | 18 | 5 | 5 | 8 | 14-22 | 20 |
| **FULHAM** | **17** | **5** | **5** | **7** | **16-27** | **20** |
| BLACKBURN | 17 | 5 | 4 | 8 | 16-22 | 19 |
| **M'BROUGH** | **17** | **4** | **5** | **8** | **14-22** | **17** |
| WEST HAM | 18 | 5 | 2 | 11 | 11-24 | 17 |
| **CHARLTON** | **18** | **3** | **3** | **12** | **13-31** | **12** |
| WATFORD | 17 | 1 | 8 | 8 | 11-22 | 11 |

### Ítalska A-deildin

**ASCOLI-TORINO 0-2**
0-1 Alessandro Rosina (59.), 0-2 Alessandro Rosina (91.).

**INTERNAZIONALE-MESSINA 2-0**
1-0 Marco Materazzi (49.), 2-0 Zlatan Ibrahimovic (59.).

**LIVORNO-LAZIO 1-1**
0-1 Goran Pandev (25.), 1-1 Cristiano Lucarelli (65.).

**PARMA-CHIEVO 2-2**
0-1 Andrea Zanchetta (23.), 1-1 Igor Budan (26.), 2-1 Daniele Dessena (58.), 2-2 Lorenzo D'Anna (66.).

**REGGINA-SAMPDORIA 0-1**
0-1 Fabio Quagliarella (68.).

**SIENA-ATALANTA 1-1**
0-1 Giulio Migliaccio (36.), 1-1 Mario Frick (85.)

# Reo-Coker tryggði West Ham sigur

**Alan Curbishley fékk óskabyrjun sem knattspyrnustjóri West Ham er hann stýrði sínum mönnum til sigurs gegn toppliði Manchester United. Eggert Magnússon stjórnarformaður brosti allan hringinn í stúkunni.**

**FÓTBOLTI** Þrír leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gær og tókst Jose Mourinho og lærisveinum hans í Chelsea að minnka forskot Manchester United á toppi deildarinnar í tvö stig, þökk sé ótrúlegum endaspretti Chelsea gegn Everton og Íslendingaliðinu West Ham sem vann United í fyrsta leik liðsins undir stjórn Alans Curbishley.

Eggert Magnússon, stjórnarformaður West Ham, virtist ein taugahrúga þegar fimm mínútur voru til leiksloka á Upton Park. Nigel Reo-Coker, fyrirliði West Ham, hafði skömmu áður komið heimamönnum yfir með marki af stuttu færi eftir undirbúning Teddys Sheringham og Marlon sHarewood.

Eggert gat þó leyft sér að fagna í leikslok því herbragð hans hafði tekist. Í síðustu viku skipti hann um knattspyrnustjóra, lét Alan Pardew víkja fyrir nafna hans Curbishley. Sá síðarnefndi var ekki síður ánægður en leikurinn markaði endurkomu hans í knattspyrnuna eftir að hann hætti hjá Charlton í vor þar sem hann var við stjórn í fimmtán ár.

„Leikmenn hafa verið mikið gagnrýndir undanfarið og verða þeir að taka til sinna ráða og svara þeirri gagnrýni," sagði Curbishley eftir leikinn. „Við áttum okkar fyrstu æfingu saman á föstudag og þeir sýndu góð viðbrögð við henni. Nú höfum við eitthvað sem við getum byggt á."



**ALAN CURBISHLEY** Getur ekki haldið aftur af fagnaðarlátunum er Nigel Reo-Coker skorar einar mark leiks West Ham og Manchester United. NORDIC PHOTOS/GETTY

Bobby Zamora var í byrjunarliði West Ham á kostnað Carlos Tevez sem sat á varamannabekk liðsins allan leikinn. Hann fékk ágætt tækifæri til að koma sínum mönnum yfir er hann komst einn gegn Edwin van der Sar, markverði United, sem sá við honum.

Gestirnir fengu þó sín færi og gerðust þeir Cristiano Ronaldo, Ryan Giggs og Louis Saha allir líklegir til að skora en varð ekki kápan úr því klæðinu.

„Við höfum verið að sóa góðum færum undanfarið og er leikurinn í dag dæmi um það. Þetta er eitthvað sem ég hef rætt við þá undanfarna daga," sagði Alex Ferguson, stjóri United.

„Úrslit deildarinnar ráðast ekki í desember og er ég ánægður með liðið eins og er. Við þurfum núna að halda ótrauðir áfram og sýna að við erum meistaraefni. Ég er ekki viss um að Chelsea sé á mikilli siglingu núna. Í dag vann liðið frábæran sigur en hann kom upp úr engu."

Þegar tíu mínútur voru til leiksloka í leik Everton og Chelsea hafði fyrrnefnda liðið forystu, 2-1, og Mourinho ansi brúnaþungur á bekknum. En þökk sé glæsimörkum Franks Lampard og Didiers Drogba tókst Englandsmeisturunum að vinna ótrúlegan sigur.

Mikel Arteta kom heimamönnum yfir með marki úr vítaspyrnu snemma leiks. Michael Ballack jafnaði metin er hann skaut í stöng úr aukaspyrnu en boltinn skoppaði af Tim Howard markverði og í markið.

Chelsea virtist ætla að nýta sér þann meðbyr og sótti þungt á heimamenn. En upp úr nánast þurru náði Everton aftur forystunni með skallamarki Josephs Yobo.

„Venjulegir leikmenn hefðu látið hendur falla í þessari stöðu og tapað leiknum," sagði Mourinho eftir leik. „En þeir misstu aldrei trúna og börðust fyrir sigrinum. Ég hef sagt þeim að ef þeir hafa ekki trú á verkefninu þá eiga þeir ekki möguleika."

Í þriðja leik dagsins vann Tottenham 2-1 sigur á Manchester City á útivelli. Var það fyrsti sigur liðsins á útivelli í vetur en Calum Davenport og Tom Huddlestone skoruðu mörk liðsins í fyrri hálfleik.

Joey Barton minnkaði metin fyrir heimamenn í síðari hálfleik en það dugði ekki til.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is





HEKLA www.bilathing.is bilathing@hekla.is Sími 590 5760

Opið í dag kl. 10–18 á Klettshálsi 11

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum



> **Colin Farrell**

Fæddist 31. maí 1976 í Dublin á Írlandi. Al Pacino kallar hann einn af bestu leikurum í heiminum í dag, það er frekar mikið hrós miðað við strák sem sótti um stöðu í drengjabandinu Boyzone á sínum tíma og fékk strax nei. Colin leikur á móti Samuel I. Jackson í myndinni S.W.A.T sem Stöð 2 bíó tekur til sýninga í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SVAVAR HÁVARÐSSON ÓTTAST ÞAÐ EKKI AÐ DEYJA ÚR LEIÐINDUM

## *Raðmorðingjar horfa líka á sjónvarp*

Raðmorðingi gengur laus í Englandi eins og ekki hefur farið fram hjá neinum sem fylgist með fréttum. Fréttastöðvarnar BBC og Sky fylgja málinu eftir af þvílíkri nákvæmni að manni líður eins og maður sé hluti af rannsókninni. Stórkostlegt sjónvarpsefni, finnst mér, þótt einhver túlki það sem blóðþorsta nútímamannsins að njóta fréttaflutnings af þessu tagi. Stúlkurnar sem þessi ógæfumaður hefur myrt eru allar vændiskonur og myndir og frásagnir af lífi þeirra eru svo vel kynntar að áhorfandinn veit um minnstu smáatriði. Einhvern veginn kemur sú tilfinning upp að maður þekki betur til þeirra en margra sem standa manni nær.

Sjónvarpið getur, þegar best tekst til, verið stórkostlegt tæki til upplýsingamiðlunar og hefur bein áhrif á samfélagið allt. Þetta er löngu vitað. En svo kemur alltaf að því að maður spyr sig hvar mörkin liggi. Hvað getur fjölmiðill leyft sér, og hvað er siðlegt.

Sjónvarpsmaður, sem var forvitinn að vita meira um starfsumhverfi breskra vændiskvenna í tengslum við morðin, tók eina þeirra í viðtal. Spurði hvort hún væri ekki hrædd um að standa við vegkantinn og bjóða blíðu sína, þegar morðingi gengi laus. Hún svaraði því til að það skipti ekki máli, hún þyrfti að afla sér tekna til að kaupa lífgjöf í æðarnar. Annað skipti engu. Stúlkan hét Paula Clennell. Aðeins nokkrum dögum seinna fannst hún myrt; kyrkt og skilin eftir nakin í skurði.

Lögregluyfirvöld útiloka ekki að morðinginn, sem nú er leitað, hafi séð viðtalið við Paulu. Hann hafi áttað sig á staðháttum út frá myndunum og leitað stúlkuna uppi til að myrða hana. Á sama tíma er gangur málsins góður, að sögn, ekki síst vegna þátttöku fjölmiðla við að leita upplýsinga. Fjölmiðlar hafa kannski meiri völd en ég áður hélt. Þeir geta meira að segja drepið fólk, beint og óbeint, og ekki bara úr leiðindum.



**ÞETTA ER HANN ANDREI.** Þessi myrti og át börn í Rússlandi. Hann horfði líka á sjónvarp.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.05** Extreme Makeover STÖÐ 2



▶ **21.15** Frummenn SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00** S.W.A.T STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **23.35** Póker SÝN



▶ **21.00** Survivor SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.40 Helgarsportið**
**16.05 Ensku mörkin**
**17.00 Jóladagatalið - Stjörnustrákur** Ævintýri eftir Sigrúnu Eldjárn. Leikstjóri er Kári Halldór og aðalhlutverk leika Guðfinna Rúnarsdóttir, Kristjana Pálsdóttir og Sigurþór Albert Heimisson. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson.
**17.10 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**17.59 Myndasafnið**
**18.00 Fyndin og furðuleg dýr (5:26)**
**18.05 Lubbi læknir (41:52)** (Dr. Dog)
**18.20 Ástfangnar stelpur (3:13)** (Girls in Love II) Bresk þáttaröð um unglingsstelpur og ævintýri þeirra.
**18.45 Jóladagatalið - Stjörnustrákur** Ævintýri eftir Sigrúnu Eldjárn. Leikstjóri er Kári Halldór og aðalhlutverk leika Guðfinna Rúnarsdóttir, Kristjana Pálsdóttir og Sigurþór Albert Heimisson. e.
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Aldamótabörn (4:4)** (Child of Our Time) Breskur heimildamyndaflokkur þar sem fylgst er með nokkrum börnum sem fæddust árið 2000.
▶**21.15 Frummenn** Heimildamynd um hljómsveitina Frummenn, forvera Stuðmanna. Dagskrárgerð: Egill Eðvarðsson.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Ensku mörkin** e.
**23.20 Spaugstofan**
**23.45 Kastljós**
**0.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.05 Lísa litla á fína hótelinu** (
**8.00 2001: A Space Travesty**
**10.00 Pelle Politibil** (Löggubíllinn)
**12.00 Ice Princess** (Ísprinsessan)
**14.00 Lísa litla á fína hótelinu**
**16.00 2001: A Space Travesty** (Geimskrípaleikur)
**18.00 Pelle Politibil** (Löggubíllinn)
**20.00 Ice Princess** (Ísprinsessan)
▶**22.00 S.W.A.T.** (Sérsveitin)
**0.00 Chain Reaction** (e)
**2.00 Vírus** (Veiran)
**4.00 S.W.A.T.** (Sérsveitin) Bönnuð börnum.

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið** Fjölbreytur fréttatengdur dægurmálaþáttur þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi hverju sinni. Umsjónarmenn eru Heimir Karlsson og Sigríður Arnardóttir, betur þekkt sem Sirrý.
**9.00 Bold and the Beautiful**
**9.20 Í fínu formi 2005**
**9.35 Oprah** Spánnýr spjallþáttur með valdamestu og vinsælustu sjónvarpskonu í heimi.
**10.20 Ísland í bítið (e)**
**10.20 Ísland í bítið (e)**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours** (Nágrannar)
**13.05 Valentína**
**13.50 Sisters** (Systur)
**14.35 George Lopez (22:24)**
**15.00 Listen Up (6:22)**
**15.25 Ljónagrín**
**15.50 Skrímslaspilið (33:49)**
**16.13 Tvíburasysturnar (3:22)**
**16.38 Titeuf**
**17.03 Smá skrítnir foreldrar**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Íþróttir og veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður 19.00 Ísland í dag**
**19.40 Jamie Oliver - með sínu nefi (11:26)** (Oliver´s Twist)
▶**20.05 Extreme Makeover: Home Edition (22:25)** (Hús í andlitslyftingu)(21:24)
**21.30 Grey´s Anatomy (6:22)**
**22.15 Crossing Jordan (12:21)**
**23.00 Prison Break (9:22)**
**23.45 Afterlife - NÝTT (2:8)** (Framhaldslíf) Bönnuð börnum.
**0.35 Deceit** (Svikráð) Aðalhlutverk: Timothy Balme, Emily Barclay, Owen Black. Leikstjóri: John Sacret Young. 2004.
**2.00 NCIS (22:24)** (Glæpadeild sjóhersins)
**2.45 Grey´s Anatomy (6:22)** (Læknalíf)
**3.25 Jamie Oliver - með sínu nefi (11:26)** (Oliver´s Twist)
**3.50 Ísland í bítið e**
**5.25 Fréttir og Ísland í dag**
**6.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**12.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**
**18.00 Insider (e)**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður** Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu Stöðvar 2
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**20.00 Entertainment Tonight**
**20.30 My Name is Earl (e)** Earl reynir að hjálpa föður sínum að verða kosinn borgarstjóri en 4 árum áður tókst Earl að eyðileggja fyrir honum að verða kosinn í embættið.
**21.00 Tekinn** Best Of.... Í þættinum í kvöld fáum við að sjá brot af því besta í hrekkjum Audda í vetur.
**21.30 So You Think You Can Dance 2 (e)**
**23.05 Weeds (10:12) (e)**
**23.35 Insider**
**0.00 Twenty Four (2:24) (e)**
**0.45 Twenty Four (1:24) (e)** (24 - 2) Hörkuspennandi myndaflokkur sem gerist á einum sólarhring. Kiefer Sutherland leikur leyniþjónustumanninn Jack Bauer sem leggur líf sitt að veði fyrir fósturjörðina. Þáttaröðin fékk tvenn Emmy-verðlaun 2002 og Kiefer Sutherland var valinn besti leikari í dramatísku hlutverki á Golden Globe-verðlaunahátíðinni. Stranglega bönnuð börnum.
**1.30 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**1.55 Entertainment Tonight (e)** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjum fréttum af frægu fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomum sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.
**2.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**19.12 2006 Þriðjudagur**
**7.00 6 til sjö (e)**
**8.00 Rachael Ray (e)**
**8.50 Innlit / útlit (e)**
**15.00 Just Deal (e)** Bandarísk unglingasería.
**15.30 One Tree Hill (e)** Bandarísk unglingasería.
**16.20 Beverly Hills 90210** Bandarísk unglingasería.
**17.05 Rachael Ray** Glænýir spjallþættir.
**18.00 6 til sjö** Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson eru í beinni útsendingu alla virka daga og taka á móti góðum gestum í myndveri SkjásEins.
**19.00 Everybody loves Raymond (e)** Bandarísk gamansería.
**19.30 Out of Practice (e)** Bandarísk gamansería.
**20.00 Queer Eye for the Straight Guy**
▶**21.00 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við og skoða hús, híbýli og flotta hönnun.
**22.00 Close to Home**
**22.50 Everybody loves Raymond** Bandarísk gaman-sería.
**23.20 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum.
**0.05 Survivor: Cook Islands (e)** Sex keppendur eru eftir og í húfi er sæti í úrslitaþættinum.
**1.05 Beverly Hills 90210 (e)**

## SKJÁR SPORT

**14.00 Newcastle - Watford (frá 16. des)**
**16.00 Everton - Chelsea (frá 17. des)**
**18.00 Þrumuskot** Farið er yfir leiki liðinnar helgar og öll mörkin sýnd. Viðtöl við knattspyrnustjóra og leikmenn.
**19.00 Ítölsku mörkin** Sýndar svipmyndir úr öllum leikjum helgarinnar í ítalska boltanum.
**19.50 Fulham - Middlesbrough (beint)** Bein útsending frá leik Fulham og Middlesbrough.
**22.00 Að leikslokum (e)**
**23.00 Ítölsku mörkin (e)**
**0.00 Man. City - Tottenham (frá 17. des)**
**2.00 Dagskrárlok**





| | | Verð kr. |
|---|---|---|
| 400W | HxB 31,4 x 85 cm | 5.990 |
| 500W | HxB 56,4 x 60 cm | 6.990 |
| 700W | HxB 56,4 x 78 cm | 7.990 |
| 1000W | HxB 56,4 x 100 cm | 8.990 |

| | | Verð kr. |
|---|---|---|
| 1000W | HxB 65 x 25 cm | 5.490 |
| 1500W | HxB 65 x 34 cm | 6.490 |
| 2000W | HxB 65 x 40 cm | 7.490 |

Rafha ehf.

Opið Virka daga 9-18 Laugardaga 10-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500 www.rafha.is

## Í KVÖLD

**Stöð 2 kl. 21.30**

### GREY'S ANATOMY



Spítalalífið á Grace-spítalanum í Seattle hefur fangað hug og hjörtu sjónvarpsáhorfenda um allan heim en Grey's Anatomy hefur undanfarnar vikur og mánuði verið allra vinsælasti þátturinn í bandarísku sjónvarpi og nýtur einnig vaxandi vinsælda hér á landi. Í þættinum í kvöld fer Alex, þessi óheflaði kvennabósi, enn og aftur að efast um starfið, systir Dereks kemur í heimsókn og George og Addison hjálpa sjúklingi sem gengur með tvíbura. Vandinn virðist vera sá að annar tvíburinn þroskast hægar en hinn, auk þess sem barnsfaðirinn á við vandamál að stríða í einkalífinu.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ ALLIR ELSKA RAYMOND Á SKJÁ EINUM KL. 19.00



Það elska allir Raymond. Skjár Einn endursýnir alla þættina frá byrjun mörgum sjónvarpsáhorfendum til mikillar gleði. Aðalhlutverkin er í höndum hins þaulreynda grínista Rays Romano og Patriciu Barone sem leikur Debru eiginkonu Rays. Brad Garrett leikur Robert, bróður Raymonds, Doris Roberts leikur móður hans og síðan er það pabbinn Peter Boyle sem lést núna nýlega. Framleiðslu þáttanna lauk á síðasta ári en þeir halda áfram að lifa góðu lífi á skjánum.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Næturluktin
**14.30** Miðdegistónar
**15.00** Fréttir
**15.03** Krossgötur
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Söngvamál
**21.00** Heimurinn okkar
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Úr tónlistarlífinu: Kammertónleikar á Kirkjubæjarklaustri 2006
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**19.25 FIFA World Club Championship 2005** (FIFA World Club Championship 2006) Útsending frá leik í Heimsmeistarakeppni félagsliða í knattspyrnu.

**21.30 Spænsku mörkin** Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrifin og umdeildu atvikin.

**22.00 Ensku mörkin** Hér er farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félaganna í deildinni eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrifum þeirra í hverri einustu umferð.

**22.30 Sterkasti maður í heimi 2005** (World's Strongest Man 2005) Keppnin um sterkasta mann heims er ávallt skemmtileg. Mótið fór fram í Kína í nóvember á síðasta ári. Íslendingar áttu fulltrúa á þessu móti en það var hinn nautsterki Boris Haraldsson.

▶**23.25 Heimsmótaröðin í Póker** (Foxwoods Poker Classic) Snjöllustu pókerspilarar heims koma saman á heimsmótaröðinni en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn. Póker á sér merka sögu en til eru ýmis afbrigði spilsins. Á seinni árum hefur póker átt miklum vinsældum að fagna víða um heim og kemur margt til og ekki síst veglegt verðlaunafé sem freistar margra. Á mótaröðinni er spilað eftir Texas hold'em fyrirkomulaginu sem er hvað skemmtilegast fyrir áhorfendur.

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

### DR 1

**11.40** Debatten **12.20** Udefra: Det politiske drivhus **13.20** Mysteriet om Danmark Ekspeditionen **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Hjerteflimmer **15.30** Boogie Update **16.00** Landulven og byulven **16.05** Yu-Gi-Oh! **16.30** Troldspejlet **17.00** Den hvide sten **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret 17.55 Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Genbrugsguld **19.00** Med Kløvedal på rejse langs Grønlands vestkyst **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Hun så et mord **22.25** Kongeligt bedrag **23.15** Viden om **23.45** Boogie Update

### NRK 1

**11.55** Tom og Jerry **12.00** Siste nytt **12.05** Schrödingers katt **12.30** Arbeidsliv **13.00** Siste nytt **13.05** Norge rundt **13.30** Åpen himmel: Gudstjeneste i Storsalen menighet i Oslo **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Den blåsandens hemmelighet **15.00** Siste nytt **15.03** Nådlanding **15.30** Ekspedisjon årken **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mînîid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Harry med båtta full av dinosaurer **17.10** Gubben og Katten **17.25** Vennene på Solflekken **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Puls **18.55** Faktor: Petter Northug - tåff i skallen **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Dok1: Et liv med hiv **21.30** Smith og Jones: godt og blandet **22.00** Kveldsnytt **22.10** Store Studio **22.50** Detektimen: Poirot: Kom til meg, död

### SVT 1

**11.05** Agenda **12.00** Sportspegeln **12.50** Gösta Berlings saga **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Garage - Älska film! **16.30** Krokodill **17.00** Små Einsteins **17.30** Zoé Kézako **17.45** Klister **18.00** Lilla sportspegeln **18.30** Rapport **19.00** Mästerverket **20.00** Plus **20.30** Kobra **21.00** Supernatural **21.45** Rapport **21.55** Kulturnyheterna **22.05** Bingo Royale **22.50** Humorlabbet **23.20** Sändning från SVT24





Jólagjöfin í ár







**I – Chair tónlistar og leikjastóllinn**

Frábær nýjung! Tengdu stólinn þinn við sjónvarpið, tölvuna, hljómflutningstækin, leikjatölvuna, XBoxið, PSPið, iPodinn eða MP3-spilarann og njóttu tónlistar-innar og leikjanna margfalt betur.

Í I – chair stólnum eru innbyggðir 2 hátalarar og 1 bassahátalari sem skila ótrúlegum hljómgæðum og þú upplifir uppáhalds tónlistina og leikina þína sem aldrei fyrr!!

Mikið úrval af hrúgöldum og baunapúðum frá Sit&Joy nýkomið á frábærum verðum!!

I - Chair verð kr. 29.299.-
Tilboðsverð kr. 24.900.-

Opið mán 10-18, þri-fös: 10-21, lau: 11-21 og sun: Lokað

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

**HRÓSIÐ ...**



*... fær Guðbjörn Magnússon sem hefur gefið blóð oftast allra Íslendinga, 150 sinnum.*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** umrót **6** rykkorn **8** svif **9** lúsaegg **11** hvort **12** óþekkur **14** deyða **16** samtök **17** niður **18** sarg **20** guð **21** pottréttur.
**LÓÐRÉTT**
**1** einn milljarðasti **3** í röð **4** stúlkur **5** kóf **7** ríðandi hermann **10** skír **13** prjónavarningur **15** megin **16** for **19** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** rask, **6** ar, **8** áta, **9** nit, **11** ef, **12** óþæll, **14** drepa, **16** aa, **17** suð, **18** urg, **20** ra, **21** ragú. **LÓÐRÉTT: 1** nanó, **3** aá, **4** stelpur, **5** kaf, **7** riddara, **10** tær, **13** les, **15** aðal, **16** aur, **19** gg.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Lottó
Upplýsingar í síma 580 2525
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 281, 283 og 284

Vinningstölur laugardaginn 16.12.2006

2 4 7 25 28

Tvöfaldur 1. vinningur næsta laugardag

Bónus tala 12

Jókertölur vikunnar
Jóker 9 8 3 6 6
1. vinningur gekk ekki út

VÍKINGA LOTTÓ Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 13.12.2006

Aðaltölur
3 6 18 24 31 43

Bónustölur 37 46
Ofurtala 40

Einfaldur 1. vinningur næsta miðvikudag

Jókertölur vikunnar
9 1 7 5 3
1. vinningur gekk ekki út

Birt með fyrirvara um prentvillur

# Kviðslitinn á kaldri slóð

„Þetta gerðist reyndar bara undir lokin á tökunum og kom því ekki að sök," segir Þröstur Leó Gunnarsson sem leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni Köld slóð en hann kviðslitnaði og tábrotnaði á síðustu tökudögunum. „Ég var látinn hanga eitthvað undir lokin og þá kom þetta í ljós," bætir hann við.

Köld slóð verður ein af jólamyndum þessa árs en hún verður frumsýnd 29. desember. Myndin skartar auk Þrastar þeim Elvu Ósk Ólafsdóttur, Anitu Briem og danska leikaranum Lars Bryggman í aðalhlutverkunum. Leikstjóri er Björn Brynjúlfur Björnsson.

Í myndinni segir frá hinum harðsvíraða blaðamanni Baldri sem heldur upp á hálendið til að rannsaka dularfullt látt næturvarðar í virkjun. Þröstur segist hafa haft það í huga að kynna sér störf blaðamanna fyrir hlutverkið en blaðið sem Baldur vinnur á í myndinni kallar ekki allt á ömmu sína. „Þetta er svona í líkingu við DV eins og það var undir lokin og ég komst í raun um að þetta er skítadjobb," segir Þröstur og hlær en hann komst aldrei í að tala við blaðamenn, gafst hreinlega ekki tími til þess. „Björn Brynjúlfur, leikstjóri myndarinnar, hefur einhverja reynslu af þessum bransa og hann ráðlagði mér eins langt og það náði," bætir Þröstur við.

Leikarinn viðurkennir að hann sé kominn með hnút í magann fyrir frumsýningardaginn og sé skíthræddur við hvernig þetta komi út. „Sjálfur hef ég ekki séð nema bara stutta búta úr myndinni og er því orðinn nokkuð spenntur," segir Þröstur.

-fgg



**BALDUR BLAÐAMAÐUR** Fer upp á hálendið til að rannsaka dularfullt andlát næturvarðar.



**ELVA ÓSK** Gat ekki verið með í Mýrinni en leikur aðalhlutverkið í Kaldri slóð.



**GÓÐIR VINIR** Rotturnar hennar Söru eru góðir vinir og alls ekki eins ógeðfelldar og flestir halda.

RSKRISTBJÖRG SARA THORARENSEN: Á FRÆGUSTU ROTTUR LANDSINS

# Rotturnar orðnar of skyldar

Fyrir ári síðan vakti Kristbjörg Sara Thorarensen mikla athygli þegar hún bauð Íslendingum upp á rottur sem gæludýr. Flestum er í nöp við þessi nagdýr og þykja þau hinn mesta plága en ekki stóð á viðbrögðum landans sem keypti rottur af Söru í gríð og erg. Nú er Sara hins vegar hætt allri ræktun. „Þær voru orðnar of skyldar," útskýrir hún en Kristbjörg Sara er sjálf með níu rottur sem búa í góðu yfirlæti á Dýralækningstofunni í Garðabæ þar sem hún vinnur.

Sara segir dýrin vera alveg hreint mögnuð í umgengni, þær minni á litla kettlinga og geri greinarmun á mannfólkinu, þær þekki meira að segja eigandann sinn. „Það er hægt að temja þær og kenna þeim ótrúlegustu kúnstir," segir Kristbjörg Sara sem viðurkennir að margir af vinum hennar hafi rekið upp stór augu þegar þeir sáu þessar rottur í fyrsta skipti. „Flestum finnst þær hins vegar geðfelldari en þeir bjuggust við," bætir Sara við og hlær. Sara segist alltaf hafa verið mikill dýravinur en hún stefnir til London næsta haust til að læra dýralækningar og býst við að kaupa sér rottur þar til að veita sér félagsskap. Aðspurð hvernig þessi mikli áhugi á þessum dýrum hefði komið til segir Sara að hún hafi séð tilraunarottur á Keldum og kolfallið fyrir þeim. „Ég ákvað þá að ég skyldi einhvern tíman eignast rottur," segir Sara.

Og rotturnar hennar Söru hafa farið víða því þær eru sennilega frægustu rottur á Íslandi og þó víðar væri leitað. Margir muna eftir því þegar Erlendur og samstarfsmenn hans gröfu upp Holberg í kvikmyndinni Mýrinni og rottur spruttu upp úr klóakinu. „Þetta eru einu rotturnar sem Baltasar hefur leikstýrt... líklega," segir Sara og hlær en hún var á tökustað í fjóra tíma með gæludýrin sín. „Flestir tóku þeim ákaflega vel nema Ólafía Hrönn, henni fannst þær eitthvað frekar ógeðslegar."

freyrgigja@frettabladid.is



**ÓLAFÍA HRÖNN** Lýsti því yfir í Kastljósinu að Baltasar hefði strítt henni með rotturnar við gerð kvikmyndarinnar Mýrin.



**OF SKYLDAR** Rotturnar sem Sara er með eru orðnar of skyldar og því neyddist hún til að hætta allri ræktun.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sjónvarpsmaðurinn **Logi Bergmann Eiðsson** fagnaði fertugsafmæli sínu á Nasa við Austurvöll á föstudagskvöldið. Logi Bergmann er vinamargur maður og sást það vel á Nasa, en staðurinn var þétt setinn. Gamlir samstarfsmenn hans af Ríkisútvarpinu og núverandi kollegar af Stöð 2 voru að sjálfsögðu áberandi meðal gesta, en haft var á orði að veislan væri eins og árshátíð fjölmiðlafólks.



Logi var harðákveðinn í því að veislan sín yrði öðruvísi en hefðbundin fertugsafmæli. Af þeim sökum voru veitingarnar með óvenjulegu móti. Starfsmaður Bæjarins bestu var með lítinn bás og gestum var boðið upp á dýrindis pulsur. Með pulsunum fengu gestir svo kók og lakkrísrör. Mæltist þetta afar vel fyrir meðal gesta. Þó nokkuð var um ræðuhöld í afmælinu og stigu til að mynda **Samúel Örn Erlingsson** og **Sigmundur Ernir Rúnarsson** á svið og heiðruðu félaga sinn. Þá hélt **Svanhildur Hólm Valsdóttir**, eiginkona Loga, einnig ræðu.



Tvö atriði vöktu þó mesta lukku meðal gesta. Annars vegar þegar fréttakonan **Lára Ómarsdóttir** steig á sviðið í fjarveru föður síns, **Ómars Ragnarssonar**. Lára skellti á sig gerviskalla og söng Til hamingju Ísland með nýjum texta eftir karl föður sinn. Hitt atriðið sem sló í gegn var þegar **Róbert Marshall** mætti til leiks með hljómsveit og söng Kæri Jón við mikinn fögnuð viðstaddra.



-hdm

# Sterk blanda styrkt um 37 milljónir

Kvikmyndaframleiðslufyrirtækið Zik Zak hefur fengið styrk upp á 400.000 evrur, tæpar 37 milljónir króna, vegna The Good Heart, næstu myndar leikstjórans Dags Kára.

Styrkurinn kemur frá Eurimages, sjóði sem Evrópuráðið hefur yfir að ráða til eflingar kvikmyndagerð í álfunni. Það er síður en svo nýlunda að íslenskt kvikmyndagerðarfólk sæki fé í evrópska sjóði en þessi styrkur þykir hins vegar hærri en gengur og gerist.

„Já, styrkurinn er í hærra lagi og ég held að við getum aðallega þakkað það styrkleika handritsins og Degi Kára sem leikstjóra," segir Þórir Snær Sigurjónsson hjá Zik Zak. „Þarna er sterk blanda á ferð."

Þórir Snær segir að líta megi á upphæðina sem ákveðinn gæðastimpil um leið og hún færi fyrirtækið nær því að geta hafið tökur myndarinnar. Annars held ég að þetta undirstriki hversu Dagur er orðinn sterkt og virt nafn sem leikstjóri í Evrópu."

Gert er ráð fyrir að tökur á The Good Heart fari fram á Íslandi og í Bandaríkjunum þar sem myndin mun eiga sér stað. Tónlistarmaðurinn og leikarinn Tom Waits og ungstirnið Ryan Gosling hafa verið ráðnir í aðalhlutverkin í myndinni sem er fyrsta mynd Dags á ensku sem hefur áður gert Nóa albínóa á íslensku og Voksne mennesker á dönsku.

-þþ



**ÞÓRIR SNÆR SIGURJÓNSSON** Hefur fengið styrk upp á 37 milljónir fyrir næstu mynd sína.


BT
MEDION V12 RAZOR
með 22" skjá
22"
WIDE
SCREEN
VAXTALAUST
1.GREIÐSLA 1.MARS
MEDION
6249IS
MEDION V12 CORE2 RAZOR
Intel® Core 2 Duo E6300
nVidia GeForce 7600GS -256 MB
- DVI-I/D-SUB/HD TV-out/incl. HDTV
- composite cable / passive heat sink - w/ HDCP
500 GB 7200 rpm SATA 8MB Cache (2x250GB)
2048 MB DDR2-RAM PC4300 (533MHz)
LightScribe DVD Skrifari Dual Layer
LAN 10/100 Mbit
IEEE1394/Firewire - DV Ready
Sjónvarpskort og Fjarstýring
Medion Media Bay
Lyklaborð og Mús
Designed for Windows® XP
Windows Vista™ Capable
Ókeypis uppfærsla af Windows Vista stýrikerfinu fylgir!
- Væntanlegt í Febrúar 2007
FYLGIR
Prentar-skannar-ljósritar
FYLGIR
14.999
5.843**
Core 2 Duo -Fyrir kraftinn
500GB harður diskur -Fyrir gögnin
GeForce 7600 GS -Fyrir leikina
2GB minni -Fyrir vinnsluna
Sjónvarpskort -Og fjarstýring
DV Ready -Fyrir tökuvélina
5.843
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.
15.799
Vaxtalaust 12 mán.
189.588
Staðgreitt
CANON EOS 400D OG CANON PRENTARI
-NÚ MEÐ TVEIMUR LINSUM OG BATTERÍGRIPI
Canon
Hin geysivinsæla Canon EOS 400D
Arftaki vinsælustu SLR myndavélar í heiminum er komin í BT
Í pakkanum:
1GB minniskort
18-55mm Canon linsa
55-200mm Canon linsa
Lóðrétt grip (batterígrip)
og ótrúlega fjölhæfur prentari fra Canon
Prentar-skannar-ljósritar
FYLGIR
21.988
-Canon Pixma 160
prentar-skannar-ljósritar
-1GB minniskort
10 Megapixlar
Rykvörn á myndflögu
Stærri skjár og betra viðmót
12.999*
12.999
Vaxtalaust 12 mán.
155.988
Staðgreitt

FRÉTTABLAÐIÐ
**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR
ÞRÁINS BERTELSSONAR

# Öldungur á veiðum

Miðað við mannsævi eða aldur stjórnmálaflokka teljast 90 ár fremur langur tími. Á Íslandi eru aðeins 11,7% landsmanna 65 ára eða eldri; 21,7% eru á aldrinum 0-14 ára og 66,5% eru 15-64 ára. Hérlendis eru ævilíkur við fæðingu að meðaltali 80,31 ár – karla 78,23 ár og kvenna 82,48 ár.

**TÖLFRÆÐILEGAR** samantektir um aldur stjórnmálaflokka eru af skornum skammti. Breski íhaldsflokkurinn hreykir sér af því að vera elsti stjórnmálaflokkur í veröldinni. Upphaf hans má rekja aftur til sautjándu aldar þegar íhaldssamir aðilar sem höfðu ótrú á nýmóðins þingræði fylktu sér saman og studdu sterkt konungsvald. Elsti stjórnmálaflokkur í Asíu heitir Kuomintang á Tævan og er hægrisinnaður miðflokkur. Hann var stofnaður árið 1912.

**AF** ÞESSUM DÆMUM væri þó óvarlegt að draga þá ályktun að lífslíkur hægriflokka séu meiri en þeirra sem hallast til vinstri. Taka verður með í reikninginn þá staðreynd að miðað við langa þrautagöngu mannkynsins í veröldinni telst sú hugmynd vera nokkurn veginn glæný að sauðsvartur almúgi eigi að skipta sér af stjórnmálum.

**HVAÐ** sem því líður bera menn og flokkar aldurinn misvel. Fræg er sagan af því þegar níræður öldungur mætti í læknisskoðun og læknirinn spurði hann hvernig hann hefði það. „Ég hef aldrei verið sperrtari," sagði sá gamli. „Konan mín er 18 ára og kasólétt. Hvað segirðu um þá frammistöðu?" Læknirinn hugsaði sig um og sagði svo: „Leyfðu mér að segja þér sögu. Ég þekkti mann sem var með veiðidellu. Einn daginn lá honum svo mikið á að hann greip með sér regnhlíf í staðinn fyrir haglabyssu. Hann fer út í skóg og áður en varir stendur hann augliti til auglitis við stóran skógarbjörn. Veiðimaðurinn lyftir regnhlífinni, miðar á björninn og tekur í handfangið. Og viti menn: Björninn fellur til jarðar steindauður!"

**ÖLDUNGURINN** var vantrúaður. „Það hlýtur einhver annar að hafa skotið björninn," sagði hann. „Tja," sagði læknirinn. „Það var nú eiginlega það sem ég vildi sagt hafa."

MARKAÐURINN


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

